„En þar sem hann er anarkisti væri samt þversögn í sjálfu sér að hann væri þingmaður og ég sé Jón ekki í anda starfa sem flokkspólitískur þingmaður.“

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR OG JÓN GNARR SETJAST Á RÖKSTÓLA

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. maí 2007 — 135. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Næsti tengdasonur Íslands?

Josh Groban naut mikillar kvenhylli á Íslandi.

FÓLK 66

Söng á eftir Tinu Turner

Regína Ósk segir rokkömmuna hafa verið stórkostlega á Baugsdeginum.

FÓLK 66

Glans, glamúr og gleði

Kvikmyndahátíðin í Cannes stendur nú yfir á frönsku Rivíerunni og þar er fulltrúi Fréttablaðsins.

ÚTTEKT 40-42

Áfram í Stjörnunni

Roland Valur Eradze verður áfram í Stjörnunni og mun leika með liðinu á næstu leiktíð.

ÍÞRÓTTIR 58

VEÐRIÐ Í DAG



BJART SYÐRA - Í dag verða norðan 5-13 m/s, hvassast austan Vatnajökuls. Bjart að mestu syðra annars rigning eða skúrir en slydduél á Vestfjörðum. Hiti 1-13 stig, svalast á norðanverðum Vestfjörðum en hlýjast syðra.

VEÐUR 4

STJÓRNARMYNDUN Að loknum fyrsta stjórnarmyndunarfundi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar ræddu þau Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir við fjölmiðla. Með þeim á fundinum voru Össur Skarphéðinsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

Áhersla á einfaldan málefnasamning

Líkur eru á niðurstöðu í stjórnarmyndunarviðræðum á næstunni. Formaður Framsóknar talar um trúnaðarbrest og kallar verðandi stjórn Baugsstjórnina.

STJÓRNMÁL Góður andi er í stjórnarmyndunarviðræðum formanna Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og líkur á því að niðurstaða náist á næstunni, að mati Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggja flokkarnir áherslu á að klára einfaldan málefnasamning á næstu dögum, en reikna með að unnið verði áfram fram á sumar við eiginlegan málefnasamning ríkisstjórnarinnar.

Formennirnir funduðu í Ráðherrabústaðnum í Tjarnargötu seinnipart dags í gær. „Okkur miðaði vel áfram, það er góður andi í þessum viðræðum og við höfum farið yfir nokkur mál. Við teljum að það séu góðar líkur til þess að við náum niðurstöðu innan ekki allt of langs tíma,“ sagði Ingibjörg Sólrún eftir fundinn. Hún sagði ómögulegt að segja til um hvort ríkisstjórn yrði mynduð um helgina, enda engin ástæða til að rasa um ráð fram.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði eftir fundinn að þar hefði verið byrjað á að fara yfir málefnin, en ekki væri enn komið að því að útdeila ráðuneytum. „Þetta er allt á byrjunarstigi, en það er góður andi í málinu.“

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði í pistli á vef flokksins í gær að ekki færi á milli mála að trúnaðarbrestur hefði orðið milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar væri óskabarn „eins stærsta auðfélags landsins“, og ef hún kæmist á koppinn yrði hún trúlega kennd við foreldri sitt og nefnd Baugsstjórnin.

Geir sagði þessi ummæli Jóns afskaplega óviðeigandi, og ólíkt Jóni að tala á þennan hátt. „Ég vil ekki munnhöggvast við mína samstarfsmenn í ríkisstjórnini, sem eru þar enn, og legg bara áherslu á okkar góða starf í gegnum tíðina.“

Hann sagði alla þekkja það ferli sem hefst eftir kosningar. „Þó að menn séu í viðræðum eru menn ekki bundnir, og það er ekki bannað að spjalla saman í því ferli. [...] Ég hef átt mjög mörg samtöl við mjög marga stjórnmálamenn eftir kosningarnar.“ - bj

Boðar karla í áheyrnarpróf:

Ætlar að stofna strákakvartett

EINAR BÁRÐARSON

TÓNLIST „Það eina sem ég get sagt á þessu stigi er að þetta er ekki „boy-band“. Ef kalla má þetta eitthvað er þetta strákakvartett eða sönghópur,“ segir Einar Bárðarson umboðsmaður.

Um mánaðamótin næstu hyggst Einar efna til áheyrnarprófs. Hann er á höttunum eftir karlkyns söngvurum á aldrinum 18 til 35 ára. Hópinn hyggst hann láta syngja inn á plötu sem ráðgert er að komi út í haust og verður efni hennar einhvers konar blanda af klassískri, trúarlegri og dægurtónlist. Fyrir þremur árum boðaði Einar til áheyrnarprófs og mættu þá tugir ungra söngkvenna til leiks og afraksturinn varð Nylonflokkurinn frægi. - jbg / sjá síðu 66

Tölvuleikjapersóna í vanda:

Lögregla handtók Löru Croft

BRETLAND Vopnaðir lögreglumenn í Manchester á Bretlandi brutu sér leið inn á heimili eiganda tölvuverslunar nýverið og gripu Löru Croft, aðalsögupersónuna í tölvuleikjum og kvikmyndum, vopnaða og tilbúna í átök.

BBC segir frá því að lögreglan hafi verið kölluð að íbúðinni þar sem eigandinn hafði orðið fyrir ítrekuðum símahrekkjum. Þegar hún knúði dyra svaraði enginn, og þegar lögreglumenn litu inn um glugga sáu þeir móta fyrir manneskju með byssu.

Lögreglumennirnir gripu síður en svo í tómt, en í stað vopnaðrar manneskju fundu þeir brúðu í líki Löru Croft í fullri stærð. Þrátt fyrir að vopn hennar hafi ekki reynst hættuleg var húsráðandi handtekinn og hafður í haldi í 13 klukkustundir, og hald lagt á Löru Croft. Húsráðandinn íhugar nú að leita réttar síns vegna ólögmætrar handtöku. - bj

Þýsk sendinefnd ræðir möguleika á efldu varnarmálasamstarfi við Íslendinga:

Vilja taka þátt í æfingum

VARNARMÁL Sendinefnd háttsettra embættismanna úr ráðuneytum utanríkis- og varnarmála í Þýskalandi átti í gær könnunarviðræður við fulltrúa íslenskra stjórnvalda um möguleika á efldu samstarfi landanna á sviði öryggis- og varnarmála. Sendinefndarmenn skoðuðu aðstæður á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Einn nefndarmanna, fulltrúi úr þýska varnarmálaráðuneytinu, tjáði Fréttablaðinu að þýsk hermálayfirvöld teldu að þótt friðvænlegt væri á Norður-Atlantshafssvæðinu væri það hernaðarlega mikilvægt, vegna olíu- og gasauðlinda í Norðurhöfum og hernaðarumsvifa Rússa. Þess vegna væru þýsk yfirvöld áhugasöm um að liðsmenn þýska hersins hlytu þjálfun í að taka þátt í aðgerðum á svæðinu.

Nú þegar ætti þýski herinn gott samstarf við þann norska og að mati nefndarmannsins lægi nú beint við, eftir að Norðmenn og Íslendingar sömdu um eflt varnarmálasamstarf, að Þjóðverjar víkkuðu varnarmálasamstarf sitt við Norðmenn út til Íslands, að því gefnu að Íslendingar sýndu því einnig áhuga. Keflavíkurflugvöllur byði upp á góða æfingaaðstöðu. Til að byrja með myndi þó sennilega sjóherinn verða virkastur í slíku samstarfi við Íslendinga; þýsk herskip gætu til dæmis valið að leggja í auknum mæli leið sína um íslenska lögsögu á leið vestur um haf. - aa



SPURNING DAGSINS

Hrafn, varstu að skoða óðal feðranna?

„Ja, þetta var eiginlega óðal forfeðranna."

Hrafn Gunnlaugsson leikstjóri brá sér í reisu til Ítalíu og Þýskalands og vitjaði heimaslóða ömmu sinnar, Ellenar Sveinsson. Fyrsta kvikmynd Hrafns í fullri lengd hét Óðal feðranna.

Kambur á Flateyri sagði upp 120 manns en bæjarstjórinn horfir til framtíðar:

Uppgjöf er ekki í orðabókinni

ATVINNUMÁL „Við þurfum að setja upp kerfi fyrir þetta fólk til að greiða því allar leiðir sem hægt er varðandi aðra atvinnu," segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar. Um 120 manns var sagt upp störfum hjá Kambi á Flateyri í gær. Um er að ræða sjómenn á fimm bátum og starfsfólk í landvinnslunni.

Ástæða uppsagnanna er sögð vera slakt rekstrarumhverfi auk sterkrar stöðu krónunnar og hás vaxtakostnaðar. Fyrirtækið hafi að þessum orsökum safnað miklum skuldum á undanförnum árum.

Kambur á um 3.000 tonn af aflaheimildum en hefur leigt til sín kvóta og unnið átta til níu þúsund tonn á ári.

FLATEYRI Óvissa er mikil á Flateyri eftir að Kambur sagði upp starfsfólki á sjó og á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Við erum sem betur fer með öfluga útgerðarmenn á okkar svæði og þeir eru að skoða hvað af þessum aflaheimildum þeir geta keypt. Vonandi ná þeir einhverju til sín," segir Halldór.

Að sögn bæjarstjórans er atvinnuástandið á norðanverðum Vestfjörðum nokkuð tvískipt. Á meðan erfiðleikar séu í fiskvinnslu vanti fólk í ýmis önnur störf. Eins sé von á 80 nýjum störfum á svæðið eftir tillögum Vestfjarðanefndarinnar. „Hluti af þessu fólki getur kannski snúið sér að slíku. Tímabundnar afleiðingar af þessu eru alveg skelfilegar en til langs tíma eigum við að geta náð okkur út úr þessu. Uppgjöf er ekki í orðabókinni."

- gar

Synjað vegna reglugerðar:

Nýsjálensk lömb flutt inn á ný

LANDBÚNAÐUR Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, segir ekkert því til fyrirstöðu að fyrirtækið geti flutt inn nýsjálenskt lambakjöt. Landbúnaðarráðuneytið synjaði beiðni Aðfanga um að flytja inn sýnishorn af kjöti á dögunum. „Umsókninni var hafnað á þeirri forsendu að ráðuneytið fékk ekki öll gögn áður en varan var send af stað," segir Lárus. „Við höfum pantað aðra sendingu og sendum inn umsókn eftir helgi. Við uppfyllum öll skilyrði, það er ekki hægt að neita okkur um þetta," segir Lárus Óskarsson.

- sþs

Hótel Saga og klámráðstefna:

Líkur á að sátt náist um bætur

SKAÐABÆTUR „Mér sýnist nú líklegra en ekki að sátt náist um þetta," segir Oddgeir Einarsson, lögmaður þeirra sem stóðu að baki klámráðstefnu sem úthýst var af Hótel Sögu í mars.

Oddgeir krafði hótelið um bætur fyrir hönd hópsins og segir samninga í smíðum. „Þau eru að kasta á milli hugmyndum og stefnan er að halda þessu utan dómstóla. Ég held þetta verði alveg klárað á endanum," segir hann. Viðræður mjakist áfram.

Lögmaðurinn vill ekki tjá sig um upphæðina sem krafist er, en hún mun byggð á verði flugmiða fyrir hátt á fimmta tug manna, launagreiðslum og fleira.

- kóþ

Femínistafélag Íslands:

Jafnrétti einkenni sáttmála

JAFNRÉTTISMÁL Femínistafélag Íslands hefur sent frá sér áskorun í tilefni af stjórnarmyndunarviðræðum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem hefjast í dag.

Í yfirlýsingu félagsins segir að samþykkja þurfi ný lög um jafnan rétt og stöðu karla og kvenna, sporna gegn klámvæðingu, kynbundnu ofbeldi og vændi. Stórefla þurfi Jafnréttisstofu og útrýma kynbundnum launamun. Skorað er á nýja ríkisstjórn að sýna jafnrétti í verki með því að hafa jöfn kynjahlutföll í ráðherraliði.

- shá

LANDHELGISGÆSLAN

Sóttu slasaðan sjómann

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti slasaðan sjómann um borð í rússneskan togara á Reykjaneshrygg aðfaranótt föstudags. Maðurinn hafði hlotið áverka á auga og var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík.

VETTVANGUR SLYSSINS Einar E. Sigurðsson varð fyrir árás fimm ungra manna eftir að bílar þeirra skullu saman á gatnamótum Strandvegar og Hallsvegar í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Börðu slasaðan mann, vitni og lögreglumenn

Fimm menn voru handteknir í fyrrakvöld eftir að þeir réðust á mann sem var í bíl sem þeir óku á, vitni að slysinu og lögreglumenn. Fórnarlambið, Einar E. Sigurðsson, segir að sér þyki verst að hjálpsamir vegfarendur hafi ekki verið öruggir.

LÖGREGLUMÁL „Ég var vankaður eftir árekstrinn. Fyrst reyndi ég að biðja þá um að hætta en þeir skildu ekki neitt, þá bað ég þann sem mest hafði sig í frammi um að róa sig á ensku en ekkert þýddi," segir Einar E. Sigurðsson, útgerðarmaður frá Raufarhöfn, sem varð fyrir árás fimm manna um tvítugt eftir að bílar þeirra rákust saman í Grafarvogi í fyrrakvöld.

Einar segist hafa verið á leið yfir gatnamót Strandvegar og Hallsvegar á grænu ljósi þegar bifreið fimmmenninganna ók á bíl hans. Honum hafi skiljanlega brugðið þó nokkuð við viðbrögð mannanna en sárast þyki sér að þeir hafi ráðist að vegfarendum sem urðu vitni að slysinu. „Það er brýnt að veita fólki sem lendir í slysi aðstoð en það er skiljanlegt að fólk verði óttaslegið þegar það getur átt von á að lenda í svona," segir Einar. Hann segir fólkið sem ætlaði að koma honum til aðstoðar hafa þurft að flýja af vettvangi en það hafi kallað til hjálp og komið aftur þegar um hægðist.

Lögreglumennirnir sem komu til að skakka leikinn urðu svo einnig fyrir barðinu á ungu mönnunum og þurfti að kalla út liðsauka vegna þeirra. Margeir Sveinsson, lögreglufulltrúi umferðardeildar, segir mennina hafa verið ölvaða en ekkert bendi til þess að þeir hafi verið undir áhrifum annarra vímugjafa. Hann segir áverkana sem hlutust af barsmíðum mannanna sem betur fer hafa verið minniháttar.

„Það er því miður nokkuð um að menn missi stjórn á sér þegar svona kemur upp," segir Margeir. Hann segir rannsóknina langt á veg komna og fimmmenningunum var sleppt úr haldi seinni hluta dags í gær. Þeir hafi engar skýringar getað gefið á hegðun sinni. „Það var bara gott að engin alvarlega slys urðu á fólki, hvorki í árekstrinum né í slagsmálunum," segir Margeir.

„Ég er ekki mikið meiddur, bara tognaður og snúinn eftir þetta. Það sem situr kannski mest í mér er að svona nokkuð geti gerst. Svona hegðar fólk á Raufarhöfn sér ekki," segir Einar, bæði í gríni og alvöru. Hann segist fegnastur verða þegar hann kemst aftur heim og segist vona að viðlíka atburðir endurtaki sig ekki.

karen@frettabladid.is

JÓN SIGURÐSSON Segir menn ekki þurfa að hafa áhyggjur af framtíð sinni.

Framtíð Jóns Sigurðssonar:

Fundur í miðstjórn bráðlega

STJÓRNMÁL Framtíð Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins, gæti ráðist á vorfundi miðstjórnar flokksins. Fundurinn hefur ekki verið boðaður, en Jón sagði í gær að það færi að styttast í hann.

Framtíð Jóns er óviss þar sem hann náði ekki kjöri á þing, og þar sem útlit er fyrir að hann verði ekki ráðherra hefur hann enga aðkomu að Alþingi.

„Menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af minni framtíð, því ég mun sjá um hana eins og mína fortíð," sagði Jón í gær. Spurður hvort hann hefði tekið einhverja ákvörðun um framhaldið sagði hann: „Ég mun skýra framsóknarmönnum frá því fyrst, og aðrir verða að frétta það frá framsóknarmönnum."

- bj

REYKJAVÍKURBORG

Gamlir staurar fegri miðbæ

Framkvæmdaráð Reykjavíkur hefur ákveðið að láta skoða kostnað við það að setja upp að nýju gamla ljósastaura til að fegra miðborgina.

Hjálparsveitir fá 18 milljónir

Fjórar björgunarsveitir í Reykjavík munu saman fá átján milljónir króna í styrk úr borgarsjóði næstu þrjú árin samkvæmt nýjum samningi við borgina. Í samningnum felst að sveitirnar sæki ekki um frekari fjárstyrki frá borginni á þessu tímabili.

BÍLL DAGSINS

SAAB 9-5 2.0 WAGON

Nýskr. 05.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 139 þús. km.

Ingvar Helgason | **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Leiðtogafundur Rússlands og Evrópusambandsins í Samara í Rússlandi:

Engu nær lausn á ágreiningnum

RÚSSLAND, AP Leiðtogar Rússlands og Evrópusambandsins deildu um ástand mannréttindamála í Rússlandi undir lok fundar þeirra í Samara í Rússlandi í gær. Enginn áþreifanlegur árangur náðist á fundinum og hann sýndi glögglega sídýpkandi ágreining milli Rússlands og Vesturlanda.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands sem nú gegnir formennskunni í ESB, kvartaði yfir því að mótmælendum úr röðum stjórnarandstöðunnar í Rússlandi var meinað að ferðast á fundarstaðinn. Þeirra á meðal var Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák sem nú er í forystu fyrir gagnrýnendum stjórnar Vladimírs Pútín forseta.

„Ég hef áhyggjur af því að sumt fólk á í erfiðleikum með að ferðast milli staða hérna," tjáði Merkel fréttamönnum. „Ég vona að því verði gefið tækifæri til að tjá skoðun sína."

MERKEL OG PÚTÍN Leiðtogarnir háðu snerru um mannréttindamál á blaðamannafundi í lok fundar þeirra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagði við þetta tækifæri að lýðræði og réttarríki væru „Evrópusambandinu helg gildi".

- aa

Fíton/SÍA

Finndu réttu gjöfina

Sumarið er mikill gjafatími, útskriftir, fermingar og brúðkaup. Hjá okkur finnur þú góðar og fallegar gjafir sem henta öllum tilefnum, auk þess sem gjafakort Kringlunnar er gjöf sem hittir alltaf í mark. Njóttu þess að gefa gjöf sem gleður.

Opið 10–18 í dag

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00–18.30	10.00–21.00	10.00–19.00	10.00–18.00	13.00–17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

GENGIÐ 18.05.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,96	63,26
Sterlingspund	124,15	124,75
Evra	84,81	85,29
Dönsk króna	11,378	11,444
Norsk króna	10,373	10,435
Sænsk króna	9,196	9,250
Japanskt jen	0,5199	0,5229
SDR	95,31	95,87

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 115,105

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bogi Nilsson ríkissaksóknari lætur af störfum 1. janúar 2008 í stað 1. júlí 2007:

Starfið verður auglýst að nýju

STJÓRNSÝSLA Starfssamningur við Boga Nilsson ríkissaksóknara hefur verið framlengdur fram að áramótum. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tilkynnti umsækjendum um þetta í gær. Starfið verður auglýst að nýju laust til umsóknar síðar á árinu.

Bogi ætlaði sér að hætta störfum 1. júlí og var staðan auglýst laus til umsóknar eftir að Bogi tilkynnti um áform sín. Fimm sóttu um stöðuna í upphafi, hæstaréttarlögmennirnir Egill Stephensen, Jón H.B. Snorrason, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Sigríður Friðjónsdóttir og Brynjar Níelsson. Jóhannes Rúnar dró umsókn sína

BOGI NILSSON

BJÖRN BJARNASON

til baka eftir að starfsviðtöl höfðu farið fram.

Í viðtali við Fréttablaðið sagðist hann líta svo á að stöðunni hefði þegar verið ráðstafað, en Björn sjálfur þyrfti að svara því hvort það væri til Jóns H.B. Snorrasonar saksóknara hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Jón var áður yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Björn neitaði því alfarið að búið væri að ráðstafa stöðunni og sagði mikilvægt að „vanda til verksins“.

Skýrt var tekið fram að allir umsækjendurnir hefðu verið hæfir til þess að gegna embættinu en á grundvelli samkomulags milli Björns og Boga hefði verið ákveðið að Bogi hætti störfum 1. janúar 2008 og starfið auglýst að nýju seinna á árinu. - mh

Ungur síbrotamaður í varðhald:

Klámunnandi í gæsluvarðhald

DÓMSMÁL Átján ára piltur hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 12. júní vegna ítrekaðra afbrota. Maðurinn reyndi að ræna verslun með andlit hulið nælonsokki í október, en stökk á flótta þegar afgreiðslukonan neitaði og sagðist þekkja hann í gegnum sokkinn.

Í janúar stóð lögreglan hann að því að reyna að brjóta upp hraðbanka með kúbeini, og hann braust inn á tannlæknastofu og stal þaðan ýmsu. Þá braust hann inn á verkstæði og heimili í grenndinni skömmu síðar. Þá braust hann í tvígang inn í búð sem selur hjálpartæki ástarlífsins um síðustu helgi. Hann á sakaferil að baki. - sh

Fíkniefnamál í höfuðborginni:

Þrír handteknir við húsleit

LÖGREGLUMÁL Karlmaður og tvær konur voru handtekin við húsleit í miðborginni á miðvikudagskvöld. Nokkuð af fíkniefnum fannst á staðnum en einnig fjármunir sem taldir eru tengjast fíkniefnasölu.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, segir að efnið sé að öllum líkindum hass og amfetamín. Það var líkast til ekki ætlað til dreifingar. Fólkinu hefur verið sleppt og málið telst upplýst. - þo

BJÖRGUNARSVEITARMENN Landsþingið laðar til sín björgunarsveitarmenn úr öllum landshlutum.

Landsþing Landsbjargar:

Keppt í björgunarleikum

SLYSAVARNIR Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar hófst í gær og heldur áfram í dag. Um 500 manns hvaðanæva af landinu sækja þingið sem að þessu sinni er haldið í Reykjanesbæ. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ávarpaði þingið í gær.

Í dag keppa björgunarsveitir í björgunarleikum sem fram fara víðs vegar um Reykjanesbæ og almenningi gefst kostur á að reyna sig í ýmsum þrautum. Þá verður sýning á búnaði björgunarsveitanna við Duushús í Keflavík. - þo

Frakkar fá straumlínulagaða jafnréttisstjórn

Með vali á ráðherraefnum úr fleiri flokkum en sínum eigin og með því að fela konum sjö af fimmtán ráðherraembættum reynir Nicolas Sarkozy, hinn nýi forseti Frakklands, að sýna að sér sé umhugað um sættir milli pólitískra fylkinga.

FRAKKLAND, AP Nicolas Sarkozy, nýr forseti Frakklands, skipaði í gær nýja ríkisstjórn landsins. Hann efndi fyrirheit sitt um að fækka ráðherrum um helming, úr þrjátíu í fimmtán, og að fela konum jafnmikla ábyrgð og körlum. Hann sótti ráðherraefni einnig út fyrir raðir eigin flokks.

Hinn hægrisinnaði Sarkozy gerði Bernard Kouchner, vinsælan sósíalista, að utanríkisráðherra. Að Kouchner skyldi hafa þegið boðið er áfall fyrir Sósíalistaflokkinn nú í aðdraganda þingkosninganna sem fara fram 10. og 17. júní. Talsmenn flokksins lýstu því strax yfir að þeir litu nú svo á að Kouchner væri ekki lengur í flokknum.

Athygli vekur einnig að Alain Juppé, sem um skeið var forsætisráðherra í forsetatíð Jacques Chirac, er nú aftur sestur í ríkisstjórn, í þetta sinn sem umhverfisráðherra. Það þykir sæta tíðindum ekki síst í ljósi þess að hann var árið 2004 dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir aðild að pólitísku fjármálahneyksli.

Kona af norður-afrískum uppruna, Rachida Dati, tekur við dómsmálaráðuneytinu og Sarkozy fékk náinn samherja, Brice Hortefeux, til að fara fyrir nýju og umdeildu ráðuneyti innflytjenda- og þjóðernismála.

Sarkozy, sem er stjórnmálamaður sem skoðanir fólks eru mjög skiptar um, hefur frá því hann sigraði sósíalistann Ségolène Royal í úrslitaumferð forsetakosninganna 6. maí reynt að sýna sig sem landsföður sem leggi sig

NÝ STJÓRN François Fillon forsætisráðherra fremst t.v., Nicolas Sarkozy forseti og fleiri ráðherrar nýju stjórnarinnar eftir fyrsta fund hennar í París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fram við að sameina andstæðar fylkingar. Val hans á François Fillon, hófsömum íhaldsmanni, til þess að fara fyrir nýju stjórninni, er álitið liður í þessari viðleitni hans.

Að sjö af fimmtán ráðherrum skuli vera konur er tvímælalaust nýr áfangi að jafnrétti í Frakklandi, þar sem konur fengu fyrst kosningarétt árið 1944. Enn þann dag í dag eru aðeins 14 prósent þingmanna á franska þinginu konur.

Michele Alliot-Marie, fyrrverandi varnarmálaráðherra, mun sem nýr innanríkisráðherra stýra aðgerðum Frakka í hryðjuverkavörnum. Sarkozy gegndi því embætti í fjögur af síðastliðnum fimm árum.

Jean-Louis Borloo, vinsæll fyrrverandi atvinnumálaráðherra, er nýr ráðherra efnahags- og fjármála. Hervé Morin úr miðjuflokknum UDF tekur við varnarmálaráðuneytinu.

audunn@frettabladid.is

MIKILL ELDUR Um fjörutíu slökkviliðsmenn unnu að því að slökkva bálið á athafnasvæði Hringrásar. MYND/HELGI HRAFN

Stórbruni á Akureyri:

Slökkvistarf tók hálfan sólarhring

ELDSVOÐI Slökkviliðsmenn á Akureyri stóðu vaktina á svæði Hringrásar fram undir morgun í gær.

„Slökkvistarfi lauk formlega klukkan þrjú eða tólf tímum eftir að tilkynnt var um eldinn,“ segir Þorbjörn Haraldsson slökkviliðsstjóri á Akureyri. Þegar eldurinn var kulnaður var unnið að því að tæta í sundur hjólbarðahauginn og kæla hann niður. Slökkviliðsmenn héldu heim klukkan tíu um morguninn.

Þorbjörn segir að slökkvistarfið hafi gengið vel og það hafi verið mildi að vindátt var ekki önnur. „Ef reykinn hefði lagt yfir bæinn hefði þurft að rýma hús en til allrar hamingju sluppum við við það,“ segir Þorbjörn. - þo

LÖGREGLUFRÉTTIR

Festu sig í snjóskafli á heiði

Lögreglumenn frá Hólmavík héldu upp á Steingrímsfjarðarheiði aðfaranótt föstudags til að leita að ungu pari sem ekki hafði skilað sér heim til Hólmavíkur. Í ljós kom að parið sat fast í bíl sínum í snjóskafli. Ekkert amaði að þeim og voru þau flutt til Hólmavíkur.

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD

METNAÐARFULLT, FRAMSÆKIÐ OG HAGNÝTT NÁM

6 námsleiðir

- BA í hagfræði
- BS í hagfræði
- BS í fjármálum
- BS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- BS í reikningshaldi
- BS í stjórnun og forystu

Umsóknarfestur er til 5. júní.
Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.

Styrktu stöðu þína og sæktu um. Rafræn skráning og upplýsingar um námið eru á vef viðskipta- og hagfræðideildar, www.vidskipti.hi.is.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

FJÖLBREYTT HELGI

Í dag eru það norðlægu áttirnar sem ríkja en á morgun þær suðlægu. Í dag er því að vænta bjartviðris syðra annars skýjað. Úrkoma verður viðloðandi um norðan- og austan vert landið. Eftir hádegi á morgun fer að rigna sunnan og vestan til en smám saman rofar til norðaustanlands þó þó það taki nú að líkindum eitthvað fram á daginn.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Norðan 5-8 m/s. Hálfskýjað eða léttskýjað. Hiti 5-10 stig.

um hádegi »



» á morgun



5-10 m/s

» mánudagur



5-10 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	17°C léttskýjað	London	14°C léttskýjað	Alicante	26°C léttskýjað
Billund	16°C skúrir	París	20°C skúrir	Mallorca	23°C hálfskýjað
Ósló	14°C skúrir	Frankfurt	22°C léttskýjað	Basel	26°C hálfskýjað
Stokkhólmur	15°C léttskýjað	Friedrichshafen	24°C léttskýjað	Eindoven	21°C hálfskýjað
Gautaborg	13°C skúrir	Berlín	24°C skúrir	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Stjúpur 10 stk 499

Jarðaberjaplöntur 3 stk 999

Gullregn 1490

Stjúpur í *sérflokki*

Útipottar 1990, 1290 og 890

Mold 50 ltr 799

Snædrífa 3 litir verð frá 649

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

KOSNINGAR 2007 STJÓRNARMYNDUNARVIÐRÆÐUR

Tillaga
til forseta Íslands
um
að veita umboð til
ráðuneyti lausn

Í alþingiskosningum, er fóru fram 12. maí síðastliðinn, hélduþingmenn stjórnarflokkanna meirihluta sínum á Alþingi með minnstu mögulegu þingstyrk. Eg tel mikilvægt að núverandi ríkisstjórn hún verði áfram án öflugri þingstyrk og því sé rétt að myndað verði ríkisstjórn á breiðu grundvelli.

Með skírskotun til framanritaðs leyfi ég mér að leggja til, að yður, herra forseti, megni þóknast

lausn.

Í forsætisráðuneytinu,
18. maí 2007.

Allravirðingarfyllst.

LAUSNARBRÉF Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, skrifaði í gær undir tillögu Geirs H. Haarde forsætisráðherra um lausn fyrir sig og ráðuneyti sitt með orðunum „fellst á tillöguna“. Geir skrifaði sjálfur undir bréfið, sem og Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, en undirskrift hans sést ekki á myndinni.

KOMIÐ TIL BESSASTAÐA Geir H. Haarde gekk á fund forseta klukkan ellefu í gær og hélt til baka með stjórnarmyndunarumboð tæpri klukkustundu síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Geir veitt umboð til stjórnarmyndunar

Forseti Íslands fól formanni Sjálfstæðisflokksins myndun nýrrar meirihlutastjórnar í gær. Formlegar stjórnarmyndunarviðræður hófust strax í kjölfarið.

STJÓRNMÁL Næðingur lék um Bessastaði þegar Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, gekk á fund forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, til að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt.

Geir renndi í hlað klukkan ellefu ásamt Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins.

Inni biðu forseti og nánustu samstarfsmenn hans; Örnólfur Thorsson forsetaritari og Árni Sigurjónsson, skrifstofustjóri á forsetaskrifstofunni.

Svo sem til siðs er skrifaði Geir nafn sitt í gestabók Bessastaða áður en hann hélt inn í Bessastaðastofu þar sem forsetinn tók á móti honum.

Eftir myndatökur gengu þeir til bókhlöðu Bessastaða þar sem þeir sátu í þrjá stundarfjórðunga.

Geir hafði meðferðis skjalfesta tillögu um að forseti veitti ráðuneytinu lausn. Slíkt skjal hefur ekki verið skrifað síðan 1995 þegar Davíð Oddsson óskaði eftir lausn fyrir ráðuneyti sitt í forsetatíð Vigdísar Finnbogadóttur.

Eftir fundinn skýrði forseti frá því að hann hefði fallist tillöguna og jafnframt falið Geir myndun nýrrar ríkisstjórnar er nyti meirihluta þingmanna.

Sagðist hann jafnframt ekki sjá ástæðu til að ræða við formenn annarra stjórnmálaflokka enda hefði hann orð Geirs og upplýsingar úr fjölmiðlum um ríkan vilja forystu Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar til myndunar ríkisstjórnar.

Á meðan þessu fór fram hafði vindinn lægt. Sólbjartur, stilltur sumardagur mætti því Geir þegar hann gekk af fundi forseta með umboð til stjórnarmyndunar upp á vasann.

bjorn@frettabladid.is

AÐ FUNDI LOKNUM Ólafur Ragnar Grímsson forseti tilkynnti að hann hefði falið Geir H. Haarde myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Undarlegt að kalla Geir einan inn

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

„Í ljósi þess að stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Samfylkingin, hafði lýst því yfir að hann væri tilbúinn að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum þá þykir mér ekki undarlegt að forsetinn láti sér nægja að kalla Geir einan inn,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Hann telur tómt mál að kvarta yfir því að formenn annarra flokka hafi ekki verið kallaðir til forseta.

„Það er ekkert hægt að gera nema hafa annað hvort Sjálfstæðisflokkinn eða Samfylkinguna með í ráðum. Það er bara ekki nægilegur þingmannafjöldi til að mynda stjórn.

Ég er aftur á móti ekki viss um að stjórn þessara tveggja flokka sé það besta sem völ var á fyrir land og þjóð. Ég velti því fyrir mér hvað verði um málefni landbúnaðar og sjávarútvegs.“

Trúnaðarbrestur varð í ríkisstjórn

JÓN SIGURÐSSON

„Trúnaðarbrestur varð milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks þegar sjálfstæðismenn ræddu við aðra flokka á meðan formaður flokksins ræddi við Framsóknarmenn, segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins.

Jón segir að viðræður Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hafi greinilega verið komnar lengra en aðrir hafi gert sér grein fyrir á meðan viðræðum við Framsóknarflokkinn var haldið áfram. Hann trúi þó ekki að formaður Sjálfstæðisflokksins hafi staðið í þeim sjálfur.

Jón sagði ekki óeðlilegt að forseti Íslands hafi ekki rætt við formenn allra flokka áður en hann fól formanni Sjálfstæðisflokksins stjórnarmyndunarumboð, í ljósi ummæla formanns Samfylkingarinnar í fjölmiðlum.

Vinstri grænn gerð að blóraböggli

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Þegar forsætisráðherra slátrar sinni eigin ríkisstjórn og boðar þá næstu í sömu setningu þá sér maður að þetta er partur af atburðarás sem er handan við svið manns,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

„Áhugi þeirra á að taka við sæti Framsóknar var mjög mikill. Ég er að fá upplýsingar um að jafnvel fyrir kosningar hafi þetta verið komið í kortin. Samfylkingin hefur nú afsalað sér þeirri stöðu sem flokkurinn byggði á, það er að vera mótvægi við Sjálfstæðisflokk. Hún verður nú að sætta sig við hlutskipti flokks sem fer í stjórn undir forystu sjálfstæðismanna.“ Það telur hann ekki heppilegt hlutskipti og bendir á að Alþýðuflokkur og Framsókn hafi misst um helming fylgis síns eftir að hafa verið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS Lagadeild

Laganám í Háskóla Íslands:
Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. **www.lagadeild.hi.is**.
Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-

Stórsýning
á 2007 árgerðum

SKAPAR INN AUGLÝSINGASTOFA

YAMAHA

Komdu og kíktu á magnað úrval Yamaha mótorhjóla hjá MotorMax.
Opið laugardag, kl. 10 - 16 í Kletthálsi.

MotorMax

MotorMax Reykjavík - Kletthálsi 13
MotorMax Egilsstöðum - MotorMax Akureyri
www.motormax.is

PLANKAPARKET

Hágæða parket frá Tarkett á tilboði um helgina

5.390 m² **Tarkett Epoque,** eikarplanki burstaður, fasaður, mattlakkaður
146811

3.940 m² **Tarkett Bravo,** hlynur 3ja stafa parket, silkimatt lakk
146810

6.980 m² **Tarkett Epoque,** Merbau planki fínleg fösun, mattlakkaður
146836

5.690 m² **Tarkett Epoque,** eikarplanki fínleg fösun, silkimatt lakk
146832

3.290 m² **Barlinek,** eikarparket 3ja stafa, hvíttað og mattlakkað
146906

3.390 m² **Barlinkek,** askarparket 3ja stafa, hvíttað og mattlakkað
146912

5.290 m² **Geo,** plankaparket Eik Natur, mattlökkuð
146006

6.795 m² **Geo,** plankaparket Hnota Natur, olíuborin
146002

FLÍSAR

Gólf- og veggflísar í frábæru úrvali

1.750 stk **Listello Défile Ecru/Perle,** bekkflísar, 5x25 sm
8630817/18

1.890 stk **Frisé Défile Ecru/Perle,** bekkflísar, 5x40 sm
8630815/16

2.620 m² **Abando Basalto,** veggflísarar, 27x41,5 sm
8600541



2.620 m² **Moyúa Marron** veggflísar, 27x41,5 sm
8600546

*Tilboðin gilda ekki á stjörnumerktum vörum

EGG
SMÁRATORGI

Frí geymsla veturinn 2007-08 fyrir öll seld hjólhýsi og fellihýsi.

Útilegu maðurinn®

Ný ævintýraleg verslun með allt til ferðalagsins

Polar sænskir eðalvagnar - sjáðu með eigin augum

Polar

Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum. Sænsk og sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.

Ríkulegur staðalbúnaður, svo sem sjónvarp, DVD/CD, örbylgjuofn, ísskápur með frysti, bakkskynjari, 110 Watta sólarrafhlaða og Alde hitakerfi í gólfi og rúðum.

Verð frá: 2.799.000 kr.

Rockwood

Sterkbyggðu fellihýsin sem reynst hafa frábærlega á Íslandi.

Ríkulegur staðalbúnaður, svo sem Swing eldhús, ísskápur, rafm.vifta, álfelgur, geislaspilari, rafmagnslyftibúnaður, upphitaðar dýnur og hljóðlát miðstöð.

Verð frá 1.299.000 kr.

PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utan á vagninum. Fljótlegt að tjalda.

Fortjöld

Fyrir fellihýsi
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 2,5 m: 59.900 kr.
PDQ 2,9 m: 79.900 kr.

Fyrir hjólhýsi
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 3,5 m: 69.900 kr.
Corsican: Verð frá 109.900 kr.

Fylgihlutir

Stútfull búð af frábærum fylgihlutum fyrir ferðalagið.

Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.

Fossháls 5-7 | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is
Opið laugardag 10-17 og sunnudag 12-16

Útilegu maðurinn®

ENNEMM / SÍA / NM27633

Hátíðin Vorskipið kemur! hafin á Eyrarbakka:

Konunglegur koppur meðal sýningargripa

HÁTÍÐ Vorhátíðin Vorskipið kemur! er haldin á Eyrarbakka og Stokkseyri nú helgina, og hófst í gærkvöldi. Þar er sérstök áhersla lögð á aldamótin 1900 og verður þar meðal annars opnuð sérstök sýning á myndum og munum frá Konungskomunni 1907 á Byggðasafninu í Húsinu, þar sem sjá má náttpott hans hátignar, sem hann notaði á ferð sinni um landið.

Þá mun leikfélagið sýna einþáttunginn Boðorðið eftir Chekov og veitingastaðurinn Rauða húsið á Eyrarbakka býður upp á sérstakan aldamótamatseðil. - sh

GRÁIR OG GUGGNIR? Ljósmyndastofan Eyrarbakki býður gestum að láta taka af sér mynd í nítjándu aldar uppstillingu.

UNDIR HELGAFELLI Hér er meðal annars slegist um tengiveg og nýtt hverfi. Íbúar vilja ekki hafa veginn í sínu nágrenni, en yfirvöld segja hann hvergi annars staðar geta verið. FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

Einum verkþætti frestað

Félagar í Varmársamtökunum eru ekki grunaðir um skemmdarverkin frekar en aðrir. Einum verkþætti við skolplagnagerð var frestað í gær. Varmársamtök fagna nýjum tóni yfirvalda og verktaka.

MOSFELLSBÆR Enginn stjórnarmanna Varmársamtakanna hefur verið yfirheyrður af lögreglu, þrátt fyrir afdráttarlausar ásakanir verktakans í þeirra garð. Hörður Jóhannesson aðalvarðstjóri segir félaga í samtökunum ekki liggja undir grun, umfram annað fólk.

„Við tökum enga mótaða afstöðu til þess. Maður horfir ekki alltaf á augljósustu ástæðuna í málum eins og þessum," segir hann.

Sölvi Jónsson, eigandi Magna, verktakafyrirtækisins á svæðinu, sagði í fréttum í vikunni að hann „stimplaði beint á Varmársamtökin" þær skemmdir sem unnar voru á vinnuvélum aðfaranótt miðvikudagsins. Þá urðu sjö vinnuvélar fyrir skemmdarverkum og var meðal annars úðað „X-D" á þær.

Íbúum á svæðinu varð illa brugðið við spellvirkin og hafa keppst við að fordæma þau síðustu daga. Berglind Björgúlfsdóttir, formaður Varmársamtakanna, er ein þeirra. „Við vonumst til þess að lögreglan komist til botns í málinu og að þeir sem ábyrgð bera á þessu gefi sig fram. Mér finnst ekki réttmætt að verið sé að klína þessu á samtökin opinberlega, eins og gert var," segir hún.

Jóhannes Bjarni Eðvarðsson íbúi í Kvosinni, tekur í sama streng. „Ég tel að botninum hafi verið náð með skemmdarverkunum og voru þau mikið áfall fyrir okkur. Það veldur fólki vanlíðan að liggja undir grun um að hafa gert þennan óskapnað.

Jóhannes gekk á fund formanns skipulags- og byggingarnefndar Mosfellsbæjar í gær, ásamt fyrrnefndum Sölva verktaka. Í framhaldi af því var einum verkþætti við skolplagnagerð við Álafoss frestað. Haraldur Sverrisson, formaður nefndarinnar, bað þá hönnuði lagnagerðarinnar að rita greinargerð til að útskýra betur framkvæmdina fyrir íbúum.

„Við ákváðum að fara aðeins yfir málið og setja þetta niður á blað þannig allir væru upplýstir um hvað væri um að vera," segir Haraldur. Hann býst við greinargerðinni um helgina.

Jóhannes Bjarni er ánægður með þessa þróun og það sem hann telur „nýjan tón" í samskiptum allra hlutaðeigandi. „Þetta er algjörlega nýr pólll í þau vinnubrögð sem hafa verið í Kvosinni. Vonandi erum við að verða þeirrar gæfu aðnjótandi að ný vinnubrögð verði tekin upp hér. "

VIKAN VIÐ VARMÁ

Mánudagur
Verktakar Magna hefja gröft og trjáflutning á svæðinu. Verktaki stöðvaður af íbúum á svæðinu. Varaformaður Varmársamtakanna fleygir niður girðingu.

Þriðjudagur
Íbúum gert að yfirgefa vinnusvæðið öðru sinni og verktaki fær að halda áfram.

Miðvikudagur
Verktaki kemur að sjö vinnuvélum sínum skemmdum. Búið að brjóta rúður og spreyja X-D á tækin.

Fimmtudagur
Verktaki hefur framkvæmdir á uppstigningardag í óþökk íbúa.

Föstudagur
Formaður skipulags- og byggingarnefndar frestar nýju framkvæmdunum, þar til greinargerð kemur frá hönnuðum.

SJÓNARVOTTAR GEFI SIG FRAM

Lögreglan í Mosfellsbæ hvetur alla þá sem upplýsingar kunna að hafa um skemmdarverkin í Álafosskvos að gefa sig fram við lögreglu. „Það er oft sem svona mál leysast einmitt út af ábendingum," segir Hörður Jóhannesson, aðalvarðstjóri í Mosfellsbæ.
Skemmdarverkin kunna að vera tengd öðrum spellvirkjum, því sömu nótt og skemmdirnar voru unnar voru unnin skemmdarverk víðar. Til dæmis á vinnuvélum verktaka á Úlfarsfellslandi.

Fíton/SÍA

N1

MEIRA Í LEIÐINNI

Vertu klár, fáðu þér **Smart tvennu** fyrir 1. júní og
þú eignast **3.000 Safnkortspunkta** án fyrirhafnar

N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

WWW.N1.IS

Með Smart tvennu N1, Safnkorti og Greiðslulykli, færðu bestu hugsanlegu kjör hjá okkur. Smart tvenna veitir þér samtals **3 kr. afslátt** af hverjum eldsneytislítra: 1 kr. í beinan afslátt auk 2 kr. í formi Safnkortspunkta. Hver Safnkortspunktur jafngildir 1 kr. Sæktu um Smart tvennu á **www.n1.is**

HÁTÍÐARBÚNINGUR Þríforkur í gegnum tunguna er hluti af hátíðabúningi þessarar indversku konu sem tekur þátt í hátíðahöldum hindúa til heiðurs gyðjunni Mariamman.
NORDICPHOTOS/AFP

Paul Wolfowitz, bankastjóri Alþjóðabankans, lætur af starfi í lok júní:

Segir af sér í kjölfar hneykslis

WASHINGTON, AP Paul Wolfowitz, bankastjóri Alþjóðabankans, tilkynnti á fimmtudag að hann myndi segja af sér í kjölfar hneykslismáls varðandi stöðu- og launahækkun ástkonu hans, Shaha Riza. Wolfowitz hyggst láta af starfi 30. júní næstkomandi.

Tvö ár eru síðan George W. Bush Bandaríkjaforseti skipaði Wolfowitz í embætti. Skipunin olli ólgu hjá Evrópusambandinu og fleiri ríkjum vegna aðkomu Wolfowitz að innrásinni í Írak en hann var áður aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

Undanfarnar vikur hefur Wolfowitz sætt harðri gagnrýni eftir

SHAHA RIZA

PAUL WOLFOWITZ

að upp komst um að Riza hafði fengið stöðu- og launahækkun eftir að hann tók við starfi.

Hneykslismálið olli mikilli ónægju meðal starfsfólks bankans og þykir hafa skaðað orðstír bankans og tengsl hans út á við.

Wolfowitz háði harða baráttu fyrir starfi sínu en sérstök rannsóknarnefnd sem stjórn bankans skipaði úrskurðaði að hann hefði brotið reglur með aðkomu sinni að málinu. Wolfowitz fékk það þó í gegn að stjórn bankans viðurkenndi að hann bæri ekki einn alla ábyrgð.

Bandarísk stjórnvöld tilkynntu að George W. Bush Bandaríkjaforseti myndi tilnefna eftirmann Wolfowitz sem fyrst svo starfsemi bankans komist í samt lag. Stjórn bankans þarf að staðfesta hvern þann sem Bush mun tilnefna.

- sdg

Erlendir ferðamenn aka hratt:

Hafa stöðvað 373 ökumenn

LÖGREGLUMÁL Það sem af er þessu ári hafa 373 ökumenn verið stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli. Það er 130 ökumönnum fleira en á sama tíma í fyrra. Nær allir eru stöðvaðir á þjóðvegi eitt.

„Eftir að umdæmin voru sameinuð höfum við tekið harðar á hraðakstri en áður," segir Sveinn K. Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli. Hann segir að flestir séu stöðvaðir á veginum um Mýrdalssand.

Þá vekur athygli að í 110 tilfellum var um útlendinga að ræða, oftast ferðamenn á bílaleigubílum.

- þo

Saka bæjarstjórn um klúður:

Beitarland á tvöföldu verði

SVEITARSTJÓRNIR Minnihluti A-listans í bæjarstjórn Hveragerðis segir vinnubrögð meirihluta sjálfstæðismanna hafa leitt til 8 milljóna króna aukakostnaðar við eignarnám á beitarréttindum í landi jarðarinnar Kross. Fyrrverandi meirihluti hafði boðið 6,2 milljónir króna en ábúendur vildu 6,6 milljónir.

ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR

Málið fór fyrir matsnefnd eignarnámsbóta sem úrskurðaði að bærinn ætti að greiða samtals 15 milljónir fyrir landið og í málskostnað. Minnihlutinn vill skýringar frá bæjarstjóra en sjálfstæðismenn segja vinnubrögðin ekki óeðlileg.

- gar

Stórhætta hefur skapast þegar fyllt er upp í tipp í Heimsenda í Kópavogi:

Hestarnir skynja raskið sem jarðskjálfta

FRAMKVÆMDIR Stórhætta hefur skapast í hesthúsahverfinu Heimsenda í Kópavogi. Verktaki er að fylla upp í tipp á svæðinu og óttast hestamenn að hestar fælist og börn lendi í slysum. Þorvaldur Sigurðsson, formaður hestamannafélagsins Andvara, segir að stöðug umferð sé af vörubílum að fylla á tippinn. Stórir bílar sturti fram af brúninni eða í hrúgu og jarðýta ýtir svo fram af.

„Þetta var ekki svona mikið vandamál þegar bílarnir voru lengra í burtu en nú eru þeir komnir svo nærri reiðveginum. Þegar jarðvegurinn kemur hrynjandi niður þá skynja hestarnir það sem jarðskjálfta," segir Þorvaldur. „Þetta er stór slysahætta. Sem betur fer hefur ekkert slys orðið en ef þetta heldur svona áfram þá er það ekki spurning hvort, heldur hvenær."

Stefán L. Stefánsson, deildarstjóri hjá Kópavogsbæ, segir að unnið sé að gatnagerð fyrir nýtt hesthúsahverfi. Bæjaryfirvöld hafi átt fundi með hússtjórn Heimsendahverfis og skýrt ástand mála. Reynt sé að fara eftir athugasemdum. Því hafi verið beint til verktaka að fleygvinna verði ekki í gangi seinni part dagsins og verktakar taki fullt tillit til hestamanna. Kvörtun hafi borist vegna þess að vörubíll hafi sturtað jarðvegi í átt að reiðstíg „og það var náttúrulega stoppað snarlega".

Hestamenn vilja að verktakinn taki meira tillit til þeirra og geri hlé seinnipart dags meðan riðið er út.

- ghs

STÓRHÆTTA VEGNA FRAMKVÆMDA „Þetta var ekki svona mikið vandamál þegar bílarnir voru lengra í burtu en nú eru þeir komnir svo nærri reiðveginum," segir Þorvaldur Sigurðsson, formaður hestamannafélagsins Andvara, um framkvæmdirnar á svæðinu. Hestamönnum þykir verktakinn ekki taka nægilegt tillit til starfseminnar og stórhætta hafi skapast.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Kíktu í kjötborðið

glæsilegt úrval af fersku kjöti

Jói FEL

Dijon hunangs sósa

Rósapipar sósa

Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?

Gildir til 20. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Karlmaður um fertugt dæmdur í fangelsi fyrir brot gegn dóttur leigjanda síns:

Misnotaði tíu ára stúlkubarn

DÓMSMÁL Karlmaður um fertugt hefur í Héraðsdómi Norðurlands eystra verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir að misnota tíu ára stúlku kynferðislega á Akureyri í fyrra.

Faðir stúlkunnar leigði hjá manninum, og dvaldi hún því á heimili hans þegar hún var í helgarheimsóknum hjá föður sínum. Hún var stundum skilin eftir ein með honum, og mun hann í að minnsta kosti tvö af þeim skiptum hafa misnotað stúlkuna. Hann káfaði á kynfærum hennar utan klæða í það minnsta einu sinni, en í alvarlegasta tilvikinu neyddi hann stúlkuna til munnmaka.

HÉRAÐSDÓMUR Brotin höfðu mikil áhrif á stúlkuna, og breyttist hegðun hennar talsvert í kjölfar þeirra.

Stúlkan sagði foreldrum sínum allt af létta í lok október í fyrra, en hegðun hennar hafði þá breyst töluvert frá því sem áður var. Hún var farin að tala um sjálfsvíg og hafði tekið upp á því að eyðileggja hluti að því er virtist að tilefnislausu. Misnotkunin hafði víðtæk áhrif á stúlkuna. Að sögn vitna varð hún feimin með líkama sinn, hrædd við karlmenn og dreymdi oft illa í kjölfarið. Hún lagðist síðan inn á Barna- og unglingageðdeild og skánaði líðan hennar við það.

Tekið var tillit til þess að maðurinn hafði ekki áður sætt refsingum, auk þess sem hann játaði brot sín skýlaust og leitaði sér aðstoðar í kjölfar atburðanna. Hann var því dæmdur í 18 mánaða fangelsi, og til að greiða stúlkunni milljón krónur í miskabætur. **- sh**

Dagvöruverslun könnuð:

Veltan jókst um ellefu prósent

VERSLUN Velta í dagvöruverslun jókst um rúm ellefu prósent í apríl síðastliðnum miðað við apríl í fyrra, á föstu verðlagi. Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst birti þessar niðurstöður á miðvikudag. Mæld var velta á dagvöru, áfengi, fötum og skóm.

Velta dagvöruverslunar breyttist lítið milli mánaðanna mars og apríl, eða rétt um hálft prósent, þrátt fyrir páska í apríl. Óvenjumikil söluaukning þegar virðisaukaskattur lækkaði 1. mars er talin helsta ástæða þess. Velta fata- og skóverslunar minnkaði hins vegar töluvert á milli mánaða. - sþs

VARNARSVÆÐIÐ Á KEFLAVÍKURVELLI Brottflutningur herliðsins torveldaði vettvangsrannsókn og gerði vitnaleiðslur erfiðar þar sem fjöldi vitna var farinn af landi brott.

Varnarliðsmaður sýknaður af morði:

Rannsókn málsins sögð meingölluð

BANDARÍKIN Flutningur bandaríska varnarliðsins frá Íslandi torveldaði mjög alla rannsókn morðmálsins, sem bandaríski hermaðurinn Calvin Eugene Hill var sýknaður af á fimmtudag. Hill var grunaður um að hafa myrt annan hermann, Ashley Turner, þann 14. ágúst árið 2005.

Brottflutningurinn torveldaði meðal annars vettvangsrannsókn og sömuleiðis urðu allar vitnaleiðslur erfiðari þar sem nærri hundrað vitni í málinu voru á ýmsum stöðum í Bandaríkjunum og sum ennþá á Íslandi, en réttarhöldin voru haldin í Bollingherstöðinni í Washington í Bandaríkjunum.

ASHLEY TURNER

Meðal vitnanna var taílensk kærasta Hills, sem búsett er á Íslandi. Hún segir að þau hafi verið að horfa á kvikmyndina Top Gun á herbergi Hills, en hann hafi farið út úr herberginu klukkan 20.30 og sagst ætla að tala við yfirmann sinn á fyrstu hæð. Hann hafi síðan komið til baka „sveittur og illa lyktandi“, svo hún sagði honum að fara í sturtu.

Sönnunargögn í málinu voru meira en hundrað talsins, en verjendur héldu því fram að fjöldi sönnunargagna hafi aldrei komið fram í réttarhöldunum. Rannsókn málsins hafi verið meingölluð vegna þess að ákæruvaldið hafi frá upphafi ekki talið mögulegt að neinn annar en Hill hafi framið morðið. Hann hefði átt yfir höfði sér líflátsdóm.

Meðal veikleika á málflutningi ákæruvaldsins bentu verjendur Hills á að blóð á strigaskóm hans, sem reyndist vera blóð út hinni myrtu, gat hæglega hafa komist á skóna síðar um kvöldið þegar Hall var leiddur út úr húsinu. Blóð úr Turner hafi nefnilega getað lekið á ganginn meðan hún var borin út á sjúkrabörum eftir sama gangi og Hall var síðar leiddur út um.

Turner var myrt átta dögum áður en hún átti að bera vitni gegn Hill, sem var sakaður um að hafa stolið peningum af bankabók hennar. Hann viðurkenndi þann stuld síðar.

Hún var afar illa leikin þegar hún fannst meðvitundarlaus skammt frá herbergi sínu. Höfuðkúpan var brotin eftir högg á andlitið með þungu barefli, hugsanlega lyftingalóðum, og mænan var sömuleiðis skorin í sundur eftir eina hnífsstungu. **- gb**

ÍSAFJÖRÐUR

Vel heppnaðar minkaveiðar

Vetrarveiðar á mink í gildrur í landi Ísafjarðar þykja hafa tekist svo vel að full ástæða sé til að halda gildruveiðum áfram að vetri. Alls veiddust 143 dýr og nam kostnaður við það 670 þúsund krónum, eða tæplega 4.700 krónum á hvert dýr.

REYKLAUSIR VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐIR
1. JÚNÍ 2007
LÝÐHEILSUSTÖÐ

Háskólafélag Suðurlands

Þekking skapar sóknarfæri

Sunnlensk þekking, rannsóknir og þróun.

Háskólafélag Suðurlands er vinnuheiti félags sem fyrirhugað er að stofna síðar á þessu ári. Tilgangur þess er að nýta sóknarfæri á sviði mennta- og rannsókna á Suðurlandi.

Boðað er til samráðs- og kynningarfundar um aukið samstarf fyrirtækja og rannsóknastofnana á Suðurlandi föstudaginn 25. maí, kl. 10 - 16 í höfuðstöðvum Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti á Rangárvöllum.

Á fundinum verða stefnuskrá og markmið hins nýja Háskólafélags kynnt. Rannsókna- og þróunarfyrirtæki, stofnanir sem og sveitarfélög eru hvött til að senda fulltrúa til fundarins. Þar gefst þátttakendum færi á að skrifa undir viljayfirlýsingu um samstarf um tilgang félagsins. Þá er aðilum velkomið að kynna starfsemi sína á fundarstað, t.d. með veggspjöldum.

Fundarstjóri verður Sr. Guðbjörg Arnardóttir.

Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur ókeypis. *Skráning fer fram með tölvupósti á póstfangið* **valdis@primordia.is** *í síðasta lagi þriðjudaginn 22. maí. Allar nánari upplýsingar og dagskrá er að finna á* **www.primordia.is** *undir flipanum Háskólafélag Suðurlands.*

Háskólafélag Suðurlands
Verkefnisstjórn

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



© 2006 adidas-AG, adidas, the 3-Bars logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.

UNGNAUTAHAMBORGARAR 120 G
129 kr. stk.
Þú sparar 60 kr. stk.

LAMBAGEIRI Í RÓSMARÍN GRILLSPJÓT
2.698 kr. kg
Þú sparar 300 kr. kg

KEILUSPJÓT SÍTRÓNU-PIPAR MARINERING
398 kr. stk.
Þú sparar 70 kr. stk.

ANDABRINGUR ERLENDAR
2.798 kr. kg
20% afsláttur

LAMBAKÓRÓNA AÐ HÆTTI GRIKKJA
2.498 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg

STEINBÍTSSPJÓT M/CHILI OG LIME
398 kr. stk.
Nóatún mælir með!

N.Y.C BISCOTTI SÚKKULAÐI OG MÖNDLU
239 kr. pk.

CAJ PI GRILL-OLÍA 4 TEGUNDIR
199 kr. stk.

10% afsláttur

Nýtt kortatímabil!

NÓATÚN

Bestir í kjöti

Grillbæklingur Nóatúns er kominn í verslanir!

Tilboð á grillkjöti!

Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar 300 kr. kg

GRÍSAGRILLSTEIK MIÐJARÐARHAFS
998 kr. kg.

Úr Kjötborði Nóatúns

GRILLPYLSUR ÚR KJÖTBORÐI TÓMAT, MOZZARELLA EÐA CHILI
998 kr. kg

Nóatún mælir með!

NÓATÚNS GRÍSAKÓTELETTUR AÐ HÆTTI GRIKKJA
1.443 kr. kg

15% afsláttur

NÓATÚNS LAMBALÆRIS-SNEIÐAR LAS VEGAS
1.953 kr. kg

15% afsláttur

Tilbúnir beint á grillið!

MAÍSSTÖNGLAR FORSOÐNIR
149 kr. pk.

25% afsláttur

Bökunar-kartöflur

Melónur og vínber ferskt og gott!

Verði ykkur að góðu!

VIÐRÆÐUM SLITIÐ Jón Sigurðsson og Geir H. Haarde upplýstu um slit ríkisstjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á ellefu mínútna löngum blaðamannafundi í Stjórnarráðshúsinu á fimmtudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Framsókn bauð Sjálfstæðisflokknum átta ráðherrastóla í nýrri ríkisstjórn

Tíðindi af viðræðum sjálfstæðismanna og samfylkingarfólks um myndun ríkisstjórnar hleyptu illu blóði í framsóknarmenn. Eftir að upplýst var um samtal Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Geirs H. Haarde á miðvikudag líta framsóknarmenn svo á að trúnaður millum stjórnarflokkanna hafi brostið.

Vatnaskil urðu í viðræðum um næstu ríkisstjórn Íslands miðvikudaginn 16. maí.

Þegar dagur reis benti margt til þess að samstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks yrði fram haldið en deginum áður hafði Geir Haarde sagt líkur til þess ágætar. Framsóknarmönnum svelgdist þó á morgunkaffinu því í morgunfréttum Útvarps á miðvikudag kom fram að Samfylkingin hefði vakið athygli sjálfstæðismanna á mögulegu samstarfi en formleg viðbrögð ekki borist.

Jón Sigurðsson og Geir hittust tvisvar á miðvikudeginum og ræddu málin án þess þó að þeim væri þokað sérstaklega áfram. Jón hefur sjálfur upplýst að framsóknarmenn hafi lagt fram málefnapunkta sem efnivið í nýjan stjórnarsáttmála en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lagði Geir ekkert slíkt fram á fundum þeirra. Heimildir Fréttablaðsins herma einnig að Framsókn hafi boðið Sjálfstæðisflokknum átta ráðherrastóla.

BLESS Guðni Ágústsson vinkar þegar örlög ríkisstjórnarinnar til tólf ára voru ráðin á fimmtudag. Í Kastljósi um kvöldið sagði hann trúnaðarbrest hafa orðið milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna og undir þau orð tók Jón Sigurðsson í yfirlýsingu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Geir gekkst ekki að því boði enda var það skoðun hans og annarra forystumanna flokksins að mikill meirihluti ráðherraembætta í krafti aflsmunar væri léttvægt í heildarmyndinni. Önnur mál réðu ferð.

Í aðdraganda viðræðna Geirs og Jóns eftir kosningar sagði Geir að ríkisstjórn yrði ekki mynduð út á kosninganiðurstöðurnar einar og sér; pólitískur grundvöllur þyrfti að vera fyrir samstarfi. Þau orð mátti skilja á þann veg að flokkarnir þyrftu að ná saman um áherslur og stefnumið á kjörtímabilinu. Séu þau hins vegar skoðuð í ljósi síðari atburða má álykta að með þeim hafi hann átt við annan pólitískan grundvöll; nefnilega hvort líklegt væri að Framsóknarflokkurinn væri í raun tækur til samstarfs.

Samtöl við þungavigtarfólk í Sjálfstæðisflokknum leiða í ljós að þar á bæ voru uppi efasemdir um að sú væri raunin. Áhyggjur af heilindum og einingu innan flokksins voru ríkar meðal sjálfstæðismanna.

Eftir því sem leið á miðvikudaginn barst framsóknarmönnum æ oftar til eyrna að þreifingar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar væru meira en bara orðin tóm; full alvara og talsverður áhugi af beggja hálfu byggju að baki.

ÞAKKAÐ FYRIR SAMSTARFIÐ Það fór ágætlega á með Jóni og Geir þegar tókust í hendur eftir fundinn með blaðamönnum í Stjórnarráðshúsinu á fimmtudag. Þeir hittust fjórum sinnum eftir kosningar; fyrst daginn eftir þær, í tvígang á miðvikudag og í síðasta sinn á fimmtudag þegar Jón tjáði Geir að framsóknarmenn gætu ekki hugsað sér að halda samstarfinu áfram. Geir var sama sinnis. Jón tók skýrt fram að ekki hefði orðið trúnaðarbrestur milli flokkanna, aðrar orsakir lægju að baki samstarfsslitum. Eftir fundinn hittust Geir og Ingibjörg Sólrún í alþingishúsinu og upplýstu um vilja beggja til að ganga til formlegra stjórnarmyndunarviðræðna. Við þau tíðindi fannst framsóknarmönnum sem trúnaður hefði brostið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Jón Sigurðsson sagði síðdegis á miðvikudag að hann ætti síður von á að eitthvað gerðist á fimmtudag, uppstigningardag. Þegar kom fram á kvöldið var þó orðið ljóst að framsóknarmenn gátu ekki lengur setið hver í sínu horni – þingflokkurinn þyrfti að koma saman.

Með skömmum fyrirvara var boðað til fundar klukkan ellefu á fimmtudag og á þremur klukkustundum varð niðurstaða framsóknarmanna sú að þeir gætu ekki hugsað sér framhald á samstarfinu. Greindu Jón og Guðni Ágústsson, varaformaður forsætisráðherra, frá þeirri afstöðu upp úr klukkan tvö og hálftíma síðar upplýstu Jón og Geir um samstarfsslitin á blaðamannafundi.

Á blaðamannafundinum sagði Jón í tvígang að ekki hefði orðið trúnaðarbrestur milli hans og Geirs.

Orð Guðna í Kastljósinu á fimmtudagskvöld og yfirlýsing Jóns frá í gærmorgun kunna að stangast á við það enda lýstu þeir báðir yfir að trúnaðarbrestur hefði orðið.

Sá trúnaðarbrestur varð þó ekki í viðræðunum sjálfum heldur eftir þær, þegar fyllri mynd af samtölum sjálfstæðismanna og samfylkingarfólks lá fyrir. Fór það einnig mjög fyrir brjóstið á þeim að Geir og Ingibjörg Sólrún skyldu hittast opinberlega jafn skömmu eftir fundinn í stjórnarráðinu og raun ber vitni.

Í yfirlýsingu sinni sagði Jón ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar óskabarn eigenda Baugs. Kæmist hún á koppinn yrði hún trúlega nefnd Baugsstjórnin.

FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

GARÐHÚSGÖGN

NÝJAR SENDINGAR – NÝJAR GERÐIR!

weber

Fyrir vandláta...

20% AFSLÁTTUR

AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM

GARÐPLÖNTUSALAN Í FULLUM GANGI!

TILBOÐ

Himalajaeinir
780kr

TILBOÐ

Geislasópur
980kr

TILBOÐ

20 Stjúpur
990kr

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Blákorn *er góður alhliða áburður á tré, gras og matjurtir. Notið um 5 kg. á 250 m²*

Graskorn *örvar grasvöxtinn. Notið 5 kg á 125 m²*

Þörungamjöl *er lífrænn áburður, góður á grasflöt og undir torf. Notið um 25 kg á 500 m²*

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Reynir að byrgja brunninn

Fæstir gera sér grein fyrir því að þunglyndi er algengasta ástæða fötlunar í þróuðum löndum á eftir hjartaslagi. Að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er talið að þunglyndi muni valda hvað mestri vanlíðan og óvinnufærni á heimsmælikvarða eftir rúman áratug.

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

Hugur og heilsa er umfangsmikið rannsóknarverkefni sem Eiríkur Örn Arnarson, forstöðusálfræðingur á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og dósent við læknadeild Háskóla Íslands, hefur unnið að undanfarin ár ásamt mörgum öðrum. Markmið rannsóknarinnar er að finna virkar leiðir til þess að koma í veg fyrir þunglyndi, að það taki sig upp og að þróa meðferð við því.

„Ég hef löngum unnið við meðferð á kvíða og þunglyndi og hugmyndin kom upp í samtali við samstarfsmann minn í þessari rannsókn, prófessor Ed Craighead, þar sem við vorum að velta því fyrir okkur hvort hægt væri að byrgja brunninn og koma í veg fyrir það að fólk yrði þunglynt," segir Eiríkur. „Í rannsóknum hefur komið fram að um 14 prósent ungmenna greinast með þunglyndi/óyndi fyrir 15 ára aldur. Fram að því er tíðni svipuð hjá stúlkum og drengjum en eftir 15 ára aldur eykst tíðni nær helmingi hraðar hjá stúlkum og þróast í að verða tvöfalt meiri hjá stúlkum en drengjum. Því vaknaði sú hugmynd hvort unnt væri að grípa inn í með viðeigandi aðgerðum, þegar unglingar væru í níunda bekk, og koma í veg fyrir að þunglyndi þróaðist síðar á lífsleiðinni."

Eiríkur bendir á góðan árangur í forvörnum hjarta- og æðasjúkdóma og eins hvað varðar tannheilsu; einfaldlega með því að kenna börnum bætta tannhirðu. „Það hefur hins vegar lítið verið gert í að fyrirbyggja geðræn vandamál að áfengis- og vímuefnavandamálum undanskildum. Það er oft talað um þunglyndi sem kvef geðsjúkdómanna vegna hversu algengt það er. Langsniðsrannsóknir hafa leitt í ljós að þunglyndi á táningsaldri er um átján prósent. Þetta var hvatinn að því að rannsaka hvort hægt væri að koma í veg fyrir þá þróun."

Risavaxið vandamál

Fólk er í hættu alla ævina á að þróa með sér þunglyndi. Þunglyndi hefur færst í aukana og er algengara meðal yngstu kynslóðarinnar en þeirra sem eru á miðjum aldri. Breytingin er ekki komin til vegna breytinga á skilmerkjum fyrir greiningu þunglyndis. Að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunar (WHO) er talið að það muni verða önnur algengasta ástæða fötlunar og lífsgæðaskerðingar í heiminum þegar árið 2020 og komi næst á eftir kransæðasjúkdómum. Algengi þunglyndis á lífsleiðinni er um 17 prósent, 21 prósent meðal kvenna og 13 prósent meðal karla.

„Talið er að um helmingur ungmenna sem greinast með mörg einkenni þunglyndis á aldrinum 14-15 ára fái sitt fyrsta þunglyndiskast fyrir tvítugt og þau eiga erfitt uppdráttar síðar á ævinni.

GÖMUL OG NÝ SAMHEITI UM ÞUNGLYNDI

amalegur
amalyndi, ami
angursemd, angursemi
bringsmalaskotta
dapur, depurð, dapurleiki
gleðileysi, gramur
hryggð
hugarhrelling, hugsjúkur, hugarvíl, hugarvingl, hugsýki
leiðindi, lífsleiði
lundarþungur
ógleði, ókæti
stúrlyndi
sút, svartsýni
þrá

Þessi hópur er talinn í meiri áhættu á að ánetjast áfengis- og fíkniefnum, eiga við atferlisröskun að stríða og verða utanveltu í skóla. Því er til mikils að vinna að koma í veg fyrir að þau þrói með sér þunglyndi," segir Eiríkur.

Mikilvægi starfs Eiríks og samstarfsfólks ber að skoða í þessu samhengi því verkefnið felur í sér markmið sem beinast að auknum skilningi á eðli og meðferð þunglyndis og þar með betri árangri í þunglyndisvörnum.

Hugur og heilsa

„Tilgangur verkefnisins er þróa heildrænt kerfi sem auðveldar starfsfólki í félags-, skóla og heilbrigðisgeiranum að veita ungu fólki markvissa aðstoð til að koma í veg fyrir þunglyndi," segir Eiríkur. „Það er gert með því að meta áhættuþætti og veita ráðgjöf varðandi þau viðhorf og venjur sem síðar á lífsleiðinni geta leitt til þunglyndis. Verkefnið styðst við hugmyndir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) í meðferð þunglyndis og er sjónum beint að viðbrögðum ungmenna við vandamálum."

Í hugrænni atferlismeðferð beinist athyglin að viðbrögðum ungmenna og hvernig þau koma fram í hugsunum, tilfinningum og hegðun. Lögð er áhersla á tvo aðalþætti. Annars vegar hugræna þjálfun sem beinist að því hvernig hafa megi áhrif á hugsanir, atferli og skýringar á atburðum og hins vegar að þjálfa hæfni ungmenna til að takast á við vandamál. Að sögn Eiríks hefur hugræn atferlismeðferð fyrir börn og unglinga lítið verið rannsökuð við íslenskar aðstæður. „Námsefnið sem hefur verið þróað miðar að því að kenna unglingum að taka á niðurrifshugsunum með því að hafa áhrif á hugsun og hegðun og þannig sé hægt að breyta líðan. Um hópstarf er að ræða þar sem ungmennin vinna saman, fá fræðslu og leiðbeiningar. Námskeiðið er sett fram í handbók fyrir leiðbeinendur og þátttakendur og reynt var að gæta þess að texti, dæmi og myndir féllu að hugmyndum íslenskra unglinga."

EIRÍKUR ÖRN ARNARSON Segir lítið hafa verið gert í að fyrirbyggja geðræn vandamál að áfengis- og vímuefnavandamálum undanskildum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LÖGGILTUR SÁLFRÆÐINGUR FRÁ 1977

Eiríkur Örn Arnarson er fæddur í Reykjavík árið 1949. Eiginkona hans er Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Þau eiga tvær dætur, Hildi sem er viðskiptafræðingur og Kristínu Björk sem er nemandi í lyfjafræði við Háskóla Íslands.

Eiríkur er forstöðusálfræðingur sálfræðiþjónustu LSH, endurhæfingarsviði og dósent í sálfræði við læknadeild Háskóla Íslands. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1969 og B.Sc.-prófi (Hons.) frá Háskólanum í Manchester 1974, M. Psychol.-prófi frá Háskólanum í Liverpool 1976 og doktorsprófi frá Háskólanum í Manchester 1979. Eiríkur varð löggiltur sálfræðingur árið 1977, Chartered Clinical Psychologist árið 1989 og hlaut sérfræðiviðurkenningu í klínískri sálarfræði árið 1991. Hann hefur gegnt fjölda ábyrgðarstarfa og verið virkur í félagsstarfi tengdu menntun sinni.

Námskeiðin fara fram í hópum með sex til átta nemendum sem sálfræðingur stjórnar og hittist hópurinn fjórtán sinnum í tólf vikur. Rannsóknin fór fram í sex sveitarfélögum á landinu og þátttakendum fylgt eftir í tvö ár að námskeiði loknu. „Eftirfylgni með þeim sem setið hafa námskeið hefur sýnt marktækt betri árangur meðal þeirra sem setið hafa námskeiðin í samanburði við þá sem ekki gerðu það. Þátttakendur virðast einnig halda áfram að nýta sér það sem lærst hefur." Í ljósi rannsóknarniðurstaðna hefur verkefnið þróast í þjónustuverkefni og á liðnum vetri hafa námskeið farið fram í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar, Mosfellsbæ, í Árbæjarskóla og Verzlunarskóla Íslands og hafa margir aðrir skólar sýnt áhuga á því að innleiða verkefnið á komandi skólaári. Til marks um góðan árangur hlaut verkefnið Hugur og heilsa Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands árið 2005.

Margmiðlun

Markáætlun Rannís um upplýsingatækni og umhverfismál styrkti gerð margmiðlunarverkefnis, sem byggist á verkefninu. Það var unnið í samvinnu við Sjöfn Ágústsdóttur sálfræðing og fyrirtækið Greind. Undirbúningsvinna hófst árið 2003 og er margmiðlunarverkefninu nýlokið. „Þar er þess freistað að nýta tækni margmiðlunar til að þróa nýstárlega og árangursríka forvörn gegn þunglyndi," segir Eiríkur. „Hefðbundin sálfræðileg meðferð er að jafnaði veitt einstaklingum, pörum, fjölskyldum eða litlum hópum og er fremur kostnaðarsöm. Því er brýnt að leita leiða til að ná til sem flestra á sem ódýrastan hátt." Eiríkur telur að framsetning með margmiðlun gæti orðið kjöraðferð til þess að höfða til ungmenna, sem fyrir hafa þá tækni á færi sínu.

Næstu skref

Verkefnið felur í sér markmið sem beinast að auknum skilningi á eðli og meðferð og forvörnum þunglyndis. „Það hefur náðst marktækur árangur hér í íslensku menningarsamfélagi enda er efnið lagað að okkar veruleika," segir Eiríkur. „Það á síðan eftir að framkvæma rannsóknir í öðrum löndum til að sjá hvort hliðstæður árangur náist. Ég sé ekki ástæðu til að ætla að svo verði ekki og stendur fyrir dyrum að þýða verkefnið á önnur tungumál í samvinnu við erlenda fræðimenn og má segja að það sé næsta skref."

svavar@frettabladid.is

Vorskipið kemur!
Á EYRARBAKKA & STOKKSEYRI
HELGINA 18. - 20. MAÍ 2007

Opinn dagur á Keflavíkurflugvelli á morgun milli kl. 14:00 og 17:00.

Komdu og skoðaðu nýju stúdentaíbúðirnar í gömlu herstöðinni!

Lúxusstúdentaíbúðir fyrir fjölskyldur og einstaklinga til leigu á sérstöku kynningarverði fyrir fyrstu íbúana í nýju háskólasamfélagi. Íbúðirnar eru leigðar út til háskólanema. Komdu og sjáðu þær með eigin augum!

Þessi mynd er tekin á gömlu herstöðinni í fjögurra herbergja fjölskylduíbúð sem er nú leigð út til háskólanema.

Dæmi um íbúðir

2 herbergja paraíbúð/tvíbýli

Forstofa, setustofa, eldhúskrókur með ísskáp og eldavél. Baðherbergi með baðkari. Sérstakt fataherbergi og geymsla. Í sameign er setustofa, stórt sameiginlegt eldhús, þvottahús og fullbúin líkamsræktarstöð.
Stærð: **55 m²**

3 herbergja íbúð

Tvö svefnherbergi, stór stofa með borðstofu og baðherbergi með baðkari. Eldhúsi fylgir eldavél, bakarofni, ísskápur og uppþvottavél. Þvottavél og þurrkari í þvottahúsi. Í sameign er stór setustofa. Verönd/Svalir.
Stærð: **94 m²**

Dæmi um íbúðir

4 herbergja íbúð

Þrjú svefnherbergi, stór stofa með borðstofu og tvö baðherbergi. Eldhúsið er rúmgott og því fylgir eldavél, bakarofn, uppþvottavél og ísskápur. Þvottahús með þvottavél og þurrkara. Í sameign er stór setustofa. Verönd/svalir.
Stærð: **120–140 m²**

Innifalið í hagstæðu leiguverði er nettengin og strætisvagnar milli svæðisins og háskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar um leiguverð á **www.keilir.net**

Merki

Keilir
Atlantic Center of Excellence

Keflavíkurflugvelli **Sími: 578 40 00** **www.keilir.n**

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
7.994 **+0,16%**

Fjöldi viðskipta: 468
Velta: 7.977 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
365	3,35%	EIMSKIPAFÉLAGIÐ	0,77%
STRAUMUR-BURÐÁ.	1,95%	GLITNIR	0,37%
ATLANTIC PETROLE.	1,21%	MAREL	0,24%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,70 +3,35% ... Actavis 86,80 -0,23% ... Alfesca 4,90 +0,41% ... Atlantic Petroleum 840,00 +1,21% ... Atorka 7,95 +0,25% ... Bakkavör 70,00 +0,14% ... Eimskipafélagið 38,50 -0,77% ... FL Group 28,80 +0,35% ... Glitnir 26,90 -0,37% ... Kaupþing 1.089 +0,09% ... Landsbankinn 36,40 +0,14% ... Marel 82,00 -0,24% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,90 +1,95% ... Össur 111,50 +0,45%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Valgerður til Ítalíu?
Ráðherrar Framsóknar sinna enn störfum sínum samviskusamlega þrátt fyrir að vera sárir út í Sjálfstæðisflokkinn fyrir að stíga í vænginn við Samfylkinguna. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra lét sig því ekki vanta á ítalska viðskiptadaginn sem Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið stóð fyrir í gær. Valgerður ávarpaði fundargesti en þurfti frá að hverfa fljótlega þar sem fleiri ráðherraskyldur biðu hennar. Fundarstjórinn Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og formaður Ítalsk-íslenska viðskiptaráðsins, kvaddi Valgerði með fögrum orðum og mátti á honum heyra að hann sæi á eftir ráðherranum fráfarandi. Hvatti hann Valgerði til að feta í fótspor sín og prófa að búa á Ítalíu. Valgerður tók vel í hugmyndina. Sagði hún aldrei að vita nema hún tæki Guðjón á orðinu, hún hefði í það minnsta kannski tíma til þess núna.

Mikilvægast að láta sig dreyma
Á fundinum tók til máls margt fólk sem samanlagt hefur víðtæka reynslu af viðskiptum Íslands og Ítalíu á milli. Allt virtist það sammála um að möguleikarnir í viðskiptum milli landanna séu töluvert fleiri en þegar hafa verið nýttir. Meðal þeirra voru Rosa Anna Coniglio Papalia, sendiherra Ítalíu á Íslandi. Hvatti hún meðal annars íslenska fjárfesta til að beina sjónum sínum frekar að þeim 58 milljóna manna neytendamarkaði sem Ítalía er. Þá fjallaði Guðrún Sigurðardóttir hjá Islandtours Lecco um kúnstina við að markaðssetja Ísland fyrir Ítali og Eygló Ólafsdóttir, útflutningsstjóri hjá ítalska matvælaframleiðandanum Saclà, um líkindin og ólíkindin með Íslendingum og Ítölum. Í lok fundarins hreif Thor Vilhjálmsson, rithöfundur og forseti Dante-félagsins, fundargesti með sér. Minnti hann á að ekkert væri mikilvægara í þessum heimi en að láta sig dreyma.

MARKAÐSPUNKTAR

Vísitala byggingarkostnaðar lækkaði um 0,03 prósent milli mánaða samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 10,5 prósent og er samkvæmt verðlagi um miðjan maí 370,2 stig.

Þá upplýsti Hagstofan í gær að hér hafi í fyrra starfað 456 fyrirtæki í upplýsingatækniiðnaði og fjölgað um 34 frá árinu áður, mest þeim sem sérhæfa sig í hugbúnaðargerð og ráðgjöf.

Heildarvelta í upplýsingatæknigeira jókst um 13 prósent milli ára og nam rétt tæpum 113 milljörðum króna í fyrra. 25 prósent skrifast á fyrirtæki í hugbúnaðargerð og ráðgjöf, 29 prósent á fyrirtæki í síma- og fjarskiptaþjónustu og 46 prósent eru tilkomin vegna fyrirtækja í heildverslun.

Krónan verður sterk til loka ársins 2008

Greiningardeild Landsbankans spáir áframhaldandi styrkingu krónunnar. Sókn í ávöxtun mun vega þyngra en fyrirhugaðar vaxtalækkanir Seðlabankans.

Greiningardeild Landsbankans telur fátt geta komið í veg fyrir að gengisstyrking krónunnar haldi áfram, þótt búast megi við töluverðum sveiflum í henni.

Við síðustu áramót stóð gengisvísitala krónunnar í 127,9 stigum en stendur nú í 115 stigum. Hún hefur því styrkst um ellefu prósent á rúmum fjórum mánuðum. Það er töluvert meiri styrking en greiningardeild Landsbankans gerði ráð fyrir í krónuspá sinni í upphafi árs. „Við áttum von á að krónan myndi sveiflast á bilinu 120 til 125 og að kraftarnir til hækkunar og lækkunar yrðu álíka sterkir," segir Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur á greiningardeild Landsbankans. „Þá áttum við frekar von á að hún myndi styrkjast þegar lengra liði á árið og meira jafnvægi næðist í hagkerfinu."

Krónan hefur hins vegar styrkst jafnt og þétt á árinu. Helstu skýringarnar þar að baki eru að nýr kraftur hefur færst í útgáfu jöklabréfa, sem styður við gengi krónunnar. Það sem af er ári hafa verið gefin út jöklabréf að upphæð 156 milljónir króna. Þá hafa væntingar um vaxtaþróun breyst. Almennt er nú talið að vaxtalækkunarferli Seðlabankans hefjist ekki fyrr en seint á þessu ári.

Greiningardeildin gerir ráð fyrir að gengi krónunnar muni haldast sterkt allt fram til ársloka 2008, þrátt fyrir að Seðlabankinn muni þá hafa lækkað vexti töluvert. „Þegar Seðlabankinn fer að lækka vexti er það gert í þeirri trú og vissu að jafnvægi í efnahagskerfinu sé að verða meira. Þar með minnkar áhættan fyrir erlenda fjárfesta að taka stöðu með krónunni. Þeir munu því væntanlega halda því áfram þrátt fyrir lækkandi vexti."

holmfridur@frettabladid.is

KRÓNAN ÁFRAM STERK Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur á greiningardeild Landsbankans.

Samþykkja sölu La Tasca

Meirihluti hluthafa í spænsku veitingahúsakeðjunni La Tasca hefur samþykkt yfirtökutilboð eignarhaldsfélagsins LAT Holdings upp á 200 pens á hlut. Að eignarhaldsfélaginu standa Kaupþing og fjárfestingasjóðurinn R20, fjárfestingafélag fjölskyldu hins íransættaða Roberts Tchenguiz, sem búsettur er í Lundúnum í Bretlandi. Hann er jafnframt stjórnarmaður í Exista.

Með samþykkinu getur eignarhaldsfélag Kaupþings og Tchenguiz keypt 98,78 prósent hlutabréfa í veitingahúsakeðjunni, 54,6 milljón hluti. Af núverandi hluthöfum eiga félög Kaupþings og Tchenguiz dágóðan skerf sem þau keyptu um það leyti sem yfirtökutilboðið var lagt fram í byrjun apríl. Mun félagið vera í startholunum að gera þeim hluthöfum sem ekki tóku boðinu nýtt tilboð.

La Tasca er skráð á Aim-markaðinn í bresku kauphöllinni í Lundúnum en stefnt er að afskráningu þegar kaupin ganga í gegn. - jab

Atorka selur Parlo Parlogis

Atorka Group hefur gengið frá sölu á vörustjórnunarfyrirtækinu Parlogis hf. sem verið hefur í eigu félagsins frá árinu 2002. Kaupandi er eignarhaldsfélagið Parlo en Guðný Rósa Þorvarðardóttir verður áfram framkvæmdastjóri félagsins.

GUÐNÝ RÓSA ÞORVARÐARDÓTTIR

Kaupverð er sagt vera trúnaðarmál. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans var seljanda til ráðgjafar, en ráðgjafi kaupanda var fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings að því er fram kemur í tilkynningu.

Nýir eigendur Parlogis reka meðal annars Transport toll- og flutningsmiðlun ehf og DM Logistics sem einnig starfa á vörustjórnunarmarkaði. Félögin verða rekin áfram sem sjálfstæðar einingar með óbreyttu sniði. Stjórnarformaður félaganna er Friðrik Smári Eiríksson. - óká

Nám í umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskóla Íslands

Námið veitir undirbúning fyrir störf á teiknistofum landslagsarkitekta, skipulagsfræðinga, verkfræðinga og arkitekta, við ráðgjöf og ýmis störf á vegum opinberra aðila, meðal annars í sveitarfélögum. Námið er góð undirstaða fyrir frekara nám í skipulags-og umhverfisfræði, landslagsarkitektúr og tengdum greinum sem hafa vaxandi vægi í þjóðfélaginu.

Nánari upplýsingar er að fá á vef LbhÍ – www.lbhi.is
Umsóknarfrestur er til 4. júní



LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvanneyri · 311 Borgarnes
Sími 433 5000 · www.lbhi.is

Ráða 98,16% í FIM

Kaupum Glitnis á FIM Group verður að fullu lokið og þau uppgerð eigi síðar en 25. þessa mánaðar samkvæmt tilkynningu félagsins til Kauphallar Íslands í gær. Félagið birti þá bráðabirgðaniðurstöðu yfirtökutilboðs síns í alla hluti og kauprétti í FIM Group.

Tilboðið hófst 25. apríl síðastliðinn og lauk síðasta fimmtudag. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum hafa hluthafar í FIM sem fara með 12.825.638 hluti í félaginu, eða 30,05 prósent hluta og atkvæða í félaginu gengið að tilboðinu. Heildarhlutafjáreign Glitnis í FIM er samkvæmt því 98,16 prósent eftir tilboðið og atkvæðisréttur samsvarandi, að teknu tilliti til hluta sem Glitnir hafði áður eignast í félaginu. „Þessu til viðbótar samþykktu allir kaupréttarhafar yfirtökutilboðið," segir í tilkynningu Glitnis. Lokaniðurstaða yfirtökutilboðsins verður staðfest og tilkynnt eftir helgina. - óká

JAN FORSBOM Í vikunni var frá því greint að Jan Forsbom, sem var yfir eignastýringu FIM í Helsinki, hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri eignastýringasviðs Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tap Atlantic Petroleum eykst

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum tapaði 4,1 milljón danskra króna á fyrsta ársfjórðungi eftir skatta, eða sem nemur tæpum 47 milljónum íslenskra króna. Á sama tíma í fyrra nam tap félagsins 2,33 milljónum danskra króna, eða tæpum 27 milljónum íslenskra.

WILHELM PETERSEN

Í tilkynningu segir félagið afkomuna vera í samræmi við áætlanir. „Aðaláhersla félagsins síðasta ársfjórðung hefur verið á olíuleit," er haft eftir Wilhelm Petersen, forstjóra Atlantic Petroleum.

Heildareignir félagsins í marslok námu rúmum 344,2 milljónum danskra króna, samanborið við 361,4 milljónir í fyrra. - óká

Baugur kaupir 21 sjúkrahús

Breski fasteignasjóðurinn Prestbury hefur náð samkomulagi um kaup á 21 einkareknu sjúkrahúsi í Bretlandi af fjárfestingasjóðnum Capio AB. Kaupverð nemur 686 milljónum punda, jafnvirði 85,7 milljarða íslenskra króna. Bakhjarlar Prestbury eru Baugur, West Coast Capital, fjárfestingafélag skoska fjárfestisins Toms Hunter, sem enn fremur keypti í Glitni af Milestone á dögunum, og Halifax Bank of Scotland.

Fréttastofa Reuters segir húsnæði sjúkrahúsanna leigð áfram fyrir jafnvirði rúmra 4,9 milljarða króna á ári. Samningurinn nær til 30 ára og ættu áætlaðar leigutekjur því að nema rúmum 148 milljörðum íslenskra króna.

HOUSE OF FRASER Baugur og fleiri fjárfestar sem stóðu að kaupunum á House of Fraser í fyrra hafa náð samningum um kaup á 21 einkareknu sjúkrahúsi í Bretlandi.

Fleira liggur undir því fyrrverandi eigandi sjúkrahúsanna, Capio AB, hefur verið seldur til fjárfestingasjóðanna Apax Partners og Nordic Capital.

Fjárfestarnir hafa allir unnið saman með einum eða öðrum hætti um árin en þeir stóðu í sameiningu að kaupunum á bresku verslanakeðjunni House of Fraser ásamt fleirum í fyrra og garðvöruverslanakeðjunni Wyevale Garden Centres í apríl sama ár. Þá munu þeir Jón Ásgeir, forstjóri Baugs, og Tom Hunter hafa farið fyrr á árinu saman til Indlands en þeir stefna að því að fjárfesta saman í gegnum félög sín þar í landi. - jab

HEILSUDAGUR

ÖRUGGIR FÆTUR Á HLAUPUM, SKOKKI EÐA GÖNGU

Laugardaginn 19. maí frá kl. 11:00-15:00

Heilsudagur Flexor verður haldinn í Orkuhúsinu, Suðurlandsbraut 34, laugardaginn 19. maí frá kl. 11:00-15:00. Sérfræðingar veita gestum ráðgjöf um allt sem snýr að útivistar- og stoðtækjabúnaði og hægt verður að fá ráðgjöf sérfræðinga í göngugreiningu til bóta á allskyns kvillum.

Hjá Flexor færðu:

- Göngugreiningu
- Stuðningshlífar
- Stafgöngustafi
- Hitahlífar
- Ráðgjöf
- Innlegg
- Íþróttaskó
- Gönguskó
- Barnaskó

Ráðgjöf og göngugreining

10-20%
afsláttur af öllum skóm

ÖSSUR · SCARPA · ecco · asics · Teva · MIZUNO

FLEXOR
NÆSTA SKREF
Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Svínavöðvi beinlaus og fitulítill

Íslands svínavöðvi
BEINLAUS OG FITULÍTILL
1329 KR.
kílóverð nú
MERKT VERÐ 1898 KR.

Hvítlauks- eða jurtakryddaðar grillkjúklingabringur

30% afsláttur
við kassann

Bónus kryddbringur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1959 KR.
Merkt verð 2798 KR.

Nýtt kortatímabil!

Rafmagns hlaupahjól
5998 KR.

RAFMAGNS HLAUPAHJÓL

EKKERT BRUDL

Grillframpartssneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
698 KR.
Merkt verð 998 KR.

Grilllamb frampartssneiðar

STEIKTUR LAUKUR 200g
STÖKKUR RISTAÐUR

STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g

10 Bónus vínarpylsur
í pakka - verð um:
250 KR.

5 pylsubrauð
69 KR.

Skynsemin velur Bónus!

www.bonus.is

Kótelettudagar!

SS grill lambakótelettur

25% afsláttur við kassann

SS grill nautakótelettur

25% afsláttur við kassann

SS grill svínakótelettur

25% afsláttur við kassann

KF lambakótelettur í raspi

40% afsláttur við kassann

BÓNUS

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ný stjórn og önnur andstaða:

Rökréttur kostur

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Úr úrslitum kosninganna fyrir viku var ekki unnt að lesa skýr skilaboð kjósenda um ríkisstjórnarsamstarf. Tilboð stjórnarandstöðunnar um nýja stjórn fékk ekki hljómgrunn hjá kjósendum. Tæpur meirihluti stjórnarflokkanna hafði ekki nægilega traust bakland til áframhaldandi samstarfs.

Í því ljósi var rökrétt að Sjálfstæðisflokkur og Samfylking reyndu myndun nýrrar ríkisstjórnar. Málefnalega skilur minnst á milli þessara tveggja flokka. Ólíklegt er að formenn flokkanna hefðu hafið tilraun til slíkrar stjórnarmyndunar nema fyrir þá sök að þeir hafi fyrirfram þóst sjá til lands í þeim málamiðlunum sem augljóslega blasa við.

Samstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur mun öflugri þingmeirihluta en fráfarandi ríkisstjórn. Hitt skiptir þó meira máli að í pólitískum skilningi er um mun breiðara samstarf að ræða. Ákvarðanir geta að vísu um margt orðið snúnari. Á móti kemur að ný stjórn af þessu tagi ætti að hafa breiðari stuðning bæði meðal atvinnufyrirtækja og launþega.

Framundan eru margvíslegar ákvarðanir sem kalla á sterka ríkisstjórn. Þannig blasir við að gæta þurfi verulegrar aðhaldssemi í rekstri ríkissjóðs til þess að treysta betri stöðugleika í hagkerfinu. Á sama tíma sitja báðir stjórnarflokkarnir með lista nýrra úrlausnarefna sem kjósendum var gerð góð grein fyrir í kosningabaráttunni.

Þessar aðstæður krefjast mikils aga við forgangsröðun verkefna. En þær kalla líka á nýjar lausnir í rekstri opinberrar þjónustu. Síðasta stóra verkefnið á því sviði var sameining spítalanna. Hún hefur skilað meiri afköstum og víðtækari þjónustu í heilbrigðiskerfinu fyrir sömu fjármuni. Það var engin skyndilausn. Slíkar aðgerðir gera kröfu um úthald.

Án aðgerða af þessu tagi er enginn vegur að sinna nýjum viðfangsefnum í opinberri þjónustu. Ný rekstrarform og samvinna við einkahlutafélög hafa víða verið notuð sem tæki til þess að ná slíkum markmiðum. Þeir frjálslyndu sósíaldemókrataflokkar sem náð hafa bestum árangri í Evrópu hafa verið óhræddir við að beita nýjum starfsháttum að þessu leyti.

Fróðlegt verður að sjá hvort væntanlegri ríkisstjórn tekst að láta ferskan vind blása af Arnarhóli. Hún þarf vissulega að leysa nýja hugsun úr læðingi. Með því móti einu má bæta velferðarþjónustuna og stuðla að áframhaldandi framförum í skólamálum.

Jafn áhugavert verður að fylgjast með breyttri stjórnarandstöðu. Hún er líka á sinn hátt að leggja grunn að nýrri pólitískri framtíð. Á síðasta kjörtímabili náði Vinstri grænt þeirri vígstöðu að fara lengstum með málefnalega forystu. Það var ekki fyrr en eftir álversatkvæðagreiðsluna í Hafnarfirði að Samfylkingunni tókst að ákveða dagskrá stjórnarandstöðunnar.

Framsóknarflokkurinn stendur nú frammi fyrir því tvíþætta hlutverki að gera upp við sig hvers kyns flokkur hann ætlar að vera til framtíðar og ná trausti sem ábyrgt forystuafl í stjórnarandstöðu. Fyrsta prófmálið laut eðlilega að afstöðu til nýrrar ríkisstjórnarmyndunar. Þar kaus forysta Framsóknarflokksins að apa eftir ótrúverðugum viðbrögðum Vinstri grræns.

Of fljótt er að draga ályktanir af þessu fyrsta skrefi. Hitt er staðreynd að í mótlæti Framsóknarflokksins felast líka ný tækifæri. En spurningin er: Hvort leggst hann í var eða siglir?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vangaveltur um kynjahlutföll
Tólf ráðherrar voru í fráfarandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Í þeirri stjórn sem nú víkur voru fjórir kvenkyns ráðherrar eða þriðjungur. Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur sagði í hádegisfréttum í gær vonast eftir ríkisstjórn með jöfnu hlutfalli karla og kvenna. Á póstlista femínista er einnig rætt um málið og minnt á samþykkt Samfylkingar frá landsfundi þess efnis að kynjahlutföll ættu að vera jöfn í ráðherraliði Samfylkingarinnar.

Hverjar koma til greina
Kvenréttindakonan Ingibjörg Sólrún vill örugglega ekki hafa hlut kvenna lægri í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks en í fráfarandi stjórn. En það er ekki víst að það takist. Konur sem taldar eru eiga tilkall til embættis hjá Samfylkingunni eru helstar nefndar auk formannsins þær Þórunn Sveinbjarnardóttir, Katrín Júlíusdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir. Hjá sjálfstæðismönnum fær Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir örugglega ráðherraembætti. Ekki eru margar aðrar nefndar til sögunnar hjá þeim flokki, helst að minnst sé á Ástu Möller og Guðfinnu Bjarnadóttur.

Hvað á barnið að heita?
Takist stjórnarmyndun flokkanna hafa framsóknarmenn lagt fram tillögu að nafni ríkisstjórnarinnar, Baugsstjórn. „Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar er óskabarn eigenda eins stærsta auðfélags landsins, svo sem berlega kom fram í sérblaði DV sem gefið var út í kosningavikunni Framsóknarflokknum til ófrægingar. Ef þessi nýja ríkisstjórn kemst á koppinn verður hún trúlega kennd við foreldri sitt og nefnd Baugsstjórnin," segir Jón Sigurðsson formaður Framsóknarflokksins í pistli. Samfylkingarmenn og sjálfstæðismenn eru líklega ekki hressir með nafngiftina og reyna væntanlega að hrista hana af sér með einhverjum ráðum.

sigridur@frettabladid.is

Umhverfissveifla

SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Alþingiskosningarnar

Enginn vafi er á því hver eru helstu tíðindi þingkosninganna sl. laugardag. Í fyrsta lagi styrkti Vinstrihreyfingin – grænt framboð stöðu sína verulega, bætti við sig 5,6% og hlaut 14,4% atkvæða og 9 þingmenn kjörna. Sá flokkur sem bætti næstmestu fylgi við sig var nýr flokkur, Íslandshreyfingin, sem hlaut 3,3% en fékk ekki mann kjörinn á þing. Hvortveggja lagði ríka áherslu á að endurskoða núverandi stefnu stjórnvalda í atvinnumálum – ekki síst þá áráttu að troða álverum í hvert einasta skúmaskot á landinu.

Það er sama hvað reynt verður að segja til að breiða yfir þessa niðurstöðu; 8,9% sveifla gegn atvinnustefnu stjórnvalda eru mikil tíðindi meðal þjóðar sem er jafn íhaldssöm og Íslendingar og hefur lengi búið við góðæri. Úrslitin eru skýr krafa um það að velferð okkar megi ekki byggja á sandi. Við viljum vissulega hagvöxt og uppbyggingu en það má ekki vera á kostnað velferðar og uppbyggingar í framtíðinni.

Framsóknarflokkurinn beið afhroð í kosningunum og hefur aldrei fengið minna fylgi í alþingiskosningum í rúmlega 90 ára sögu flokksins. Meira að segja þar sem fylgi flokksins er mest, á Norðausturlandi, er það í sögulegu lágmarki. Framsóknarflokkurinn fékk færri atkvæði í kjördæminu núna, en hann fékk samtals í Norðurlandi eystra og Austurlandi í öllum þingkosningum 1959-1999 (og er þá ekki tekið tillit til fólksfjölgunar). Ekki er þar með sagt að fylgishrunið komi á óvart. Framsóknarmenn skáru sig úr í kosningabaráttunni með neikvæðum málflutningi og það kom niður á þeim. Núna stendur Framsóknarflokkurinn frammi fyrir vali; hann getur annaðhvort endurskoðað stefnumál sín og áherslur — eða haldið áfram að glata tiltrú kjósenda uns flokkurinn hverfur. Líklega verður skipt um forystumann í brúnni og miðað við árangur í kosningunum er afar líklegt að Valgerður Sverrisdóttir taki við formennsku. Í augum umhverfissinna hefur hún neikvæða ímynd en það þarf ekki að vera ókostur. Að sumu leyti er Valgerður í sterkari stöðu en margir aðrir innan flokksins til að leiða endurskoðun á stóriðjustefnunni. Hins vegar er ekki trúlegt að það muni gerast nema að Framsóknarflokkurinn fari í stjórnarandstöðu. Flokkar á valdastóli takast sjaldan á hendur málefnalegt uppgjör.

Tap Samfylkingarinnar var óvæntara en fylgishrun Framsóknarflokksins. Flokkurinn hefur notið þess að vera í stjórnarandstöðu og lagði mikla fjármuni í kosningabaráttuna. Eigi að síður var útkoman lakasti árangur flokksins frá stofnun; tæp 26,8%. Á því kunna að vera ýmsar skýringar en ein hlýtur að vera sú að Samfylkinguna skortir málefnalega sérstöðu. Helsta málefnið sem hefur átt að sameina flokksmenn er að flokkurinn eigi að vera stór og mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn. En raunverulegt mótvægi felst ekki í stærð heldur málefnum og Samfylkingin hefur alls ekki veitt Sjálfstæðisflokknum málefnalegt aðhald. Í átökum um velferð, umhverfi og stefnu í alþjóðamálum er það jafnan VG sem er mótpóllinn við Sjálfstæðisflokkinn. Í því ljósi er það kannski ekki furðulegt að Sjálfstæðisflokkurinn skuli vera fyrsti valkostur Samfylkingarinnar í stjórnarmyndunarviðræðum, en eigi að síður hljóta einhverjir kjósendur flokksins að vera vonsviknir. Önnur tíðindi eru auðvitað að Samfylkingin er nú orðin karlaflokkur — einungis 6 af 18 þingmönnum flokksins eru konur.

Tap Samfylkingarinnar kom svolítið á óvart en einnig verður að teljast óvænt að Frjálslyndi flokkurinn heldur stöðu sinni á þinginu — þótt enn hafi engin kona náð kjöri á þing fyrir flokkinn. Frjálslyndi flokkurinn náði að sumu leyti góðum árangri í að móta sér málefnalega sérstöðu í vetur, en það var á kostnað samstöðu stjórnarandstöðuflokkanna. Enda þótt VG og Samfylkingin hafi nú hlotið meira fylgi samanlagt en vinstriflokkar á Íslandi í nokkrum kosningum fyrir utan 1978 þá var aldrei von til þess að flokkarnir næðu hreinum meirihluta á Alþingi. Með málflutningi sínum í innflytjendamálum gerðu Frjálslyndir það að verkum að stjórnarandstaðan varð aldrei trúverðugur valkostur við ríkisstjórnina.

Erfitt er að meta kosningaúrslit þegar ríkisstjórn heldur velli með atkvæðum 48,4% þeirra sem taka afstöðu. Hvort eru kjósendur að velja breytingar eða sama grautinn í eilítið öðruvísi skál? Sveiflan til umhverfisaflanna segir okkur hins vegar hvað það er sem þjóðin vill breyta. Nú er að sjá hvort þingmeirihlutinn er til í að taka mark á þjóðinni um þetta.

Athugasemd vegna viðtals við dómsmálaráðherra

UMRÆÐAN
Landskjörstjórn

GESTUR JÓNSSON

Í Viðskiptablaðinu 18. maí er viðtal við Björn Bjarnason dómsmálaráðherra þar sem hann lætur í ljós skoðanir á auglýsingum Jóhannesar Jónssonar, kaupmanns í Bónus, sem skoraði á kjósendur Sjálfstæðisflokksins í kjördæmi ráðherrans að strika yfir nafn hans á kjörseðlinum. Í því samhengi er haft eftir ráðherranum:

„Athygli hefur verið vakin á því að Gestur Jónsson höfuðlögmaður Baugs er formaður landskjörstjórnar. Jón Steinar Gunnlaugsson sagði af sér sem formaður yfirkjörstjórnar þegar Ólafur Ragnar Grímsson var í kjöri vegna orða, sem hann hafði látið falla um Ólaf. Gestur Jónsson telur hins vegar eðlilegt, að hann sitji sem formaður landskjörstjórnar."

Mér er gert óþarflega hátt undir höfði þegar ég er titlaður „höfuðlögmaður Baugs". Hið rétta er að ég hef verið skipaður verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í málum ákæruvaldsins gegn honum. Ég get því miður ekki hreykt mér af því að hafa sem lögmaður átt þátt í glæsilegri uppbyggingu Baugs á undanförnum árum.

Mér finnst afleitt að ráðherrann dragi nafn Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttardómara inn í umræðuna með þessum hætti. Ráðherrann veit vel að hlutverk landskjörstjórnar í alþingiskosningum er gjörólíkt hlutverki yfirkjörstjórna í forsetakosningum. Í forsetakosningum eiga kjósendur val á milli fárra einstaklinga en í alþingiskosningum er kosið á milli stjórnmálaflokka þar sem frambjóðendur skipta hundruðum. Yfirkjörstjórnir annast alla framkvæmd kosninganna þ.m.t. talningu atkvæða og útstrikana. Landskjörstjórn tekur síðan við skýrslum frá yfirkjörstjórnum hvers kjördæmis m.a. um atkvæðatölur hvers lista og fjölda útstrikana einstakra frambjóðenda. Landskjörstjórn úthlutar þingsætum á grundvelli þessara upplýsinga og gefur síðan út kjörbréf til þeirra sem kosningu hlutu.

Mér finnst það vera áhyggjuefni að dómsmálaráðherra skuli gefa það í skyn í opinberu viðtali að staða mín sem verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar geri mig vanhæfan sem formann landskjörstjórnar.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður og formaður landskjörstjórnar.

Orkuveita Reykjavíkur

Við viljum gera enn betur

Orkuveitan er fyrst íslenskra fyrirtækja með þá stefnu að fjölga vistvænum farartækjum í starfsemi sinni. Innan sex ára er stefnt að því að vera með að minnsta kosti 55% af bíla- og vinnuvélaflota fyrirtækisins knúin með vistvænum orkugjöfum og strax í ár mun hlutfallið verða að minnsta kosti 10%.

Orkuveita Reykjavíkur tengir heimilin við náttúruauðlindir landsins. Ábyrg stefna og umhyggja fyrir umhverfi og samfélagi er því grundvallarþáttur í starfsemi OR.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 37672 05/07

• Ökumenn OR eru sendir á vistakstursnámskeið til að stuðla að minni útblæstri frá bílaflota fyrirtækisins.

www.or.is

Skógfræði og landgræðsla við Landbúnaðarháskóla Íslands

Síðastliðið haust hóf Landbúnaðarháskóli Íslands að kenna skógfræði og landgræðslu til BS og MS gráðu.

- Þriggja ára nám
- Áhersla lögð á traustan vísindalegan grunn
- Nemendur búnir undir störf sem fræðimenn, stjórnendur eða sjálfstæðir atvinnurekendur
- Fjarnám og sjálfstæð MS verkefni
- Umsóknarfrestur um skólavist er til 4. júní

Hafið samband við kennsluskrifstofu Landbúnaðarháskólans eða brautarstjóra Skógfræði og landgræðslubrautar, Bjarna Diðrik Sigurðsson (bjarni@lbhi.is) til að fá frekari upplýsingar. Nánari upplýsingar er einnig að fá á heimasíðu LbhÍ - www.lbhi.is

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvanneyri · 311 Borgarnes
Sími 433 5000 · www.lbhi.is

Tjáðu þig!

Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

MAÐUR VIKUNNAR

Hjartahlýr dugnaðarforkur með fullkomnunarárátttu

Helgi Tómasson dansari var sæmdur stórkrossi íslensku fálkaorðunnar, sem er æðsta viðurkenning sem forseti Íslands veitir einstaklingum, á Bessastöðum í byrjun vikunnar. Helgi náði langt sem dansari og danshöfundur en hefur ekki síður náð langt sem listrænn stjórnandi San Francisco ballettsins en dansflokkurinn telst vera einn sá besti í Bandaríkjunum.

Við athöfnina á Bessastöðum sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, að Helgi væri einn þeirra þriggja listamanna sem hefði náð hvað lengst í listheiminum. Hinir tveir eru Björk Guðmundsdóttir og Halldór Laxness.

Ólíkt Björk og Laxness hefur Helgi lagt stund á listgrein sem hefur átt litlum skilningi að mæta hér á landi. Lengi vel var það undir hælinn lagt hvort fjallað var um Helga eða verk hans í fjölmiðlum. Velgegni Helga hefur því kannski verið mun meiri en Íslendingar hafa áttað sig á þótt skilningur þeirra hafi farið vaxandi á síðustu árum.

Helgi fæddist í Reykjavík en fyrstu æviárunum eyddi hann í Vestmannaeyjum. Helgi fluttist til Reykjavíkur á áttunda aldurs ári. Bjó fyrst á Nýlendugötunni en fluttist svo með fjölskyldu sinni á Fornhagann.

Helgi sá ballettsýningu í fyrsta sinn þegar Konunglegi danski ballettinn hélt sýningu Vestmannaeyjum og upp frá því kviknaði áhuginn. Hann hóf dansnám hjá Sigríði Ármann og Sif Þórs. Sigríður segir að Helgi hafi verið „ósköp fallegur og lítill drengur og ljómandi duglegur“. Fyrsta verkið sem Helgi tók þátt í að setja upp var Draumur garðyrkjumannsins sem var sýnt í Þjóðleikhúsinu árið 1951 en þá var Helgi níu ára.

Tíu ára fór Helgi í listdansskóla Þjóðleikhússins sem Bidstedhjónin ráku en þau áttu eftir að hafa mikil áhrif á hann og lögðu í raun grunninn að því sem Helgi byggði ofan á. Helgi fylgdi Bidstedhjónunum til Kaupmannahafnar þar sem hann dansaði á sumrin með Pantotime-ballettflokknum í Tívolí-garðinum. Þegar Helgi var unglingur var hann með annan fótinn í Danmörku en kom eins oft og hann mögulega gat til Íslands. Hann var afar náinn móður sinni en það var hún sem hafði dregið hann á fyrstu ballettsýninguna.

Helgi kynntist tveimur af helstu ballettdönsurum heims, Jerome Robbins og George Balanchine, þegar hann var táningur. Fyrir tilstuðlan Robbins fékk Helgi námsstyrk til að nema dans við School of American Ballet í New York. Helgi dansaði með Harkness-ballettflokknum í New York til ársins 1970 þegar hann gekk til liðs við New York City Ballet. Þar dansaði hann til ársins 1985 þegar hann lagði dansskóna á hilluna og tók við listrænni stjórn hjá San Francisco ballettinum.

Kona Helga heitir Marlene Tómasson. Þau eiga tvo syni; Kristin, sem starfar hjá bílaframleiðandanum Ford og Erik, sem starfar við hlið föður síns þar sem hann sér um myndatökur fyrir San Francisco-ballettinn. Helgi og Marlene eiga sumarhús í Napa-dalnum í Kaliforníu en þangað flýja þau þegar þau vilja slappa af og teygja úr sér. Helgi ræktar þar líka sitt eigið vín. Helgi kemur reglulega til Íslands en á miðvikudaginn heimsótti hann Vestmannaeyjar með forseta Íslands og fylgdarliði. Það var í fyrsta sinn sem Helgi heimsótti Eyjarnar frá því að hann var barn. Samferðafólk Helga lýsir honum sem alvörugefnum, hjartahlýjum fullkomnunarsinna. Hann er hófsamur maður með gríðarlega sköpunargáfu. Sem dansari lagði Helgi mikið á sig, var með ótrúlega tækni en um leið afskaplega einlægur í því sem hann tók sér fyrir hendur. Þeir sem hafa dansað undir stjórn Helga segja hann strangan og kröfuharðan en segja hann jafnframt kurteisan og skemmtilegan, sem sé ekki vaninn í ballettheiminum, enda beri hann virðingu fyrir dönsurum.

Samferðafólks Helga er sammála um að hann hafi fallega framkomu, sé hlýr eða eins og Sigríður Ármann lýsir því: “Persónuleiki Helga endurspeglast í dansinum hjá honum því þar

HELGI TÓMASSON



ÆVIÁGRIP

Helgi Tómasson er fæddur í Reykjavík 8. október árið 1942, sonur Dagmarar Helgadóttur og Tómasar Bergs Snorrasonar. Þegar foreldrar hans slitu samvistum fluttist Helgi með móður sinni upp á land. Hún giftist Jóni Hauki Guðjónssyni húsasmíðameistara árið 1953 en hann lést árið 2001. Helgi á einn hálfbróður, Guðjón Inga Hauksson. Dagmar lést árið 1980 þá 66 ára gömul en Tómas lést árið 1970.
Helgi hóf dansnám hjá Sigríði Ármann og Sif Thors en tíu ára gamall skráði hann sig í Listdansskóla Þjóðleikhússins. Helgi fór síðan í School of American Ballet í New York og dansaði fyrst með Joffrey-ballettinum og síðar Harkness-ballettflokknum. Árið 1970 gekk hann svo til liðs við New York City Ballet hópinn. Þar dansaði hann til ársins 1985 þegar hann lagði dansskóna á hilluna og tók við listrænni stjórn hjá San Francisco ballettinum sem hann hefur stýrt síðan við góðan orðstír.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Helgi þótti einn besti ballettdansari heims á árum áður og hreppti meðal annars silfurverðlaun á fyrstu alþjóðlegu ballettsamkeppninni í Moskvu árið 1969. Gullverðlaunin í þeirri keppni hreppti danssnillingurinn Mikhail Baryshnikov. Helgi dansaði með Harkness-danshópnum og síðar New York City Ballet hópnum sem einn af aðaldönsurum hópsins. Meðal þeirra sem sömdu dansa fyrir Helga voru Jerome Robbins og George Balanchine sem voru tveir bestu ballettdansarar heims.
Helgi hefur nú stýrt San Francisco ballettinum, elsta atvinnudansflokki Bandaríkjanna, í rúm tuttugu ár og hefur hróður flokksins borist víða. Er meðal annars talinn einn af fjórum bestu danshópum Bandaríkjanna. Helgi fékk stórkross íslensku fálkaorðunnar í byrjun vikunnar en þetta er í annað sinn sem listamaður er sæmdur krossinum. Fyrstur til að vera sæmdur honum var Halldór Laxness.

HVAÐ SEGIR HANN?

„Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu en að fá svona stórkostlega viðurkenningu [riddarakrossinn] frá löndum mínum...það er ekkert sem kemst nærri því. Það er stórkostlegt.“

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann var mjög vel af guði gerður, hafði fallegan kropp, alvörugefinn og brosti lítið en var afskaplega hlýr. Hann hafði allt með sér, fallegan kropp, alvörugefinn og brosti lítið en var afskaplega hlýr. Hann var alveg ljómandi duglegur.“ Sigríður Ármann fyrsti danskennari Helga.
„Helgi er alvörugefinn en hlýr og svo er hann með fullkomnunarárátttu.“ Guðjón Ingi Hauksson, bróðir Helga.

Opnum eftir miklar breytingar

Glæsileg opnunartilboð

Stillanlegt og þægilegt

2 Infinity stillanlegir botnar • 2 Infinity heilsudýnur • Króm lappir og Infinity gafl

Opnunartilboð kr. 309.900,-

Full verslun af nýjum teppasettum

skrautpúðum og glæsilegum sængurverum



Queen opnunartilboð

Queen Stærð 152x203 cm • Chiro Deluxe heilsudýna • Queen botn • Queen gafl og lappir

Opnunartilboð kr. 129.900,-

Áttu von á gestum? Aldrei meira úrval

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.

Betra BAK

Reykjavík	Ísafirði	Akureyri
Faxafeni 5	Skeiði 1	Tryggvabraut 24
Sími 588 8477	Sími 456 4566	Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Skrúfað fyrir öndunarvélina

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá sjúkrahúsvist, pólitískri fyrirgefningu og áfallahjálp. Einnig er vitnað í Sturlungu og útskýrt hvernig breyta má Landspítalanum í hátæknisjúkrahús fyrir hundrað þúsund kall.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

LAUGARDAGUR, 12. MAÍ.

Kosningadagurinn

„Ætlarðu ekki að koma með okkur að kjósa?“ spurði ég litlu Sól í morgun.

„Kjósa Össur?“ spurði hún á móti. Það segir mér tvennt, að hún hefur greinilega stjórnmálahæfileika úr því að hún kann að svara einfaldri spurningu með annarri spurningu, og sömuleiðis að hún er frændrækin vel.

Ég var að hugsa um að benda henni á að **Geir Haarde** er líka fjarskyldur ættingi hennar og er í framboði í Reykjavík rétt eins og Össur frændi. En ég fór ekki út í að útskýra kjördæmaskiptingu og reglurnar um úthlutun fyrir henni. Ekki vegna þess að barnið er bara þriggja ára, heldur vegna þess að þetta kosningakerfi er ofvaxið mínum skilningi.

Á leið minni á kjörstað var ég að hugsa um að stjórnmálaumræðan síðustu daga fyrir kosningar ætti að snúast um kosningamál – ekki skoðanakannanir.

Nú ættum við að taka skynsamlega á hlutunum og banna skoðanakannanir síðustu vikuna fyrir kjördag og tryggja að samtöl við stjórnmálamenn rétt fyrir kosningar snúist um stjórnmálastefnur en ekki um viðbrögð við nýjustu niðurstöðum skoðanakannana.

Það hlýtur að vera réttur minn sem einstaklings að biðja samfélagið að vernda mig síðustu daga fyrir kosningar fyrir sífelldu áreiti fólks sem hefur tekjur af því að framkvæma skoðanakannanir og vill í sífellu troða upp á mig óþörfum upplýsingum.

SUNNUDAGUR, 13. MAÍ.

Svarti dauðinn, Sjálfstæðisflokkur, pólitísk fyrirgefning og Sturlunga

Nú byrjar fengitíminn hjá stjórnmálaflokkunum. En áfallahjálp hefur forgang.

Geir Haarde er með starfsfélaga sinn **Jón Sigurðsson** í áfallahjálp, strýkur honum um sveittan vangann og hvíslar að honum í hugguarrómi að þetta hefði allt saman getað farið miklu verr.

„Sussubía, Nonni minn,“ segir Geir góði. „Það hafa að vísu sviðnað á þér fjaðrirnar en þú ert samt uppáhalds verndarengill okkar Sjálfstæðismanna. Vertu bara rólegur. Það verður ekki kosið aftur fyrr en eftir langan, langan tíma.“

Það er fallegt að sjá þessa hlýju sem Geir sýnir. Best af öllu er að fá að horfa á þetta í sjónvarpinu. Þarna eru allir formennirnir mættir:

Það er greinilega ekki hættulaust starf að aðstoða Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn. Í upphafi komu 17 þingmenn til þeirra stuðningsstarfa frá Vinnumiðlun Framsóknar. Nú lifa sjö. Tíu eru fallnir. Það er 60 prósent mannfall.

Aðeins Svarti dauði hefur skilið eftir sig hærri dánartölur í sögu Evrópu, um 30 prósent þar sem hann kom mildast niður og rétt yfir 60 prósent þar sem hann var verstur. Það er hluti af áfallahjálpinni hjá Geir að segja að þetta séu rangar tölur: „Það er gott og heilsusamlegt að vinna með okkur,“ hvíslar hann að Jóni og horfir á hann blíðlega. Jón svitnar í fanginu á honum og fær ósjálfráðar snerkjur í andlitið.

Steingrímur J. Sigfússon er greinilega ekki jafn bjartsýnn á lífslíkur Jóns. Hann ávarpar sjúklinginn af kennivaldi og biður hann að játa syndir sínar og iðrast fyrir dauðann.

Sjálfur er Steingrímur hinn sprækasti og ætlar engrar afsökunar að biðjast á því að heimta „zero Framsókn“, tala um „Framsókn og spillingu“ og að útrýma Framsóknarflokknum.

Jón tók ekki tilboðinu, afþakkaði náðarmeðulin. Sem var skynsamlegt í ljósi íslenskrar stjórnmálasögu.

Í ofanverðum september árið 1264, nánar til tekið á 27. degi mánaðarins kom Oddaverjinn Þórður Andrésson fyrir Gizurr Jarl Þorvaldsson af ætt Haukdæla.

Þórður mælti þá: „Þess vil ég biðja þig Gizurr jarl, að þú fyrirgefir mér það er ég hef af gert við þig.“

„Það vil ég gera,“ segir Gizurr, „þegar þú ert dauður.“

Síðan var Þórður hálshöggvinn.

SAMSETTMYND

ÞÚ HVÍLIST HVERGI BETUR EN Á LANZAROTE

Afslöppun, rómantík og góður matur í heimsins besta veðri!

Princesa Yaiza ✶✶✶✶✶ (með morgunmat)

Lúxus hótel fyrir vandláta - einstakar svítur í boði

1 vika: 24. júní - 1. júlí

Frá 66.048,-

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn. M.v. 2 fullorðna: 78.321.-

Stórkostlegt 5 stjörnu lúxushótel á Playa Blanca sem hefur slegið í gegn. Án efa eitt glæsilegasta hótel sem staðið hefur íslenskum ferðamönnum til boða. Svítur og fjölskyldusvítur. Barnaland hótelsins er frábært.

Playa Flamingo ✶✶✶

Frábært fjölskylduhótel

1 vika: 24. júní – 1. júlí

Frá 49.297.-

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn. M.v. 2 fullorðna: 58.957.-

Flamingo er frábært fjölskylduhótel við Playa Flamingo ströndina á Playa Blanca. Ferjuhöfnin og miðbær Playa Blanca er í göngufæri með fjölda veitingastaða og verslana. Nóg er af leiktækjum bæði yrir börn og fullorðna.

JÓNSSON & LE'MACKS • 11.15 • SÍA

Farðu inná www.sumarferdir.is eða hringdu í síma 575 1515.

SUMAR FERÐIR – ERU BETRI EN AÐRAR!

www.kreditkort.is | Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500,- fyrir hvern farþega.

Sumarferðir Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

Þessi litla saga um fyrirgefningu í íslenskri stjórnmálasögu á sennilega nokkurn þátt í því að stjórnmálamenn hafa verið tregir til að biðja hver annan afsökunar eða falast eftir afsökunarbeiðnum.

Við vorum boðin í skírnarveislu í dag. Systursonardóttir mín, ef það orð er þá til, var til skírnar borin í Háteigskirkju og var skírð **Birna Mjöll**.

Enginn organisti var við athöfnina, en það kom ekki að sök því að presturinn, séra **Helga Soffía** hefur svo fallega söngrödd að annað eins hef ég ekki heyrt í kirkjum lands síðan síra Þorsteinn heitinn Björnsson söng í Fríkirkjunni fyrir margt löngu.

Ég spái því þegar Birna Mjöll skírir börnin sín verði **Framsóknarflokkurinn** fyrir löngu risinn upp úr sínum andlegu og líkamlegu veikindum og búinn að finna aftur löngu gleymd stefnumál sín og eigi falleg heimili bæði í borg og sveit og hafi á nýjan leik lært að treysta óbreyttum flokksmönnum sínum, sem sé þá kúnst að hlusta á grasið gróa.

MÁNUDAGUR, 14. MAÍ.

Ljótur leikur og amma í öndunarvél

Það eru fleiri en stjórnmálamenn sem eiga það til að vera ekki vandir að meðulum. Það er dapurlegur og ljótur leikur að nota sjúklinginn **Lalla Johns** í auglýsingu **Öryggismiðstöðvarinnar**.

Það er hrein og klár mannvonska að notfæra sér neyð annarra. Ég skora á alla sem eru í viðskiptum við þetta fyrirtæki að hugsa sinngang og velta því fyrir sér hvort ekki sé vitlegra að beina viðskiptum til einhvers sem hefur vott af siðferðisþroska. „**Himinn og haf**“ heitir víst auglýsingastofan sem fékk þessa smekklegu hugmynd. Gott að vita það fyrir þá auglýsingendur sem sækjast eftir því að fá almenningsálitið upp á móti sér.

Ég skil vel að nú er fengitíminn hjá stjórnmálaflokkunum og formenn þeirra langar til að sýna manndóm sinn með því að belgja sig út til marks um að þeir kunni öll trixin í faginu.

Eflaust er tilgangur Geirs með yfirlýsingum um að stjórnin sé ekki fallin sá að sýna öðrum flokkum að hann þurfi í rauninni ekkert á þeim að halda, svo að þeir geri ekki óraunhæfar kröfur þegar til þeirra verður leitað.

En yfirlýsing um að stjórn D og B geti setið áfram finnst mér álíka trúverðug og ef einhver lýsti því yfir að hann ætlaði að ganga með ömmu sinni á Everest – þegar allir vita að amman er í öndunarvél.

Þessi flensa sem ég fékk um helgina ætlar ekki að gera það endasleppt við mig. Ég búinn að vera með skelfilega verki í beinum og liðamótum síðan ég stóð upp úr flensunni, og nú gat ég bara ekki staðið lengur á löppunum.

Í kvöld var ég lagður inn á **Landspítalann**, bráðamóttöku ofan í kjallara við Eiríksgötu. Ég er hér í sex eða átta manna stofu. Sé það ekki nákvæmlega af því að stofunni er skipt niður með bláum tjöldum sem eru dáldið sjúskuð og á sífelldri hreyfingu eins og leiktjöld á fjörugri leiksýningu.

Hér er algert jafnrétti í reynd. Konur og karlar í einni kös.

Ég er lukkunnar pamfíll og hef ekki yfir neinu að kvarta. Ég var að fá mitt einkahorn í alvöru sjúkrastofu. Aðeins þrír aðrir hér inni hafa aðgang að 90° horni.

Frammi á gangi liggur fullt af fólki sem er svo óheppið að veikjast á eftir mér. Það getur þó haft sína kosti. Ef maður liggur á ganginum er sennilega betra útsýni yfir starfsemi deildarinnar og hugsanlega betri aðstaða til að ná læknisfundi ef maður hefur verið nógu forsjáll til að taka með sér háf eða krókstjaka.

Hér eru gerð á mér hjartalínurit, ómanir, speglanir, teknar blóðprufur, þvagprufur. Ég er tengdur við súrefni, mælitæki og ýmiss konar hátæknibúnað svo að ég get ekki ímyndað hvað vantar upp á að þetta sé hátæknisjúkrahús. Nema kannski breikka gangana svo að fleiri sjúklingar geti legið á þeim og starfsfólkið samt komist leiðar sinnar.

FIMMTUDAGUR, 16. MAÍ.

Vil fá sama skammt og konan í næsta rúmi

Ég svaf alveg dásamlega í nótt. Reyndar vaknaði ég til að öfunda konuna í næsta rúmi af því hvað hún hraut einstaklega vel og hraustlega.

Ég reyni að finna betri svefnstellingu. Við bröltið slít ég af mér einhverja víra sem tengja mig við mælitæki. Þetta sjá næturhjúkkurnar og koma á harðaspretti.

Þær spyrja hvort ég vilji fá eitthvað til að geta sofið.

Ég bendi á konuna sem hrýtur og bið um að fá það sama og hún — kannski aðeins meira.

Og eftir augnablik er ég sofnaður aftur.

Mér er færður morgunmatur í rúmið eins og á besta hóteli og svo fara að tínast að mér læknar og sérfræðingar til að kynna rannsóknarniðurstöður úr honum ýmsu kjördæmum líkamans.

Rökstuddur grunur beinist að illvígum bakteríum sem heita því ljóta nafni streptókokkar sem eru taldir hafa átt sök á hálsbólgu, beinverkjum og vanlíðan um síðustu helgi. Sjúkdómsgreiningin er gauklabólga eða nýrnabólga.

Góðu fréttirnar eru að þetta lagast – yfirleitt.

Vondu fréttirnar eru að það tekur nokkrar vikur eða nokkra mánuði að komast til sæmilegrar heilsu – ef það tekur þá ekki lengri tíma.

Klukkan hálffimm fæ ég að fara heim. Næ ekki að kveðja neinn til að þakka fyrir mig. Það er verið að hátta nýjan sjúkling ofan í rúmið mitt og verið að skipta um sængurföt á rúminu sem losnaði á ganginum. Sem betur fer eru engar biðraðir á planinu fyrir utan spítalann.

Ég er með handskrifuð fyrirmæli, tímabókun hjá Arnóri gigtarlækni næstkomandi þriðjudag, og lyfseðla upp á vasann þegar frú Sólveig kemur að sækja mig. Það eina sem mér finnst vanta upp á að Landspítalinn sé hátæknisjúkrahús er betra kaffi.

Góðar kaffivélar kosta frá 50 til 100 þúsund kall.

Skrúfað fyrir öndunarvélina

Nú sé ég í netfréttum að Geir er hættur í áfallahjálpinni, búinn að skrúfa fyrir öndunarvélina og hættur við að þræla Jónka upp á Everest með sér.

Geir er farinn að vinna fyrir kaupinu sínu og huga að því að mynda hér almennilega og starfhæfa ríkisstjórn. Með Samfylkingunni.

Það finnst mér skynsamlegt og ég heiti ríkisstjórn **Sjálfstæðisflokks** og **Samfylkingar** fullum stuðningi fyrstu tíu dagana.

Svo sný ég mér aftur að mínum skylduverkum. Í stjórnarandstöðu!

Gangi ykkur allt í haginn!

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Guðrúnar Jónasdóttur
frá Öxney (Guðrúnar í Galtarey)

Sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun færum við starfsfólki Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi.

Hreinn Jóhannsson
Sigríður Jóhannsdóttir
Brynja Jóhannsdóttir
Geirþrúður Kjartansdóttir
Reynir Vilhjálmsson
Þorvaldur Ólafsson
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Ólafur Auðunsson
frá Ysta-Skála, til heimilis að Stuðlaseli 15,

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 17. maí.

Áslaug Ólafsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Auður Ólafsdóttir
Ólafur Haukur Ólafsson
Þorri Ólafsson
Guðmundur Tryggvi Sigurðsson
Sigrún Konráðsdóttir
Guðný Gísladóttir
og barnabörn.

Róbert Kárason,
Frostafold 6, Reykjavík, áður til heimilis að Ásgarði á Svalbarðsströnd,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 15. maí sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 24. maí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

Hlíf Harpa Róbertsdóttir
Arna Vala Róbertsdóttir
Páll Róbertsson
Heiðdís Ellen Róbertsdóttir
Arnfríður Róbertsdóttir
Elías Már Hallgrímsson
Auður Sólmundsdóttir
og barnabörn.

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Brynleifur Jóhannesson
bílamálarameistari, Stekkjargötu 81, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 15. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

Lilja Markúsdóttir
Jón Axel Brynleifsson
Brynja Brynleifsdóttir
Jóhann Brynleifsson
Karl Brynleifsson
Tóbías Brynleifsson
Jósep Brynleifsson
Ingunn Sigurðardóttir
Mallios Phillip Mallios
Sigríður Garðarsdóttir
Jónína Skaftadóttir
Margrét Jónsdóttir
Melanie Brynleifsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Oddgeir Halldórsson
Ferjubakka 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 11. maí. Jarðarför fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. maí kl. 13.00.

Sigurbjörg Guðvarðardóttir
Hörður Oddgeirsson
Kristín Hafsteinsdóttir
Hanna Halldórsdóttir
Rúna Halldórsdóttir
Oddur Halldórsson
Guðrún Halldórsdóttir
og afabörn.

ÁSGEIR HANNES EIRÍKSSON ER SEXTUGUR

„Íhaldið hefur alltaf verið karlrembusvínastía og það breytist ekki nema með hormónagjöf.“

Þingmaðurinn fyrrverandi fæddist þennan dag árið 1947.

tímamót

timamot@frettabladid.is

MERKISATBURÐIR

1897 Rithöfundinum Oscar Wilde er sleppt úr fangelsi eftir að hafa setið inni í tvö ár fyrir kynvillu.

1932 Glæpamyndin Scarface: The Shame of a Nation er frumsýnd í Los Angeles. Myndin var endurgerð árið 1983 með Al Pacino í aðalhlutverki.

1969 Kjarasamningur milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda undirritaður. Mikilsvert samkomulag um lífeyrissjóð náðist.

1969 Frumsýndur er í bandarísku sjónvarpi þátturinn Mayberry R.F.D. sem var frumraun Jodie Foster á hvíta tjaldinu. Hún var þá sex ára gömul.

1986 Sex af forráðamönnum Hafskips hf. voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald á meðan meint brot þeirra voru rannsökuð. Fimm árum síðar voru flestir þeirra sýknaðir.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

GUÐJÓN SIGMUNDSSON, GAUI LITLI: FIMMTUGUR Í DAG

Lifir í sátt og samlyndi

Guðjón Sigmundsson, betur þekktur sem Gaui litli, er fimmtugur í dag. Gaui verður staddur á Snæfellsnesi á afmælisdeginum þar sem ljósmyndatökur standa yfir fyrir bandarísk tískufyrirtæki. Heldur Gaui utan um hópinn, sem í eru 45 manns.

Í kvöld ætlar Gaui að gista á Hótel Glym í Hvalfirði en fer síðan aftur til starfa á Snæfellsnesinu í fyrramálið. „Glymur er eitt af mínum uppáhaldshótelum því það er fallegt og býður upp á góðan mat og þjónustu. Ég verð þarna með stórfjölskyldunni og ekki með neina stórveislu,“ segir Gaui, sem bauð tvö hundruð manns í fertugsafmælið sitt sem hann hélt á Fjörukránni í Hafnarfirði. „Það er alltaf spurning fyrir hvern maður er að halda afmæli. Það varð ofan á að eyða þessu svolítið í mig, ég ætti það kannski inni hjá sjálfum mér.“

Gauja líst vel á að vera kominn á sextugsaldurinn en segist núna í fyrsta skipti vera farinn að hugsa um aldurinn. „Þegar maður er orðinn fimmtugur fer maður að hugsa dálítið fram á við. Ég á kannski 25 til 30 ár eftir og mér finnst núna að maður þurfi svolítið að huga

GAUI LITLI Guðjón Sigmundsson heldur upp á fimmtugsafmælið sitt í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

að því að eyða þessum árum í sátt og samlyndi við menn og mýs og halda heilsunni. Maður verður að huga að því að geta hreyft sig og verið heilsusamlegur fram í andlátið. Það þarf að setja það í forgang,“ segir hann.

Gaui segist vera við góða heilsu um þessar mundir enda hafi hann verið duglegur við að æfa í vetur. „Ég held að þessi tímamót skipti sköpum. Fyrir tíu árum hljómaði þetta hjá mér: „Allt er fertugum fært“ en núna er réttlátari og skynsamari tónn í mönnum.“ **freyr@frettabladid.is**

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðni A. Ólafsson
Núpalind 2, Kópavogi,

andaðist á Landspítala háskólasjúkrahúsi Fossvogi miðvikudaginn 16. maí. Útförin verður auglýst síðar.

Valgerður Á. Blandon
Ingibjörg Unnur Guðnadóttir
Valgerður Selma Guðnadóttir
Þorbjörg Guðnadóttir
Ragnar Sigurðsson
Guðbjörn Björgólfsson
Helgi S. Reimarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur,

Ásþór Sigurðsson
verkstjóri, Garðarsbraut 77, Húsavík,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 15. maí síðastliðinn. Jarðarförin tilkynnt síðar.

Jóhanna Sigfúsdóttir
Ólafur Ármann Sigurðsson
Guðrún Sigurðardóttir
Óðinn Sigurðsson
Edda Sigurðardóttir
Margrét Sigurðardóttir
Klara Valgerður Sigurðardóttir
Þórsteinunn Rut Sigurðardóttir
Þórunn Ástrós Sigurðardóttir
Jón Pétursson
Árni Grétar Gunnarsson
Hafliði Jónsson

AFMÆLI

Pete Townsend, gítarleikari The Who, er 62 áraa.

Grace Jones, söng- og leikkona, er 55 ára.

Gísli Jóhannsson, Gis, kántrísöngvari er fertugur.

Sólveig Guðmundsdóttir leikkona er þrítug.

Ástkær móðir okkar, amma, tengdamóðir og systir,

Agatha Sesselja Sigurðardóttir

lést á Landspítalanum við Fossvog þann 15. maí sl. Útför verður auglýst síðar.

Jóhanna Baldursdóttir
Stefanía Ellý Baldursdóttir
Sigrún Baldursdóttir
tengdasynir, barnabörn og systkini.

NÝR LAND ROVER FREELANDER 2 SPORT

TIL Í ALLT

KOMDU Á **FRUMSÝNINGU LAUGARDAGINN 19. MAÍ** OG UPPLIFÐU
LÚXUS SPORTJEPPA AF FREMSTU GERÐ.
HÖFUM OPIÐ FRÁ KL. 12 TIL 16.

NÝR FREELANDER 2 SPORT kr. 4.540.000

INNIFALIÐ Í NÝJUM FREELANDER 2 SPORT: Leðurinnrétting, hiti í sætum, rafmagn í framsætum, leðurstýri, sjálfvirk loftkæling fyrir ökumann og farþega, aðgerðarstýri með skriðstillir, regnskynjari, 755 ltr farangursrými, CD spilari, 6 þrepa sjálfskipting, Terrain Response™ aldrifskerfi, 5 stjörnur frá NCAP, 7 loftpúðar ,aftengjanlegur loftpúði fyrir farþegasæti og 17" álfelgur. Turbo Dísel 2,2 ltr vél 160 hö með 400 Nm tog, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 8.5 ltr/100 km.
Þriggja ára ábyrgð. Verð kr. 4.540.000

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.landrover.is

Með bílinn handa þér

LAND-ROVER
GO BEYOND

Ekki spauga á spítölum

Jón Gnarr hefur lengi haft dellu fyrir hákörlum. **Katrínu Jakobsdóttur** finnst það merkilegt því bræður hennar eru sömuleiðis á einhverju hákarlatímabili þessa dagana. Sjálf er hún veik fyrir fossum. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** fór í gegnum fordóma, kærleik og hugmynd að nýjum útvarpsþætti með þingkonunni og grínistanum.

Þekkist þið og hvað vitið þið um hvort annað?

Katrín: Nei. En ég hef auðvitað séð Jón á röltinu með barnavagn. Hann er náttúrulega frægur maður. Ætli ég muni ekki fyrst eftir honum úr Tvíhöfða. Svo hef ég lesið skrif hans aftan á Fréttablaðinu sem og bókina sem hann gaf út síðast; Indjánann. Svo man ég eftir pistlunum hans um trúmál. Mér fannst dálítið áhugavert að fylgjast með viðbrögðum þjóðarinnar sem hélt að þeir pistlar væru grín.

Jón Gnarr: Ég tengi Katrínu við pólitíkina. Og ég veit reyndar svolítið um hana því ég er mjög mikið á netinu. Ég er netfíkill og eyði þar örugglega um 2-3 klukkustundum á dag. Einhvern tímann rakst ég á einhverja heimasíðu um Katrínu og las þar ýmislegt um hana. Hún lærði franskar bókmenntir eftir menntaskóla í eitt ár. Stundaði svo nám í íslensku eða bókmenntum við Háskóla Íslands. Hennar aðalhugðarefni þar voru íslenskar glæpasögur. Og mig minnir að hún hafi haft gífurlegan áhuga á fossum.

Katrín: Hvar hefurðu lesið þetta? En ég er sko með mikla fossadellu. Þegar ég var lítil gat ég endalaust teiknað myndir af fossum og flett þeim upp í hinum og þessum bókum. Svolítið asnalegt.

Jón Gnarr: Veistu af hverju þú fékkst þessa dellu?

Katrín: Ég man bara að mér fannst ferðalög út á land aldrei almennileg nema við færum að einhverjum fossi. Varð miður mín ef ég uppgötvaði að það yrði enginn foss í ferðinni.

Jón Gnarr: Þetta minnir mig á að Pétur Jóhann Sigfússon er einmitt með dellu fyrir kjölsogi. Þegar hann fermdist buðu foreldrar hans honum það að ferðast hvert sem var í heiminum. Hann valdi siglingu með Norrænu. Til að geta staðið úti á þilfari og horft á kjalsogið.

Katrín: Ég hef líka mjög gaman af því að standa úti í bát og horfa á kjalsogið og skoða öldurnar. Og ég verð alltaf jafn spennt yfir því hvort næsta alda verði kannski ótrúlega stór. Kannski þetta hafi allt saman eitthvað að gera með vatn.

Jón: Já. Ég hef haft dellu fyrir hákörlum frá því ég var barn. Hún er reyndar aðeins að eldast af mér síðustu fimm árin.

Katrín: Þetta er nú allt svolítið merkilegt því þegar bræður mínir skiptust á jólagjöfum síðustu jól var fræðibók um hákarla í öðrum pakkanum. Þeir hafa verið í einhverri hákarlastemningu undanfarið.

Ágætu herramenn, þessi unga dama, væna mín …

Síðustu misserin hafa einkennst af því að fólk er ósammála um eitthvað. Enda kosningar nýafstaðnar og mikið argaþras gengið yfir fjölmiðla, kaffistofur og bloggsíður. Fylgist þú með slíku maraþonkarpi Jón? Hver er hnyttnasti þingmaðurinn úr röðum andstæðinga að þínu mati, Katrín?

Jón Gnarr: Mér finnst umræðan fremur leiðinleg. Fyrirsjáanleg og föst í sama formi. Kosningarnar núna runnu eiginlega saman við Eurovison. Þetta var bara í gangi og ég vissi af því þarna en ég hafði lítinn áhuga. Þetta er svipað og með umræður um fótbolta. Ég kinka kolli með – vil ekkert vera leiðinlegur – en ég næ ekki að tengja mig við þetta. Nema ef það er eitthvert fólk sem kemur fram og mér finnst áhugavert. Ég hef yfirleitt miklu fremur kosið fólk en flokka eða málefni. En sú hlið á pólitískri umræðu að gera lítið úr fólki finnst mér mjög leiðinleg. Þegar vitsmunalegum yfirburðum, yfirlæti eða hroka er beitt. Mér líður illa fyrir hönd þeirra sem sitja undir því. Og þar eru ýmsar lúmskar aðferðir notaðar, líkt og í trúarumræðunni, þegar gera á til dæmis lítið úr prestum, þá eru þeir kallaðir klerkar. Og bókstafstrúarmenn.

Katrín: Það er hundleiðinlegt að lenda í umræðum sem snúast bara um það að grípa fram í og segja „væna mín“. Þarna eru frasar eins og: „Það er nú hálfhlægilegt að heyra þig segja þetta.“ Og þá segi ég á móti: „Þessi herramaður er náttúrulega …“ Þið skiljið. Það er lítið skemmtilegt þegar umræðurnar fara út í þetta.

Jón Gnarr: Já, það er glatað þegar það er í lagi að vera vondur og ósvífinn og sá frekasti og ósvífnasti vinnur. Ég hef oft reynt að fara inn í pólitíkina, mætt hjá einhverjum pólitískum samtökum eða kynnt mér einhver ákveðin mál. En svo hef ég bara bakkað út úr því aftur. En ég hef samt mína pólitísku skoðun: Ég er anarkisti.

Katrín: Það meikar alveg fullkominn sens.

Jón Gnarr: Þegar við vorum með Tvíhöfða tókum við meðal annars pólitíkusa í viðtöl. Það kom mér verulega á óvart að sjá Steingrím J. Sigfússon og Davíð Oddsson spjalla saman um eitthvað á léttu nótunum. Ég hélt að pólitísku andstæðingarnir töluðust ekki við.

Katrín: Ef svo væri ekki held ég að maður yrði bara eitthvað galinn. Að vera á vinnustað með 62 öðrum og

Á RÖKSTÓLUM

þar af líkar manni illa við 57. Það væri mjög galið að vera bölvandi einn úti í horni. Og það finnst mér erfiðast þegar fólk fer í haminn að tala niður til andstæðinganna. Það á sjaldnast við, við þekkjumst flest nefnilega af góðu. En af hnyttnum andstæðingum segirðu. Mér finnst Bjarni Harðarson skemmtilegur, kannski af því að hann er bókakarl eins og ég.

Jón Gnarr: Já, er hann nörd-inn þarna? Já, hann er svolítið skemmtilegur og hlýlegur.

Friðarflokkur án hippafýlu

En hvernig þingmaður heldurðu að Jón yrði, Kata – hvaða málaflokkum sérðu hann beita sér fyrir? Og hvernig útvarpsþáttum myndir þú vilja sjá Kötu stýra?

Katrín: Afnotagjöld ríkissjónvarpsins. Er það ekki eitthvað sem þú hefur talað dálítið um?

Jón Gnarr: Jú, rétt.

Katrín: Einmitt, þú ert ekki mikið hrifinn af þeim. Ég sé alveg fyrir mér að Jón myndi flytja frumvarp um einkaveðingu RÚV og niðurfellingu afnotagjaldanna. En þar sem hann er anarkisti væri samt þversögn í sjálfu sér að hann væri þingmaður og ég sé Jón ekki í anda starfa sem flokkspólitískur þingmaður. Ég held að atkvæðagreiðslur gætu til dæmis orðið dálítið erfiðar fyrir flokkinn hans, sérstaklega ef naumur meirihluti væri fyrir hendi, því það væri engin leið að vita með hverju hann myndi greiða atkvæði. Maður sér enga sérstaka flokkslínu í skrifum hans.

Jón Gnarr: Ég var á móti afnotagjöldum ríkissjónvarpsins því mér fannst RÚV hafa brugðist hlutverki sínu. En ef ég sé það svart á hvítu að ég sé að fá eitthvað fyrir peninginn minn er ég alveg til í að borga. Að miklu leyti var þetta svo líka af eigingjörnum og persónulegum ástæðum en ég fékk ekki vinnu hjá þeim.

Katrín: Koma hundabeinin þar upp.

Jón Gnarr: Já, ég var bitur út í RÚV. En ef ég færi á þing held ég að ég myndi beita mér fyrir kærleik og mannvirðingu.

Katrín: Við Jón gætum fyllt flokk friðarsinna.

Jón Gnarr: Já, ef það væru þá bara

GAMALT FÓLK OG RANGÁRVALLARSÝSLA Jón Gnarr fær bjánahroll þegar því er slegið upp í blöðunum að fólk af íslenskum ættum sé að gera það gott erlendis. Sérstaklega þegar ætternið er ekki meira en svo að langamman er úr Rangárvallarsýslu. Katrín Jakobsdóttir leyfði ungum sjálfstæðismönnum að horfa á kosningasjónvarpið á kosningavöku Vinstri grænna. Á kosningavöku Sjalla voru nefnilega allir að dansa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

➜ VIÐMÆLENDUR Í HNOTSKURN

Jón Gnarr er fæddur árið 1967 og hélt upp á fertugsafmælið 2. janúar síðastliðinn. Gnarr ólst upp í Fossvogshverfinu og segist ekki hafa neina hefðbundna menntun. Jón Gnarr hefur komið víða við en varð fyrst þjóðþekktur fyrir útvarpsþáttinn Tvíhöfða sem útvarpað var á X-inu, Radíó og Radíó X sem þótti brjóta blað á sviði gríns. Þar áður stjórnaði hann öðrum útvarpsþætti, Hótel Volkswagen á Rás 2. Tvíhöfðaþættirnir hafa svo gengið í endurnýjum lífdaga í vetur á Rás 2. Jón hefur skrifað og leikið í ýmsum sjónvarpsþáttum, svo sem Limbó og Fóstbræðrum og einnig leikið í kvikmyndum eins og Maður eins og ég. Þessa dagana er Jón að vinna að bókarskrifum en hann hefur áður gefið út bækurnar Miðnætursólborgin, Þankagangur og Indjáninn. Jón Gnarr er giftur og á fimm börn, þar af einn son sem einnig heitir Jón Gnarr.

Katrín Jakobsdóttir er fædd árið 1976 og ólst upp í nálægð við vinsælustu ísbúð Reykvíkinga; í Álfheimunum. Hún stundaði nám í Menntaskólanum við Sund og starfaði þar ötullega að félagsmálum. Eftir MS skráði hún sig í Háskóla Íslands, tók eitt ár í frönsku en skipti svo yfir í íslensku og kláraði meistarapróf árið 2004. Katrín hefur starfað með Vinstrihreyfingunni - grænu framboði síðastliðin fimm ár og var kjörin varaformaður flokksins árið 2003. Hún á ýmis störf að baki en þar á meðal má nefna blaðburðarstarf, bankastörf, stigavarðarstarf og barnagæslu. Katrín vinnur við kennslu og ritstjórnarstörf í augnablikinu, er í sambúð og á eins og hálfs árs gamlan son.

friðarsinnar því oft verða þeir svo pólitískir. En ég gæti verið í friðarflokki – án þess að það væri einhver hippaflokkur. Kannski anarkista-friðarflokkurinn? En útvarpsþátturinn hennar Katrínar yrði þáttur um íslenska fossa.
Katrín: (dregur útvarpsröddina fram) „… og þarna heyrðum við í Seljalandsfossi. Höfum hér undanfarnar 10 mínútur verið að hlusta á hann. Og þetta var lóa sem heyrðist í þarna við hliðina á.“ En frábær hugmynd! Og svo væri getraun.
Jón Gnarr: Já fossagetraun!
Katrín: (útvarpskona áfram) … „Nú heyrum við í þremur fossum, hlustendur góðir. Hvaða fossar eru þetta?“

Sjálfstæðismenn ekki labbakútar

Margir vilja meina að öll séum við haldin einhverjum fordómum. Meðan einhver hópur vill ekki sjá útlent vinnuafl hér á landi eru aðrir sem halda að vaxtarræktartröll séu með lambhagasalat í stað heila. Burðist þið sjálf með einhverja fordóma og þá af hvaða sort? Eru Íslendingar haldnir einhverjum áberandi fordómum?
Jón Gnarr: Ég er algjörlega fordómalaus.
Katrín: Gaman að þú segir það. Því það á algerlega við mig líka!
Jón Gnarr: Nei, nei. Ég er með fordóma fyrir öllu sem fólk er með fordóma fyrir og hef orðið uppvís að því. Ég er með fordóma gegn múslímum. Ég taldi mig ekki hafa þá en ég fór til London eftir sprengingarnar þar og í lestinni sem ég var í var ungur múslími með Nike-bakpoka og ég svitnaði í lófunum. Einu sinni var ég svo í hraðbanka á skuggalegum stað í Bandaríkjunum. Tveir stórir svertingjar komu og ég varð hræddur. Svertingjar, nótt = glæpamenn. Þeir buðu bara góða kvöldið og ekkert mál. Heilinn í okkur er bara svo magnað fyrirbæri að hann er byrjaður að tína inn upplýsingar og dæma áður en við komumst að sjálf. En ég hef vilja til að yfirstíga fordómana.
Katrín: Ég held þetta sé rétt. Auðvitað er maður með hugmyndir fyrirfram. Maður hittir sjálfstæðismann og hugsar með mér að þetta sé einhver labbakútur. Þar til annað kemur á daginn. Og þá er maður snöggur að vilja skipta um skoðun. Það er t.d. til marks um mína fordóma að ég tala alltaf rosalega hátt við gamalt fólk – og skýrt.
Jón Gnarr: Fólk fer líka oft að tala í þriðju persónu.
Katrín: Ég geri það að vísu ekki en ég er alveg með það á hreinu að gamalt fólk sé heyrnarlaust og fer alltaf að æpa. Þar til mér er bent á að ég þurfi ekkert að standa þarna og æpa.
Jón Gnarr: Það er einn mjög leiðinlegur fordómur sem hrjáir Íslendinga. Mjög lífseigur og andstyggilegur og hefur fengið að viðgangast hér áreitislaust en það eru fordómar gegn Grænlendingum. Eins og Grænlendingar séu óæðra fólk en við. Til dæmis er oft sagt frá því í blöðunum ef grænlenskir menn eru í bænum og eru fullir – og þá í gamansömum tón. Í blaði hefur fyrirsögnin „Grænlendingur réðist á mann“ verið notuð. Eins og Grænlendingur sé eitt og maður annað.

Ekkert fyndið að kaupa bleiur

Talandi um fyrirfram mótaðar hugmyndir um hvernig fólk er og á að vera. Er fólk ekkert að skipta sér af því hvernig opinberar persónur eins og alþingismenn klæða sig og koma fyrir? Verður þú vör við það, Katrín? Og skemmtikraftar eiga alltaf að vera að segja eitthvað fyndið. Líka í fermingarveislum og við kassann í Hagkaup. Eða hvað?
Jón: Mín grundvallarskoðun er sú að flestir séu ágætir og vilji vel. En svo getur fólk líka verið svolítið taktlaust. Ég hef til dæmis lent í því að vera staddur á spítala og ókunnugt fólk fer að hlæja og spyr mig hvort það sé eitthvert grín í gangi. Ég myndi aldrei fara að grínast í einhverjum sem staddur væri á spítala ef ég vissi ekki hvað hann væri að gera þar. Við svona aðstæður, þá jú. Annars hefur þetta ekki stuðað mig mikið.
Katrín: Líkt og með Spaugstofumenn til dæmis. Maður tekur stundum eftir því ef þeir eru að leika í alvarlegum leiksýningum. Þegar þeir koma inn á sviðið fer svona ákveðinn taugaveiklunarhlátur í gang. „Þarna kemur Siggi Sigurjóns … hehe“. Þegar það er kannski eitthvað svaka stofudrama í gangi.

> … og þarna heyrðum við í Seljalandsfossi. Höfum hér undanfarnar 10 mínútur verið að hlusta á hann. Og þetta var lóa sem heyrðist í þarna við hliðina á.

Jón Gnarr: Ég hef til dæmis lent í því þegar ég er kannski að hlaupa út í búð eftir bleium handa syni mínum að afgreiðsludaman springur úr hlátri. Að ég skuli koma og kaupa bleiur og vera að flýta mér er ofsa fyndið. Ég sætti mig alveg við það svo sem. En ég hef rekið mig á það hjá fólki að það heldur að ég sé fáviti og að ég fíflist út í eitt. Það sé til dæmis ofsalega gaman hjá fjölskyldu minni því þegar ég komi heim úr vinnunni haldi ég áfram að fíflast. Og börnin geti ekki einu sinni lært í friði fyrir fíflagangi í mér.
Katrín: Ég held einmitt að grínistar séu svolítið að rífa úr sér hjartað: Þú lætur oft skína mest í hver þú ert með því hvernig þú grínast. Og það er oft heilmikil alvara á bak við grínið. Mér finnast grínistar oftast þurfa að gefa alveg ótrúlega mikið af sálinni af sér í grínið.
Jón Gnarr: Það hefur einmitt alltaf farið í taugarnar á mér að vera kallaður skemmtikraftur. Mér finnst það hreinlega móðgandi. Ég lít á grín sem list. Og takmark mitt með minni list er að gefa hluta af mér í grínið og reyna einhvern veginn að vekja viðbrögð hjá fólki. Að hreyfa við því, fá það til að hugsa, vekja einhverjar tilfinningar og svo framvegis. Hlutverk skemmtikrafts finnst mér aftur á móti alls ekki vera að vekja einhverjar hugsarnir hjá fólki heldur mun frekar að láta því líða einhvern veginn „melló“. Þetta er svipað og að bera saman djass og lyftutónlist.
Katrín: En varðandi klæðaburðinn þá hugsa ég að það séu einfaldlega gerðar meiri kröfur á kvenmenn en karlmenn að líta vel út. Og þá ekkert meira í pólitík. Það er almennt bara eitthvað sem maður verður var við sem kona. En fari maður í pólitík er maður svolítið búinn að opna dyrnar fyrir því að fólk leyfi sér að segja ýmislegt við mann. Ég fæ reglulega athugasemdir frá ókunnugu fólki. Það er til dæmis sagt við mig að ég mætti brosa aðeins minna. Tala minna með höndunum. Fólk lætur bara vaða. En þetta stuðar mig ekkert. Svo fær maður líka jákvæð viðbrögð. Fólk hefur bara skoðun á þessu sem öðru.

Morgunverðarfundur um íslenska fjármálastorminn vorið 2006

Dr. Gregory Miller, prófessor við Harvard háskóla, hefur gert ferilsrannsókn á viðbrögðum íslenskra aðila sem á síðasta ári urðu fyrir áhrifum af neikvæðri umfjöllun frá bæði erlendum fjölmiðlum og álitsgjöfum um fjármál.

Það er okkur sönn ánægja að bjóða þér til morgunverðarfundar þar sem rannsókn Dr. Millers verður kynnt og rædd. Fundurinn verður haldinn á Hótel Nordica þann 21. maí kl. 8.30.

Dagskrá:

8.30 Ræðumenn:
Dr. Gregory Miller, Ph.D, Harvard-háskóla
Bjarni Ármannsson, fyrrum forstjóri Glitnis

9.15 Pallborðsumræður:
Þórður Friðjónsson, forstjóri OMX Nordic Exchange á Íslandi
Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands
Bjorn Richard Johansen, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs hjá Glitni
Richard Thomas, forstöðumaður Kredit-rannsókna hjá Merrill Lynch
Hafliði Helgason, viðskiptaritstjóri Fréttablaðsins

Fundarstjóri verður Kristján Kristjánsson, forstöðumaður upplýsingasviðs FL Group.
Fundurinn verður haldinn á ensku. Aðgangur er ókeypis og boðið verður upp á léttan morgunverð.

Skráning fer fram á **www.fvh.is**

GLITNIR
VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
OMX
FFI Félag um fjárfestatengsl

Kristjanía brátt á tímamótum

Fríríkið Kristjanía komst í fréttirnar nú í vikunni þegar harkaleg mótmæli brutust þar út eftir að danska lögreglan hófst handa við að rífa þar niður leifar af hálfbrunnum kofa. *Guðsteinn Bjarnason* fer yfir sögu og framtíðarhorfur Kristjaníu.

Ekki eru nema fáeinar vikur síðan ungmenni í Kaupmannahöfn efndu til harkalegra mótmæla gegn aðgerðum stjórnvalda þegar Ungdómshúsið á Norðurbrú var rýmt og síðan rifið fáeinum dögum síðar. Dögum saman ríkti nánast stríðsástand í borginni og ákveðinn hluti mótmælenda vílaði ekki fyrir sér að beita ofbeldi, eins og að kasta grjóti í lögregluþjóna og kveikja í bifreiðum.

Á mánudaginn mátti sjá sams konar myndir á ný frá Kaupmannahöfn, en að þessu sinni var verið að mótmæla niðurrifi á hálfbrunnu húsi í fríríkinu Kristjaníu þar sem gamlir hippar og fólk sem telur sig ekki falla vel að samfélaginu hefur skapað sér athvarf.

Þetta hús var reyndar varla nema timburkofi, jafnan kallaður „Cigarkassen“ eða Vindlakassinn af íbúum Kristjaníu. Hann brann að hluta fyrir fimm árum og hefur staðið mannlaus síðan, þótt útigangsfólk hafi stundum leitað sér þar athvarfs. Í rauninni stóð aðeins eftir grindin ein.

Atvinnumótmælendur

Viðbrögðin við niðurrifinu urðu miklu meiri og harðari en stjórnvöld og lögregla reiknuðu nokkurn tímann með. Sannkallað stríðsástand skall á í Kristjaníu og næsta nágrenni þegar mótmælendur flykktust að, reistu götuvígi og kveiktu í þeim, kveiktu í bifreiðum og köstuðu grjóti í lögregluna.

Bæði íbúar Kristjaníu og þeir sem skipulögðu mótmæli vegna Ungdómshússins hafa hins vegar svarið af sér alla ábyrgð á ofbeldinu sem beitt var. Þeir segjast ekki hafa hvatt til ofbeldis. Þvert á móti hafi þeir hvatt fólk til að mótmæla með friðsamlegum hætti.

„Þetta virðist vera aðallega ný kynslóð mótmælenda, fólk sem kemur hingað gagngert til að mótmæla stjórnvöldum og lögreglu og hikar ekki við að beita ofbeldi. Þetta er mjög nýtt hérna í Danmörku,“ segir Jón Hnefill Jakobsson, sem er búsettur í Kaupmannahöfn og hefur fylgst grannt með málefnum Ungdómshússins og Kristjaníu undanfarið.

„Þetta er fólk sem skipuleggur aðgerðir mikið til á netinu og með sms-skilaboðum. En lögreglan veit hverjir forsprakkarnir eru og það virðist duga þessi gamla taktík að taka burtu höfuðpaurana.“

Valdníðsla

Íbúar Kristjaníu mótmæltu vissulega aðgerðum lögreglunnar og beittu til þess ýmsum öðrum aðferðum en ofbeldi. Meðal annars gerðu þeir sér lítið fyrir og reistu kofann á ný í skjóli nætur. „Þetta er bara Kristjaníuhúmor,“ sagði einn íbúa Kristjaníu um þær aðgerðir í viðtali við danska dagblaðið Politiken í vikunni. „Við gerum svolítið at í fólki til að leggja áherslu á að þetta var óþarfa valdníðsla.“ Yfirvöld segjast ætla að rífa niður nýbygginguna við tækifæri.

Valdníðslan felst í því að stjórnvöld ætli sér að grípa fram fyrir hendur íbúa Kristjaníu og í raun taka stjórnina í eigin hendur. Íbúar fríríkisins treysta ekki stjórnvöldum og telja einsýnt að lögreglan, borgarstjórnin og ríkisstjórnin ætli til lengri tíma litið að svipta Kristjaníubúa þeirri sérstöðu sem þeir hafa haft síðustu áratugina.

Íbúalýðræði

Sérstaðan felst ekki síst í því að inn á við er stjórnskipan Kristjaníu byggð á opnu íbúalýðræði sem virkar þannig að allar ákvarðanir eru teknar á sameiginlegum íbúafundi, og ef einhver vill til dæmis flytja þangað þarf hann að fá samþykki til þess á slíkum fundi.

Hver íbúi greiðir sömuleiðis fast mánaðargjald, eins konar leigu, í sameiginlegan sjóð sem meðal annars er notaður til að greiða skatt til ríkisins og fyrir viðhaldi og endurnýjun.

Íbúarnir reka fjölmörg fyrirtæki af ýmsu tagi, ekki síst veitingarekstur, handverksiðnað og verkstæði af ýmsu tagi. Þarna eru einnig nokkrir leikskólar enda stór hluti íbúanna á barnsaldri.

Skoðanir fólks á Kristjaníu og íbúum þess, sem nú eru um 800 talsins, hafa hins vegar alla tíð verið skiptar. Margir líta á þetta litla þorp í hjarta Kaupmannahafnar sem hreina paradís þar sem mannlíf getur þrifist með allt öðrum hætti en venja er til í nútímasamfélagi. Öðrum er Kristjanía stór þyrnir í augum. Þeir sjá ekki betur en að þarna dafni hreinasti ólifnaður og íbúarnir þykist geta verið „stikkfrí“ frá samfélaginu, skyldum þess og sköttum.

Þarna hafa meðal annars búið nokkrir Íslendingar, einkum á árunum um og upp úr 1980 en ekki er vitað til þess að neinn Íslendingur búi þar nú.

Skattar og skyldur

Kristjanía var stofnuð haustið 1971 þegar hópur ungmenna lagði undir sig yfirgefnar herbúðir á Kristjánshöfn stutt frá miðbænum í Kaupmannahöfn. Frá upphafi var það yfirlýst stefna íbúanna að Kristjanía skyldi vera „fríríki“, sérstakt samfélag utan við dönsk lög og danskar reglur. Því til áréttingar stendur skrifað stórum stöfum enn í dag innan á aðalhliði Kristjaníu: „Þú ert nú að fara inn í Evrópusambandið“.

STRÍÐSÁSTAND Á mánudaginn brutust út harkalegri mótmæli en nokkur hafði átt von á. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Þótt sérstaða Kristjaníu sé töluverð er þó engan veginn rétt að tala um „fríríki“ nema í afar takmörkuðum skilningi. Landsvæðið allt og gömlu byggingarnar, sem herinn notaði áður fyrr, eru til dæmis enn í eigu danska ríkisins.

Íbúarnir greiða skatt eins og aðrir íbúar Danmerkur, hvort sem þeir sækja vinnu utan Kristjaníu eða stunda eigin atvinnurekstur innan svæðisins. Sum fyrirtækin í Kristjaníu eru opinberlega skráð og um þau gilda sömu skattareglur og um önnur dönsk fyrirtæki, en sérstaðan felst að nokkru í því að óskráðum fyrirtækjum er heimilt að starfa innan Kristjaníu. Af þeirri starfsemi er hins vegar greiddur sameiginlegur skattur á nafni Kristjaníu.

Umdeild áform

Árið 1989 voru sett sérstök lög um Kristjaníu þar sem íbúunum var formlega veitt heimild til sjálfstjórnar á vissum sviðum, en jafnframt gerðar kröfur til þeirra um að sinna viðhaldi svæðisins og húsakostsins þar. Árið 2004, þegar hægri stjórn var tekin við völdum í Danmörku, voru síðan sett ný lög sem gera ráð fyrir töluverðum breytingum í Kristjaníu á næstu árum, þótt engan veginn sé gert ráð fyrir því að leggja niður Kristjaníu. Í lögunum segir að markmiðið sé að setja almenna umgjörð um „nýja þróun á svæðinu, með svigrúm fyrir fólk til að lifa annars konar lífi innan ramma almennra laga“.

Jafnframt var umsjón svæðisins flutt frá varnarmálaráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins og hefur síðan verið á hendi Slots og Ejendomsstyrrelsen, stofnunar sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og hefur á sinni könnu umsýslu með höllum og öðrum fasteignum danska ríkisins.

Á vegum þessarar stofnunar var fljótlega hafist handa við að skipuleggja framtíð Kristjaníusvæðisins, og er gert ráð fyrir að endurnýja húsakostinn að stórum hluta, hreinsa upp menguð svæði og vernda sögulegar minjar frá því danski herinn hafði þarna aðstöðu.

Nú í haust náðist, að mati stofnunarinnar, samkomulag við fulltrúa Kristjaníu um þátttöku þeirra í þessum fyrirhuguðu framkvæmdum, en eftir áramót varð ljóst að almennt voru íbúar Kristjaníu engan veginn sáttir við áform stjórnvalda. Íbúafundur hafnaði þessum samningi. Eftir það hefur allt verið í járnum og íbúarnir virðast margir hverjir telja aðgerðir lögreglunnar nú á mánudaginn einungis lið í að brjóta samstöðu þeirra á bak aftur.

Á FÖGRUM HAUSTDEGI Hinn 26. september síðastliðinn ríkti gleði og ánægja þegar íbúar Kristjaníu héldu upp á 35 ára afmæli fríríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

AÐALHLIÐ KRISTJANÍU Aftan á hliðinu stendur á ensku: „You are now entering the EU.“ NORDICPHOTOS/AFP

RÚSTIR VINDLAKASSANS Grindin af kofanum sem brann árið 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/SLOTS- OG EJENDOMSSTYRELSEN

SKAMMIST YKKAR! Íbúar og aðrir velunnarar Kristjaníu voru vægast sagt ósáttir við niðurrif Vindlakassans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FIKNIEFNASALAN ÞRÍFST ENN

Kristjanía hefur löngum verið alræmd fyrir hassverslun sem lengi vel var stunduð fyrir opnum tjöldum á svokölluðu Pusher Street, „sölumannagötu“, stuttum götuspotta miðsvæðis í Kristjaníu þar sem áður stóðu í röðum sérstakir sölubásar þar sem kaupendur gátu valið úr ólíkum tegundum af hassi. Lögreglan leit framhjá þessu, en ástandið var stjórnvöldum jafnan þyrnir í augum.

Fyrir tveimur árum réðst síðan lögreglan til atlögu gegn hassversluninni og rýmdi Pusher Street, og síðan þá hefur lögreglan ekki liðið neina fíkniefnasölu. Samt hefur engan veginn tekist að útrýma henni.

„Það sem hefur breyst er að nú eru sölubásarnir farnir og lögreglan sést oftar, en hasssalan lifir samt góðu lífi,“ segir Jón Hnefill Jakobsson. „Maður þarf bara að spyrja næsta mann í heklupeysu. Það er einkennisbúningurinn þeirra.“

Hann segir hins vegar að nú orðið sé fíkniefnasalan í Kristjaníu nánast alfarið undir stjórn Hell's Angels, mótorhjólasamtakanna alræmdu sem stunda skipulagða glæpastarfsemi víða um heim. „Og þeir hleypa engum öðrum inn á þann markað.“

Hann segir skoðanir Kristjaníubúa sjálfra á þessu afar blendnar. „Flestir þarna eru reyndar fólk sem telur sig ekki fúnkera innan samfélagsins og þetta er voða mikið fólk sem er að reykja sjálft, en margir eru líka mikið á móti því að það séu Hell's Angels sem stjórna þessu.“

Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk

GT RADIAL

Betra verð á heilsársdekkjum

235/65R17, kr. **12.900**
245/70R17, kr. **13.900**
265/70R17, kr. **14.900**
275/60R17, kr. **15.900**

Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".

PIPAR • SÍA • 70753

Nánar á jeppadekk.is

Við mælum með míkróskurði

JEPPADEKK.is

ALORKA • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Mercedes-Benz C 200 Kompressor Avantgarde

Árgerð 2006, ekinn 28.000 km.
Leðurinnrétting, gler topplúga, 16" álfelgur, hiti í sætum ofl.
Verð kr. 4.120.000,- / Fæst gegn yfirtöku bílaláns kr. 3.480.000,-

Mercedes-Benz RÆSIR HF

Auto Reykjavík sími 569 3300 / 822 1216 www.autoreykjavik.is

Þeysir um þöndum seglum

Jón Ólafur Magnússon býður ferðamönnum, fyrirtækjum og fjölskyldum upp á seglbíla í allt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Seglbílar eru vinsæl skemmtun meðal fyrirtækjahópa og ferðamanna. Í sumar verða þeir einnig í boði úti í Viðey á fjölskylduvænu verði.

„Bílarnir komu til landsins fyrir rúmu ári. Við fundum þessa afþreyingu í Hollandi, en pöntuðum bílana frá Nýja-Sjálandi þar sem þeir eru framleiddir," segir Jón Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustunnar HL.

Að sögn Jóns eru bílarnir mjög vinsælir í Evrópu þar sem þeyst er eftir þar til gerðum brautum. Á Íslandi hafa bílarnir verið notaðir á flugvellinum á Skógum, við Kleifarvatn, Stokkseyri og á Þingvöllum meðal annars.

Bílarnir eru oftast notaðir á afmörkuðu svæði en að sögn Jóns eru engar reglur sem stríða á móti notkun bílanna á götum úti.

„Um daginn voru tveir úr hópnum hjá okkur sem fóru frá Þingvöllum niður í Mosfellsdal. Bílarnir virkuðu mjög vel og þeir náðu hæst 60 kílómetra hraða á leiðinni," segir Jón.

Flestir þeirra sem keyra bílana eru íslenskir og erlendir fyrirtækjahópar í hvataferð, auk erlendra ferðamanna. Viðtökur hafa verið ótrúlegar að sögn Jóns og þrátt fyrir að hafa aldrei auglýst var fullbókað allt síðasta sumar.

Bílarnir eru tólf talsins en innan skamms er von á tíu í viðbót til að anna eftirspurn. Í sumar verður samastaður seglbílanna í Viðey, þar sem þeir verða í boði fyrir einstaklinga og fjölskyldur. „Við höldum áfram með hópa sem endranær, en ætlum einnig að bjóða fjölskylduvænt verð úti í Viðey í sumar," segir Jón.

Bílarnir eru fyrst og fremst afþreying og markmiðið er að bjóða þá víðs vegar um land með tíð og tíma.

„Ég sé fyrir mér að bílarnir geti verið nýr tekjumöguleiki fyrir ferðaþjónustuna um land allt. Þá geta hótel og fjölfarnir ferðamannastaðir boðið upp á bílana á sumrin svo ferðamenn geti þeyst um þöndum seglum," segir Jón.

Bílarnir eru úti í Viðey á milli klukkan 12-16 alla laugardaga í sumar. Nánari upplýsingar um Ferðaþjónustuna HL er að finna á vefnum: www.hl.is

rh@frettabladid.is

Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR FJÁRMÖGNUN

HVITA HÚSIÐ / SÍA • 7235

Viðgerðir
á gömlum bílum geta kostað mikið. Verkstæðin þurfa því að fá upplýsingar um hámarksupphæð sem bifreiðaeigandi hefur hugsað sér að eyða í viðgerð áður en hafist er handa.

Alternatorar – Startarar

Í Vinnuvélar, Fólksbíla, Vörubíla, Jarðýtur, Dráttarvélar, Bátavélar o.fl.
Yfir 40 ára reynsla og þekking
Á lager-Hraðpantanir, Viðgerðir.
truma Umboðið
Einnig Truma Gasmiðstöðvar
BÍLARAF Auðbrekku 20, Sími 564 0400

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Allt á einum stad
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Nýi Freelanderinn ber mun sterkari ættarsvip Land Rover en forveri sinn.

Freelander 2

B&L frumsýnir í dag Freelander 2 frá Land Rover.

B&L frumsýnir aðra kynslóðina af Land Rover Freelander í dag. Um verulegar breytingar er að ræða á milli kynslóða, bæði hvað útlit og búnað snertir, auk þess sem Freelander 2 kemur á markað hér á landi í sérislenskri sport-útgáfu.

Íslenska útgáfan er búin út með hliðsjón af búnaðarstigi sportjeppa í lúxusflokki. Meðal staðalbúnaðar er ný TD4 2,2 l dísilvél sem skilar 160 hestöflum og 400 Nm togi.

Útlitslega ber nýja kynslóðin augljósan Land Rover ættarsvip og leynir skyldleikinn við Range Rover Sport og Discovery sér því ekki. Þess má geta að Freelander 2 er eini jeppinn í sínum flokki sem hlotið hefur fimm stjörnur frá Euro NCAP fyrir öryggi farþega.

Frumsýningin stendur frá kl 12 til 16 í sýningarsal B&L að Grjóthálsi. Í tilefni dagsins hefur í samvinnu við Bandalag skáta verið komið upp níu metra háum klifurvegg fyrir framan söludeild Land Rover og er gestum og gangandi boðið að spreyta sig á því skemmtilega verkefni að klífa vegginn.

Hægt er að keyra GT þannig að hann eyði rúmum 11 lítrum á hundraðið. Með 550 hestöfl undir húddinu þarf þó mikinn viljastyrk til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Octavia sigraði

Skoda Octavia sigraði í sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu. Meðal keppenda var Ford GT.

Þegar kemur að mótorsporti er fólk duglegt að finna óteljandi leiðir til að keppa. Ein þeirra er að eyða sem minnstu bensíni og um það snýst sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu.

Jón Björnsson lagði af stað í Tyrklandi 15. apríl og hjólaði eftir ströndinni til Poti, hélt þaðan inn í land, fór til Tíblisi, höfuðborgar Georgíu, og var kominn til Bakú 11. maí. Hann ætlaði að fara alla leið til Túrkmenistans en fékk ekki vegabréfsáritun í Aserbaídsjan þar sem Túrkmenar hafa lokað sendiráðinu þar.

BT

TOSHIBA

PSPAAE-01D00VN5
TOSHIBA SATELLITE P100-356
Intel® Core 2 Duo T5200
17" WXGA HB TrueBrite
- Upplausn 1440 x 900
Intel 945GM 128MB
1GB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 5 - 1
Harman Kardon® hátalarar
SRS® TruSurround XT™ System og SRS® WOW
IEEE 1394 - DV Ready
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
HD to go - mobile High Definition viewing
Rafhlöðuending 3:00 (Mobile Mark™)
Microsoft® Windows® Vista Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

17"

SKILAÐU GÖMLU TÖLVUNNI

20.000 VERÐLÆKKUN

129.999

149.999

Intel Core 2 Duo
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

Intel 945GM skjákort
Þrívíddarskjákort frá Intel sem virkar með flestum tölvuleikjum

1GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

100GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 100GB hörðum disk.

Windows Vista Premium
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

BT LÁN™

12 mánaða	24 mánaða	36 mánaða
12.932*	7.083**	5.133***

SKILAÐU GÖMLU TÖLVUNNI
OG ÞÚ FÆRÐ AUKA 20.000 KRÓNA AFSLÁTT*

SKILAÐU GÖMLU TÖLVUNNI

1. • 10.000 króna afsláttur af tölvu — 10.000kr

2. • 5.000 króna gjafabréf uppí GSM síma að eigin vali — 5.000kr

3. • 5.000 króna gjafabréf uppí prentara að eigin vali. — 5.000kr

* tilboð gildir aðeins á auglýstum tölvum

DENVER®

TFD-1903
19" LCD sjónvarp m/ innbyggðum DVD spilara
1440x900
Svartími 8ms
1:500 kontrast
250CD/M2 birta
CD, CD-R/RW, DVD-R/RW, DVD+R/RW
MP3, JPEG, VCD, SVCD, MPEG4
Textavarp
Fjarstýring
Scart tengi / A/V tengi
VGA tengi / S-Video tengi

INNBYGGT DVD

19"

49.999

8ms — **8ms svartími** Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

DVD R/RW — **Innbyggður DVD spilari** Spilar CD, CD-R/RW, DVD-R/RW, DVD+R/RW MP3, JPEG, VCD, SVCD, MPEG4.

BT LÁN™

12 mánaða	24 mánaða
5.097*	2.834**

DENVER®

TFD-1503
15" LCD sjónvarp m/ innbyggðum DVD spilara
1024x768
1:500 kontrast
250CD/M2 birta
CD, CD-R/RW, DVD-R/RW, DVD+R/RW
MP3, JPEG, VCD, SVCD, MPEG4
Textavarp
Fjarstýring
Scart tengi / A/V tengi
VGA tengi / S-Video tengi
Vesa 75 standard

Í BARNA-HERBERGIÐ

15"

39.999

8ms — **8ms svartími** Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

DVD R/RW — **Innbyggður DVD spilari** Spilar CD, CD-R/RW, DVD-R/RW, DVD+R/RW MP3, JPEG, VCD, SVCD, MPEG4.

BT LÁN™

12 mánaða
4.118*

Stjórnarsamstarf í 4400 daga

Önnur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við stjórnartaumunum á Íslandi 23. apríl 1995. Þá hófst stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem staðið hefur í rúm tólf ár, lengur en samstarf þeirra átján stjórna sem hafa setið á lýðveldistímanum. Þrír forsætisráðherrar hafa leitt samstarfið og 27 einstaklingar hafa gegnt ráðherraembætti í fimm ríkisstjórnum. Svavar Hávarðsson og Salvar Þór Sigurðarson litu til baka á samstarf sem var árangursríkt að margra mati en jafnframt umdeilt.

LEIÐTOGAR Samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 1995 verður minnst fyrir marga hluta sakir. Holdgervingar samstarfsins eru þeir Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde sem hafa gegnt forsætisráðherraembættinu á tímabilinu.

» 27 RÁÐHERRAR 1995 TIL 2007

ÞAULSETNASTIR

HALLDÓR : 4068 DAGAR

BJÖRN : 4036 DAGAR

DAVÍÐ : 3807 DAGAR

KOMU OG FÓRU

FINNUR INGÓLFSSON

ÁRNI MAGNÚSSON

TÓMAS INGI OLRICH

ÞAULSETNASTIR

Halldór Ásgrímsson 4068 dagar. Utanríkisráðherra frá 23. apríl 1995 til 15. september 2004, forsætisráðherra 15. september 2004 til 15. júní 2006.

Björn Bjarnason 4036 dagar. Menntamálaráðherra frá 23. apríl 1995 til 1. mars 2002. Dóms- og kirkjumálaráðherra frá 23. maí 2003.

Davíð Oddsson 3807 dagar. Forsætisráðherra frá 23. apríl 1995 til 15 september 2004, utanríkisráðherra frá 15. september 2004 til 27. september 2005.

KOMU OG FÓRU

Finnur Ingólfsson, 1712 dagar. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra 23. apríl 1995 til 31. desember 1999.

Árni Magnússon, 944 dagar. Félagsmálaráðherra 23. maí 2003 til 7. mars 2006.

Tómas Ingi Olrich, 669 dagar. Menntamálaráðherra 2. mars 2002 til 31. desember 2003.

TÓKU ENDASPRETTINN

Jón Sigurðsson, 336 dagar. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 15. júní 2006.

Jónína Bjartmarz, 336 dagar. Umhverfisráðherra 15. júní 2006.

Magnús Stefánsson, 336 dagar. Félagsmálaráðherra 15. júní 2006.

AÐRIR RÁÐHERRAR 1995 TIL 2007

Árni M. Mathiesen, sjávarútvegsráðherra 1999-2005, fjármálaráðherra síðan 2005.

Árni Magnússon, félagsmálaráðherra 2003-2006.

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra síðan 2005.

Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra 1995 til 1998.

Geir H. Haarde, fjármálaráðherra 1998-2005, utanríkisráðherra 2005-2006, forsætisráðherra síðan 2006.

Guðmundur Bjarnason, landbúnaðar- og umhverfisráðherra 1995 til 1999.

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra síðan 1999.

Halldór Blöndal, samgönguráðherra 1995 til 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1995 til 2001.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 2001 til 2006. Félagsmálaráðherra 2006.

Páll Pétursson, félagsmálaráðherra 1995 til 2003.

Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra 1999 til 2004. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra síðan 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra 2004 til 2006

Sólveig Pétursdóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra 1999 til 2003.

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra síðan 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra 1999 til 2006, utanríkisráðherra síðan 2006.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra síðan 2003.

Þorsteinn Pálsson, sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra 1995 til1999.

Friðrik Sophusson:

Efnahagslegur árangur mikill

FRIÐRIK SOPHUSSON

„Það er enginn vafi á því í mínum huga að þetta samstarf sem hefur staðið yfir í tólf ár, og fjögur árin þar á undan, eru án efa mestu framfaraskref á Íslandi, ekki síst þegar litið er á efnahagslegan árangur," segir Friðrik Sophusson, fyrrverandi fjármálaráðherra. „Ég held það þurfi ekkert að taka eitt mál út úr fremur öðrum, það verður að líta á heildarmyndina."

Sem dæmi um eitthvað sem betur hefði mátt fara nefnir Friðrik efnahagsstöðugleikann. „Þegar maður lítur á síðustu ár er ljóst að ekki hefur alveg tekist að halda efnahagnum stöðugum. Eftir á að hyggja held ég að þeir fjármunir sem fóru í einkaneyslu vegna breytinga á húsnæðislánum hafi verið mistök."

Ingibjörg Pálmadóttir:

Atvinnuleysi nánast útrýmt

INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR

„Ef við eigum að nefna það sem ríkisstjórnin gerði best held ég að við verðum fyrst og fremst að minnast á atvinnuleysi, sem er nánast ekkert í dag," segir Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. „Ríkisstjórnin hefur einnig skilað hallalausum fjárlögum í áraraðir, en þegar hún tók við var halli á ríkissjóði átta milljarðar."

Hvað varðar hluti sem betur hefðu mátt fara nefnir Ingibjörg að Framsóknarflokkurinn hefði getað unnið betur saman innbyrðis. „Miðað við hvað vel hefur gengið að vinna að þjóðarhag þá er það rannsóknarefni hvernig við sjálf höfum getað klúðrað því að koma því ekki betur til skila," segir hún.

Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur:

Einkavæðingin helsta afrekið

„Eitt helsta afrek þessarar ríkisstjórnar held ég að hljóti að vera einkavæðingin og þá sérstaklega einkavæðing bankanna," segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur þegar hann lítur yfir farinn veg. „Hún gjörbreytti íslensku atvinnulífi og hefur verið mjög jákvæð fyrir samfélagið." Hann nefnir líka sprengingu í háskólamenntun þar sem háskólum og nemendum hefur fjölgað verulega.

„Það sem telst umdeildara er til dæmis álverið fyrir austan og Kárahnjúkavirkjun, sem naut reyndar yfirburðastuðnings á Alþingi þó hávær minnihluti hafi verið á móti. Fjölmiðlafrumvarpið var stjórninni einnig erfitt, en þar var hún að fara fram í ósátt við mikinn meirihluta þjóðarinnar."

Einar nefnir að lokum Íraksstríðið sem eftirminnilegt og umdeilt mál. „Þó stjórnarflokkarnir hafi verið samstiga í þeirri ákvörðun að styðja stríðið þá voru óánægjuraddir innan Framsóknar sem hjálpuðu ekki upp á deilur og ósætti."

EINAR MAR ÞÓRÐARSON

Hann segir síðasta kjörtímabil hafa einkennst af ákveðnum erfiðleikum innan Framsóknar. „Flokkurinn tapaði miklu fylgi í sveitarstjórnarkosningum sem varð til þess að Halldór Ásgrímsson, þá orðinn forsætisráðherra, hætti. Síðan verða deilur innan Framsóknar sem flokkurinn galt fyrir í síðustu kosningum. Almennt var þetta stjórnarsamstarf samt tiltölulega farsælt og oftast góð sátt á milli flokkanna."

Þú & SONY

119.950,-

SONY

SONY Alpha Stafræn SLR myndavél
DSLRA100W

Tvær linsur fylgja
18-70mm og 75-300mm

10 megapixlar
Notar Sony og Minolta linsur
Hristivörn á myndflögur
2,5” LCD skjár

- ótrúleg upplausn og ótrúleg gæði!

139.950,-

SONY

High Definition stafræn myndbandstökuvél
HDRHC5

HD 1080i upptaka
Carl Zeiss Vario-Sonnar linsa
2,7” Clear Photo LCD Plus snertiskjár
HDMI

Full HD 1080

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is sími: 588 7669

CHLOE SEVIGNY OG JAKE GYLLENHALL mæta á sýningu kvikmyndar David Fincher „Zodiac" í Cannes. MYNDIR /GETTY IMAGES

MARK RUFFALO OG EIGINKONA HANS SUNRISE COIGNEY á leið af frumsýningu myndarinnar Zodiac á Cannes.

DAVID LYNCH og óþekkt fylgismey mæta á opnunarhátíð þessarar sextugustu Cannes hátíðar.

Glans, glamúr og gleði

Á 60 ára afmælishátíð Cannes 2007

Kvikmyndahátíðin í Cannes stendur nú yfir á frönsku Rivíerunni og þar má sjá pálmatré, bikiní, snekkjur, hátísku, kokteila, Hollywood-stjörnur, artí-leikstjóra, kaupendur, seljendur, framleiðendur, stressaða viðskiptamenn, blaðamenn, ljósmyndara, rauða dregilinn, endalaus partí og allt þar á milli. *Hanna Björk Valsdóttir* kíkti á stemninguna.

Það var mikið um dýrðir þegar 60. kvikmyndahátíðin í Cannes var sett síðasta miðvikudagskvöld með tilheyrandi galasýningu á opnunarmyndinni My Blueberry Nights eftir leikstjórann Wong Kar-Wai. Þetta er fyrsta mynd hins virta kínverska leikstjóra Wong Kar-Wai með ensku tali og var beðið með nokkurri eftirvæntingu. Myndin skartar þeim Jude Law og Noruh Jones í aðalhlutverki ásamt Natalie Portman og Rachel Weisz. Það var ekki síður eftirvænting eftir því að sjá hvernig söngkonan vinsæla og Grammy-verðlaunahafinn Norah Jones myndi taka sig út í fyrsta sinn á hvíta tjaldinu.

Rauða teppið aðalmálið

Allt fór fram með hefðbundnum hætti á opnunni. Rauða dreglinum var rúllað út við höllina Festival de Palais á aðalgötunni La Croistette meðan stelpurnar lágu ennþá berbrjósta í sólbaði rétt fyrir neðan og snekkjueiginendur drukku kokteila rétt fyrir utan ströndina. Æstir aðdáendur byrjuðu að raða sér upp við La Croisette daginn áður og biðu í ofvæni eftir að limósínurnar mættu með stjörnurnar sem byrjuðu að tínast ein af öðrum í höllina. Sólin skein og dúndrandi partítónlist barst úr hátalarakerfinu meðan kynnirinn tilkynnti hátt og skýrt hverjir voru mættir á rauða dregilinn. Ljósmyndararnir höfðu stillt sér upp við dregilinn, allir í smóking. Fagnaðarlætin brutust út þegar Jude Law og Norah Jones mættu loksins. Jude lék við hvern sinn fingur og óð beint til aðdáenda og tók í höndina á þeim. Norah virtist heldur feimnari og það mátti heyra ljósmyndarana keppast um að kalla „Norah líttu hingað" meðan blossarnir blinduðu nærstadda. Í Cannes er skylda að klæða sig upp áður en stigið er inn á rauða dregilinn og meira að segja ljósmyndararnir þurfa að vera í smóking.

Bláberjanætur

Myndin My Blueberry Nights fékk heldur dræma dóma hjá gagnrýnendum. Wong Kar-Wai er eftirlætisbarn í Cannes. Fyrsta myndin hans As Tears Go By var sýnd á hátíðinni 1989, en það var Chungking Express sem skaut honum á stjörnuhimininn 1994 og fyrsta mynd hans sem fékk alþjóðlega dreifingu. Happy Together var verðlaunuð fyrir bestu leikstjórn á Cannes 1997 og In the Mood for Love var frumsýningarmynd Cannes 2000. Í fyrra var þessi virti leikstjóri formaður dómnefndar og þótti því við hæfi að hann opnaði keppnina og hátíðina þetta árið.

Gagnrýnendur virtust sammála um að það hefði verið helstu mistök Wong Kar-Wai að gera myndina í Bandaríkjunum. Ástæðan fyrir því að Kínverjinn fór þangað var einföld: „Ég vildi fá Noruh Jones til að leika, ég elska röddina hennar, en ekki gat ég látið hana leika á kínversku" sagði Wai við blaðamenn. „Ég hitti hana á kaffistað í New York, hún labbaði inn í „flip-flops" og þáði hlutverkið." Þar með var það ákveðið að hann myndi gera mynd með ensku tali. Myndin er hugljúf rómantísk ástarsaga og sannkölluð stelpumynd. My Blueberry Nights þykir minna á hans vinsælustu mynd, In the Mood for Love, en í þetta sinn þykir ekki takast eins vel til. Flestir eru sammála um að hún sé of sykurhúðuð og minnir um of á súpermarkaðs ástarsögu. Þó að Norah hafi verið dásamleg í sínu hlutverki dugði það ekki til. En það er ekki svo óalgengt að leikstjórum sem vegnar vel með myndir á eigin tungumáli mistakist þegar þeir færa sig yfir til Hollywood og gera mynd með ensku tali.

Gullpálminn eftirsótti

Það eru keppnismyndirnar sem keppa um hinn eftirsótta Gullpálma sem vekja jafnan mestan áhuga í Cannes. Ný keppnismynd er frumsýnd á hverjum degi með tilheyrandi galasýningu, blaðamannafundum og tilstandi. Á öðrum degi var það stórmyndin Zodiac eftir David Fincher sem

Framhald á bls. 40 …

Myndir í keppninni um Gullpálmann

My Blueberry Nights Wong Kar Wai
Import/Export Ulrich Seidl
The Love Songs Christophe Honore
The Man From London Bela Tarr
The Mourning Forest Naomi Kawase
An Old Mistress Catherine Breillat
Paranoid Park Gus Van Sant
Persepolis Vincent Parannaud
Promise Me This Emir Kusturica
The Edge of Heaven Fatih Akin
Tehilim Raphael Nadjari
Breath Kim Ki-duk
Secret Sunshine Lee Chang-dong
Silent Night Carlos Reygadas
4 Months, 3 Weeks, and 2 days Christian Mungiu
Alexandra Sukurov
The Banishment Andrey Zvyagintsev
Death Proof Quentin Tarantino
No Country for Old Men Ethan og Joel Cohen
We Own the Night James Gray
Zodiac David Fincher

● ● ● Rauða dreglinum var rúllað út við höllina Festival de Palais á aðalgötunni La Croistette meðan stelpurnar lágu ennþá berbrjósta í sólbaði rétt fyrir neðan og snekkjueigendur drukku kokteila rétt fyrir utan ströndina.

LAGERSALA HJÁ

HANS PETERSEN Í KRINGLUNNI

LAUGARDAG OG SUNNUDAG

60% AFSLÁTTUR

80% AFSLÁTTUR

Epson R320 | Epson R560 | Samsung Digital poto priter Spp 2040 | Samsung Digital poto priter Spp 2040 | Ea... | Logiteck mús MX | **Logiteck mús MX510** | Logiteck mús LX5 ... talstöð MT 200 | Cobra Headsett f. talstöðvar Cobra Microphoe f. talstöðvar | Headset Premium Sterio | Headset Sharper image | Logiteck Lykklaborð | Heimabió hátalara system | Chilli heimabió | Lenco radio / CD / MP3 player | **Samsung heimabió** | Samsung TFT LCD TV DVD player | 8" Roof mount TFT LCD DVD player | **iRiver H10 20 Gb.** | Hama Audio video selector AV 1000 | Portable DVD player | 3.5 HDD media player | Studio move mix box | Carrier hátalarasett | I speaker | I statione | **Hama iPod taska** | Compact Speaker system | Bushnell vasaljós 20X brighter | Golf scoer card | **Golf scope (mælir vegalengd)** | ofl.

HANS PETERSEN

• Allt að 80% afsláttur á vörum á lagersölunni •

• Kringlan •

NORAH JONES ÁSAMT JUDE LAW, WONG KAR WAI og eiginkonu hans á frumsýningu My Blueberry Nights.

… Framhald af bls. 38

var frumsýnd. Myndin er stjörnum prýdd og því mikið um að vera á rauða teppinu þegar Jake Gyllenhall, Chloe Sevigny, Mark Ruffalo, Robert Downey Jr. og læknirinn vinalegi úr ER, Anthony Edwards, mættu á teppið.

David Fincher sló í gegn með myndinni Se7en árið 1995 og stimplaði Brad Pitt inn á kortið. Á eftir fylgdi myndin Fight Club sem náði hálfgerðum költ-status og Panic Room. Zodiac er sannsöguleg mynd og fjallar um raðmorðingjann fræga í San Francisco á sjöunda áratugnum sem kallaði sig Zodiac og skrifaði bréf til helstu dagblaða á svæðinu. Jake Gyllenhal átti þarna stórleik og hefur náð að stimpla sig inn sem einn mikilvægasti leikarinn af hans kynslóð eftir Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir Brokeback Mountain í fyrra. Zodiac hefur fengið mikið lof gagnrýnenda og þykir besta mynd Finchers, jafnvel of fullkomin.

Quentin Tarantino í keppninni

Seinna um kvöldið var síðan rúmenska myndin 4 Months, 3 Weeks and 2 Days eftir Christian Mungiu frumsýnd, en hún fær góða dóma gagnrýnanda. Ekki var samt mikið um húllumhæ á rauða dreglinum þegar sú mynd var frumsýnd og greinilegt að í Cannes eins og annars staðar eru það Hollywood-stjörnur sem draga að sér mesta athyglina. Ekki fer mikið fyrir tali um góða lýsingu, kvikmyndatöku og klippingu sem heyrist oft á kvikmyndahátíðum þar sem kvikmyndanördar koma saman heldur eru það stjörnur, stjörnur og aftur stjörnur sem skipta máli.

Nú þegar hafa líka verið frumsýndar í keppninni franska myndin Les chanson d'amour eftir Christophe Honoré og rússneska myndin Izgnanie eftir Andrei Zvyagintsev. En keppnin er enn þá komin of stutt af stað og of snemmt er að segja til um hvaða myndir eru sigurstranglegastar. 22 myndir taka þátt í keppninni. Meðal annarra er Emir Kusturica mættur aftur til leiks með Promise Me This og Gus Van Sant með Paranoid Park. Íslandsvinurinn Quentin Tarantino á mynd í keppninni, Death Proof, þar sem hryllingurinn heldur áfram og spennandi að sjá hvernig honum verður tekið í Cannes. Fatih Akin sem sló í gegn með Head On árið 2004 og vann Berlínarbjörninn reynir nú við Gullpálmann. Rússinn Alexander Sokurov var heiðursgestur Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í fyrra og er núna með myndina Alexandra í keppninni.

Cannes virðist vera að velja leikstjóra þetta árið sem áður þóttu of avant-garde fyrir Cannes og er Sokurov einn þeirra. Hátíðin reynir að hafa meira listrænt gildi þó að Hollywood-stjörnurnar og markaðurinn fái ennþá mestu athyglina.

Cohen bræður mættir aftur

Joel og Ethan Cohen-bræður eru nokkurs konar eftirlætissynir Cannes og snúa aftur með það sem þeir þekkja best, þunglyndislega mynd sem þeir kalla Paranoid Park og fjallar um hjólabrettastrák sem drepur óvart öryggisvörð. Þeir gagnrýnendur sem hafa séð myndina segja hana jafnvel bestu mynd þeirra, eftir nokkrar frekar misheppnaðar tilraunir til að gera grínmyndir á borð Oh Brother Where Art Thou. Joel og Ethan mættu fyrst á Cannes 1987 með aðra mynd sína Arizona Junior, 1991 unnu þeir Gullpálmann fyrir Barton Fink, árið 1996 unnu þeir bestu leikstjórn fyrir hittarann Fargo og aftur 2001 fyrir The Man Who Wasn´t There. Þeim verður því vafalaust vel tekið í Cannes þetta árið.

Sól, pálmatré og stjörnur

Stemningin í Cannes er engri lík. Cannes er lítill strandbær í Suður Frakklandi og ekki margar kvikmyndahátíðir sem fara fram niður við strönd í sumar og sól. Cannes er líka hátíð ríka fólksins, skútur og snekkjur liggja alls staðar við höfnina og það þykir fínt að koma til Cannes, gista á ofurdýrum hótelum og klæða sig upp í ofurfína kjóla til að fara í bíó. Það fer enginn inn á rauða dregilinn nema í sínu fínasta pússi.

Cannes er stærsta kvikmyndahátíð í heimi og markaðurinn í kringum hana er risastór. Þar má sjá fólk „víla og díla" allan daginn. Þar eru framleiðslufyrirtæki sem keppast við að selja myndirnar sínar og allir eru sveittir í símanum allan daginn. Þannig er Cannes sambland af artí-kvikmyndhátíð og amerískri hátíð því bransagaurarnir eru úti um allt. Áhorfendur og aðdáendur flykkjast á hátíðina og fyrir utan höllina má sjá slagsmál um miða því færri komast að en vilja og ekki auðvelt fyrir almúgann að komast inn í höllina Festival de Palais. Úti um allt eru ljósmyndarar tilbúnir að taka myndir þegar næsta stjarna sést labba niður götuna og á kvöldin er mikið líf og fjör út á götu og partíið heldur að sjálfsögðu áfram langt fram á nætur. Hér eru endalaus boð og partí.

Meðfram ströndinni á La Croisette þar sem höllin stendur er troðið af fólki sem smeygir sér um milli pálmatrjáa með tilheyrandi hamagangi og látum. Þar má sjá stjörnur jafnt sem „wannabes", stelpur uppstrílaðar reyna að láta taka eftir sér og keppast um athygli ljósmyndara sem eru úti um allt. Hér er líka ríka og fallega fólkið, venjulega fólkið sem gengur samt um í Gucci og Louis Vuitton eins og ekkert sé sjálfsagðara, gistir á lúxushótelum eða á risasnekkjunum sem setja svip sinn á frönsku Rivíeruna. Sumir koma til Cannes og fara aldrei í bíó, þeir eru of upteknir við að samningana, hanga á barnum og að mæta í partíin.

Í heimi fræga fólksins þykir líka fínt að láta sjá sig í Cannes og þess vegna má sjá stjörnur eins og Jessica Simpson mæta upp úr þurru og djamma með Jude Law og Noruh Jones í frumsýningarpartíinu. ■

SENUÞJÓFAR Á RAUÐA TEPPINU

→ Það var franska módelið, söngkonan, barráttukonan og kyntáknið **Birgitte Bardot** sem stal fyrst senunni þegar hún mætti í Cannes í bikiníi árið 1953 með hjörð af ljósmyndurum á eftir sér.

→ Ári seinna, 1954, var það leikkonan **Simone Sylva** sem átti kannski eftirminnilegasta og jafnframt sorglegasta mómentið í Cannes þegar hún sýndi á sér brjóstin.

→ **Madonna** á samt frægasta brjóstaatriðið í Cannes þegar hún mætti 1992 á frumsýningu „Truth or Dare" í keilulaga Jean-Paul Gaultier brjóstahaldaranum sem varð jafn frægur og Madonna sjálf. Síðan þá hafa hönnuðir litið á Cannes sem bestu auglýsingaherferðina og það sem skýldi varð mikilvægara en það sem var berað.

→ **Pedro Almodovar** vakti reyndar aftur athygli á málefninu í fyrra þegar hann mætti með Volver-stjörnuna Penelope Cruz upp á arminn og benti á að hún væri með stórkostlegustu brjóstaskoruna í heimi kvikmyndanna.

→ Það var hún **Björk** okkar sem stal senunni svo eftirminnilega árið 2000 að það er ennþá í minnum ljósmyndaranna sem standa vaktina á rauða teppinu. Það mátti heyra píkuskræki og öskur um alla frönsku Rivíeruna og þegar nærmynd af kjólnum hennar birtist á risaskjánum fyrir ofan teppið sló þögn á mannskapinn. Önnur eins viðbrögð hafa ekki sést í Cannes. Björk labbaði í burtu með Gullpálmann fyrir bestan leik í Lars Von Trier myndinni Selmasongs.

SOPHIE MARCEAU Hin kynþokkafulla franska leikkona mætir á svæðið.

Náttúru- og umhverfisfræði

Með aukinni ásókn í land og fjölbreyttari nýtingu þess er mikil þörf á fagfólki sem hefur víðtæka þekkingu á náttúru Íslands og sjálfbærri nýtingu hennar. Við Landbúnaðarháskóla Íslands er boðið upp á nám í náttúru- og umhverfisfræði. Áhersla er lögð á náttúru Íslands, áhrif mannsins á umhverfið, sjálfbæra nýtingu náttúrugæða og náttúruvernd.

Námið er góð undirstaða undir allt framhaldsnám í náttúruvísindum. Það hentar vel fyrir margvísleg störf að umhverfismálum sem krefjast sérþekkingar á íslenskri náttúru, s.s. umsjón, stjórn og skipulag umhverfismála og landnýtingar, eftirlit og umsjón með náttúruverndarsvæðum og mat á umhverfisáhrifum. Einnig er námið kjörið fyrir kennslu í náttúrufræðum á grunn- og framhaldsskólastigi.

Nánari upplýsingar er að fá á vef LbhÍ – www.lbhi.is
Umsóknarfrestur er til 4. júní.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvanneyri · 311 Borgarnes
Sími 433 5000 · www.lbhi.is

„Kljúfum loftið eins og Concord-þota...“

- Vængjalaus, Sálin hans jóns míns, Höf: Stefán Hilmarsson



Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?

Tónlist.is

HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Dagur um borð

Norðaustanvindurinn ýtir breiðum, þungum bylgjum úr Íshafinu suður. Skútan liggur á 300 faðma dýpi 60 mílur austur af Langanesi, og bylgjurnar velta henni með hægum, föstum takti, og það brakar í viðum hennar. Þetta er snemma morguns, og brakið í viðum skútunnar hljómar eins og hrotur. Hún veltur þyngra undan vindinum, í stjórnborða, og þá er eins og hún andi að sér; svo veltur hún í bakborða og andar frá sér. Skútan andar djúpt, hrýtur hátt, sefur fast. En stórseglið vakir. Það er barkarlitað með eina hvíta bót og slengir bómunni út í hverri veltu, kippir í tóin, rykkir í stuðtalíuna, og reynir að slíta sig laust.

Jónas Árnason: Færeyingar (Veturnóttakyrrur 1957)

Þingmaður setur niður

„Þingmaðurinn og hans þingflokkur setur niður við slíka framgöngu," segir í aðsendri grein í Mbl. 3. maí. Hvað skyldi þingmaðurinn setja niður? Kartöflur? Varla setur hann niður þolfall.

Á hinum Norðurlöndunum

Oft heyrum við tekið svo til orða, að eitthvað sé svona „á hinum Norðurlöndunum".

Það er órökrétt því að þá erum við um leið að segja að okkar land sé „þetta Norðurland" – sbr. fornöfnin þessi og hinn – og það dytti engum í hug. Miklu betur fer á því að segja einfaldlega „annars staðar á Nörðurlöndum".

Hugarburður

er býsna einkennilegt orð. Frummerking er að bera eitthvað í huga sér, og þannig er elsta dæmi í rituðu máli, í Píslarsögu sr. Jóns Magnússonar frá miðri 17du öld og aftur í Árbókum Espolíns. En merkingin vitleysa, fjarstæða, ímyndun eða heilaspuni (sem er líka skemmtilegt orð) kemur fyrst fyrir í Fjölni, – og allar götur síðan.

Geðveikur

Jón Gunnar Sæmundsson bendir á notkun lo. geðveikur í Fréttablaðinu 21. apríl: „...getur maður borið yfir sig af geðveikum mat". Lo. geðveikur er auðvitað haft um alvarlega sjúkdóma, sem enginn skyldi skopast að. Því miður hefur borið á því sem eins konar unglingaslangri að nota orðið sem sterkt atviksorð, að e-ð sé „geðveikt skemmtilegt" – eða kannski segja unglingarnir „kúl" enda þykir þeim fínt að sletta ensku. En eitt er unglingatalmál og annað alvöruskrif í dagblöðum. Því þótti mér hörmulegt að sjá í fyrirsögn í Lesbók Mbl. 5. maí: „Ja, þið eruð bara að mælast geðveikt vel." Hélt ég satt að segja að þar á bæ væri meiri metnaður og aðrar kröfur um málfar.

Að berja augum

Getur það stafað af einhverri innbyggðri ofbeldishneigð að nú þykir fínt að „berja e-ð augum" í stað þess að aðgæta, gá, horfa á, líta, sjá, skima, skoða, skyggnast, virða fyrir sér? Ekki skortir orð.

Braghenda

Ragnar Böðvarsson sendir þessa braghendu um varðandi-staglið:

Varðandi hvað varðar þetta verður gaman
er við losnum loks við amann
af leti og heimsku að vinna saman.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ TEHERAN

67 km til Írak

Ég endaði dvöl mína hér í Teheran á að flýja stórborgina og eyddi síðustu helginni minni með nokkrum vinum í Suður-Íran í ríkasta héraðinu, nefnilega Khuzestan. Khuzestan er olíufylkið, flestir skýjagljúfrar í Teheran eru byggðir fyrir peninga sem koma þaðan. Samt sem áður er fólkið þar fátækt. Peningarnir fara allir til borgarinnar. Það eru flug á 20 mínútna fresti til Ahvaz og flugvélin var full af olíubransafólki.

Þegar ég labbaði út úr flugvélinni labbaði ég á vegg. Hitinn sem var yfir 40 gráður var nánast óbærilegur en svartur síðermaklæðnaður og slæða á höfðinu var samt ennþá skylda og svitinn rann eftir bakinu. Þegar við keyrðum í klukkutíma frá flugvellinum til Shush sem var áfangastaður okkar sáum við olíuna brenna út í loftið á staurunum sem gnæfðu upp úr jörðinni. Mjög tilkomumikið og ég fann næstum lyktina af peningunum í loftinu.

En Khuzestan er líka ríkasta landbúnaðarhérað Íran. Þar renna þrjár stórar ár í gegn og skapa úrvalsræktunarland. Þar vinna bændur hörðum höndum á hveitiökrum og sykurökrum, og allir mögulegir ávextir og grænmeti eru líka ræktaðir á svæðinu.

Vegna þess hversu ræktunarland er gott á svæðinu eru þarna elstu minjar um byggð í Íran að finna og þarna settust þeir fyrst að. Shush var ein af mikilvægustu borgunum í fornu Persíu. 4000 ára fornminjar liggja alltum kring. Íran hefur aldrei hætt að koma mér á óvart og það var því mjög ánægjulegt að komast að því að í miðri eyðimörk í Shush sem engir túristar hafa heyrt talað um - kannski af því að þar eru engin hótel og engir veitingastaðir, og fólksfjöldinn nokkrar hræður - eru einhverjar merkilegustu fornminjar Írans að finna.

Darius I byggði vetrarhöll þarna 521 fyrir Krist sem svipar til Persepolis. Höllin lifði af Alexander mikla en eftir árás Mongólanna hvarf höllin í sand og fannst ekki fyrr en á 19. öld þegar franskir fornleifafræðingar hófust handa við að grafa upp höllina. Íranski hlutinn í Louvre-safninu í París kemur því allur frá þessu svæði. Þeir sem hafa séð minjarnar í Louvre geta farið til Shush og séð það sem var skilið eftir.

HANNA BJÖRK Í ÍRAN

Héraðið liggur upp við Írak og því vorum við með næturverði til að passa okkur á nóttunni. Í 67 km fjarlægð í Írak ríkir nefnilega algjör lögleysa og óstjórn. Bandaríkjaher þykist vera á staðnum en er aðallega í Baghdad þannig að restin af Írak er frekar afskiptalaust. Íbúarnir í Khuzestan eru af arabískum uppruna og þó að persneska sé opinbera tungumálið þá er arabíska aðaltungumálið. Innfæddir gera ekki greinarmun á fólkinu hinum megin við landamærin. Þetta er sama fólkið, sama jörðin og í hugum þeirra eru engin landamæri. Frændur og frænkur búa hinum megin við línuna og þau ferðast á milli.

CHOQA ZANBIL Í SHUSH. Á lista UNESCO, 3000 ára gamlar minjar um Elamite-arkitektúr.

Saddam Hussein reyndi mikið að komast yfir fylkið í stríðinu við Íran 1980-1988 vegna auðlindanna sem finnast hér; olía og ræktunarland. Fylkið varð því verst úti í stríðinu og um hálf milljón Írana lét hér lífið við að vernda Khuzestan.

Á föstudeginum sátu konurnar í moskunni, sem er líka aðalfélagsmiðstöðin, og báðu, sungu, görguðu og böðuðu út höndum, þetta var eins og að labba inn í fuglabjarg og ég hef aldrei séð eins mikla karaktera. Gömlu konurnar með sólþurrkuð andlitin eins og krumpaðar sveskjur, þykk gleraugu með svörtum þykkum umgjörðum og svörtu klútana vafða um höfuðið „arab-style".

Við gistum á sannkölluðu óðali, í gömlu stóru húsi með þjónustufólki, kokkum og einkabílstjórum. Og eins og alltaf var gestrisnin í hámarki og þetta fólk bar mig á höndum sér. Þetta var fullkominn endir á fullkominni dvöl í frábæru landi sem hættir ekki að koma á óvart. Fólkið og menningin er stórkostleg. Hér hef ég eignast vini á mettíma og því var hálf dapurt að koma aftur til Teheran til að pakka ofan í tösku og kveðja.

Það veit svo sem enginn hvað gerist næst í íslamska lýðveldinu Íran sem heldur áfram að óhlýðnast bandaríska stórveldinu og setja hömlur á eigin íbúa en ég vona innilega að landið verði látið í friði og að fólkið fái frið til að lifa sínu lífi. Ég kveð núna Íran í bili og þakka öllum sem lásu pistlana. Khodahafez!

hannabjork@gmail.com

HELGARKROSSGÁTAN

					65 MP & BH	GÁ	SKEMMA	TVEIR EINS		EINKAR	KUSK	LOKKA				
					→											
					BÓKSTAFUR				FUGL / ÚTLIT							
					TVEIR EINS / TÍSKU			MÁLMUR / NÚMER			RÁMA		ÚTUNGUN EGGJA	SAMTÖK	NAGDÝR	
	SKÓR	RYKKORN	KÁETA	STOPP						HÁRSKERI / SAMKVÆMI						
KÁL						LÍTILL POTTUR / VIRKI	1					LAND Í ASÍU				
TRAUST				ESPA / ÖNDUNAR-SJÚKDÓM				ATORKA / REIKA		3				TVEIR EINS / HAFA Í HYGGJU		
		STEIN-TEGUND / GERA VIÐ					LÍFRÆN SÝRA / ÁTT					FÖGNUÐUR / NÓTA				
ÍLÁT			5		FLÝTIR				HALD / BURÐARÁS ÞAKS				MÁL / HRÓPA			
VARLA					GAUR / LAGFÆRING						KJÖKUR / FÁLM				MINNKUN	
PERSÓNU-FORNAFN			NAGDÝR				GUÐ / SLABB			KRYDD / HNAPPUR						AFGANGUR
GERIR VIÐ					2	TÓNVERK / FLANA								BOGI / ÞANGAÐ		
				KRÁ				ALÞJÓÐ-LEGUR SAMNINGUR				4	ÞRÍ / ÁTT			
											YNDIS					
				ÓSIGUR				SÖGU								

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

CORTES
CORTES
CORTES
ER KOMIN Í
VERSLANIR
SKÍFUNNAR
S·K·Í·F·A·N
KRINGLUNNI • SMÁRALIND
LAUGAVEGI • FLUGSTÖÐIN/FLE

Búvísindi

Í búvísindanámi við Landbúnaðarháskóla Íslands er lögð áhersla á raunvísindagreinar, námskeið á sviði jarðræktar og búfjárfræða og rekstrar- og tæknigreinar. Markmiðið er að undirbúa nemendur fyrir viðfangsefni og störf sem tengjast ræktun lands og landbúnaðarframleiðslu ásamt því að leggja grunn að framhaldsnámi og fræðistörfum á sviði búvísinda.

Nám til BS-prófs veitir undirbúning fyrir margvísleg störf sem tengjast landbúnaði við ráðgjöf, kennslu og rannsóknir. Einnig nýtist námið vel sem undirbúningur fyrir rekstur búa og störf hjá fyrirtækjum sem þjóna landbúnaði og atvinnurekstri í dreifbýli. Tveggja ára starfsmiðað meistaranám í framhaldi af BS- gráðu eykur hæfni fólks til starfa við leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins þar sem kröfur um menntun fara vaxandi. MS-próf uppfyllir menntunarkröfur fyrir störf landsráðunauta.

Nánari upplýsingar er að fá á vef LbhÍ – www.lbhi.is
Umsóknarfrestur er til 4. júní.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvanneyri · 311 Borgarnes
Sími 433 5000 · www.lbhi.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Af óförum forstjóra

TRYGGVI GUNNARSSON FER MEÐ GAMANMÁL

Öllum finnst gaman að heyra af óförum annarra, svo lengi sem enginn hafi slasast alvarlega eða dáið. Þetta á sérstaklega við um ríkt fólk sem ofmetnast hefur vegna allra núllanna á launamiðanum.

Þetta er algild staðreynd og þar sem það er laugardagur og allir ættu að vera í stuði fyrir skemmtilegar ófarir ætla ég að segja smá sögu. Ég þarf því miður að sleppa nöfnum af ótta við málsóknir og hefndaraðgerðir.

Oft vill verða að þeir sem stofna lítil fyrirtæki sem vaxa hratt verða hrikalega góðir með sig og þykjast vita allt betur en fólkið í kringum þá. Einn slíkur fór með starfsmenn fyrirtækis síns í heimsókn í systurfyrirtæki. Þeir fengu leiðsögn um allt fyrir tækið og flestir hlustuðu af mikilli athygli á það sem fram fór. Svo fór að stýttast í annan enda heimsóknarinnar og komið var inn í stóran sal þar sem hlýða átti á stuttan fyrirlestur áður en matur yrði borinn á borð.

Forstjórinn góði tók eftir því að einn í hópnum góndi út í loftið og var ekkert að fylgjast með. Til að gera langa sögu stutta brjálaðist forstjórinn, rauk í strákinn og spurði af hverju hann væri ekki að fylgjast með. Áður en strákurinn gat stamað upp svarinu spurði forstjórinn hvað hann væri með í laun á mánuði. Strákurinn svaraði að það væru 40 þúsund krónur. Forstjórinn beið ekki boðanna heldur reif upp veskið, tíndi til 40 þúsund krónur sem hann skellti í lófann á stráknum og óskraði á hann að hann væri rekinn.

Greyið hrökklaðist út og eftir stóð forstjórinn agalega ánægður með að hafa sýnt vald sitt. Hann tók hins vegar eftir því að einn og einn í hópnum þurfti að bæla niður hlátur. Hann rauk því í næsta flissandi mann og spurði hvað í ósköpunum væri svona fyndið?

Hann fékk einfalt svar: Þú varst að „reka“ pítsusendilinn.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Hvað er að frétta?

Fréttir af fólki_

www.visir.is

LÉTT BYLGJAN 967

Veldu Ford Focus Trend Collection

Ford

Nýtt tákn um gæði

Kauptu í dag Ford Focus Trend Collection 1,6i 5 dyra 5 gíra

Kauptu Focus Collection í dag

2.220.000 kr.*

Collection toppar flokkinn 'special series' hjá Ford. Gerðu samanburð. Spurðu söluráðgjafa Ford um Ford Focus Trend Collection.

Skoðaðu verð og búnað. Komdu í Brimborg. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Focus Trend Collection fyrir sumarið.

Kauptu Focus Trend Collection frá Ford fyrir sumarið. Komdu í Brimborg.

collection

FOCUS
collection

FOCUS

GCI/ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

FordFocus

Nýtt tákn um lífsgæði

Ford Focus Genuine Design. Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Focus merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vistvænan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Focus.

Spurðu um hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar þýðir fyrir þig

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

17.00
Kór eldri Þrasta og Samkór Rangæinga halda tónleika í Hásölum í Hafnarfirði í dag. Stjórnandi beggja kóranna er Guðjón Halldór Óskarsson. Aðgangur er ókeypis.

menning

menning@frettabladid.is

Leiðin á milli gamla og nýja tímans

Sýningin Leiðin á milli – brot fortíðar í listskynjun þriggja kvenna nútímans, verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands í dag. Á sýningunni vinna þrjár listakonur, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, er kenna sig við Andrá, með þjóðararfinn, og sækja innblástur í muni úr Þjóðminjasafninu.

Verkin eru innsetningar sem heita Hringhenda, Aðdráttarafl og Gestrisni. Á sýningunni feta konurnar þrjár leiðina á milli gamla og nýja tímans – setja ný verk í samhengi við gömul og sækja jafnvel í persónulega muni. Þannig opnaðist Guðrúnu sýn inn í kveðskaparheim Bólu-Hjálmars í gegnum fagurlega útskorinn skáp hans sem nú er í eigu Þjóðminjasafnsins. Kristín dregur fram rauða skrifborðið hans Jónasar Hallgrímssonar og Guðbjörg Linda tengist við förukonuna Látra-Björgu í gegnum kaffibolla.

GAMLA SKRIFBORÐIÐ HANS JÓNASAR Meðal efnis í innsetningu Andrár-hópsins er skrifborð Jónasar Hallgrímssonar.

Sýning Andrár-hópsins er ein af mörgum miðlunarleiðum í listrænni endursköpun og setja myndlistarkonurnar menningararfinn í annað samhengi en áður.

Sýningin verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins í dag klukkan 15.00 og stendur til 30. september.

> Ekki missa af

Fjör fyrir brúðkaup og jarðarfarir

Tónskáldið og gítarleikarinn Goran Bregovic hefur verið helsti merkisberi balkanskrar tónlistar í tvo áratugi. Hann mætir með stórhljómsveit sína á Listahátíð í samstarfi við tónlistarhátíðina Vorblót og flytur tónlist úr brúðkaupum og jarðarförum, sem hann hefur unnið á undanförnum árum, í Laugardalshöll í kvöld. Tónlist hans þekkja fjölmargir úr kvikmynd Emir Kusturica, Underground, sem hlaut Gullpálmann í Cannes árið 1995, en einnig úr kvikmyndum Kusturica, Arizona Dream og Time of the Gypsies. Húsið opnar kl. 19.00.

EINKASÝNING RAX Ragnar Axelsson ríður á vaðið með einkasýningu í Fótógrafí. Stefnt er á að opna nýja einkasýningu í hverjum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/RAX

Fótógrafí helgað ljósmyndun

Ari Sigvaldason, fyrrverandi fréttamaður á Rúv, hefur söðlað um. Hann opnar ljósmyndagalleríð Fótógrafí á Skólavörðustígnum í dag.

Framkvæmdastjórn Fótógrafí er í höndum Ara, en þeir Stígur Steinþórsson, leikmyndahönnuður, Stefán Einarsson, grafískur hönnuður og Sigvaldi Arason, faðir Ara, standa einnig að baki galleríinu.

ARI SIGVALDASON. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Ég hef verið að taka ljósmyndir í tuttugu ár og hef haldið nokkrar sýningar. Mig langaði að finna einhvern flöt á því að vinna við þetta," útskýrði Ari. Ljósmyndagallerí eru af skornum skammti í Reykjavík og að sögn Ara hefur uppgangur í sölu ljósmynda í heiminum öllum ekki náð til Íslands. „Um allan heim er mikill uppgangur í sölu ljósmynda. Ég held að unga fólkið í dag vilji ekkert síður hafa ljósmyndir á veggjum hjá sér en málverk. Svo er líka mikil gróska í ljósmyndun þessa stundina, svo þetta er góður tímapunktur," sagði hann.

Í Fótógrafí verða ekki eingöngu sýningar. „Hérna verða bæði búð og sýningarsalur. Við erum með myndir eftir tuttugu ljósmyndara til sölu. Svo er hellingur af ljósmyndabókum, bæði eldgömlum og glænýjum, póstkort og plaköt og bolir með myndum á. Grunnhugmyndin er sú að allt hérna inni byggir á ljósmyndum," útskýrði Ari, en elsta ljósmyndun er aldargömul. Ein einkasýning í mánuði mun opna í sérstökum sýningarsal og Ragnar Axelsson, ljósmyndari Morgunblaðsins, ríður á vaðið.

Myndirnar eru verðlagðar á á bilinu 6.000 til 315.000 krónur. „Þær verða merktar, svo fólk er kannski að kaupa eitt eintak af tíu eða fimm. Það eflir söfnunargildi og verðgildi," sagði Ari. Á meðal ljósmyndara sem verða með verk sín til sölu eru Ragnar Axelsson, Páll Stefánsson, Börkur Sigþórsson, Gunnar V. Andrésson og Thorsten Henn. „Það mun fjölga í þeim flokki," sagði Ari, sem útilokar ekki að sýna sjálfur í galleríinu. „Það getur vel verið, ef það myndast einhvern tíma pláss fyrir það."

- sun

Kjarvalsstaðir krauma

Hönnunarsýningin MAGMA/KVIKA verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Sýningin, sem er hluti af Listahátíð, er ein sú viðamesta sem sett hefur verið upp um íslenska samtímahönnun og spannar allt frá súkkulaðifjöllum til stoðtækja.

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, hönnuður, er sýningarstjóri Magma/Kviku. Hún segir val á verkum til sýningarinnar hafa útheimt mikla leit. „Ég reyndi að finna það sem mig langaði að sjá, hvað væri eiginlega að gerast hérna. Það þarf að hafa fyrir því að grafa það upp," sagði hún. Uppgrófturinn skilaði af sér verkum rúmlega 80 íslenskra hönnuða og er sýningin fyrir vikið afar fjölbreytt. Á meðal verka á Magma/Kviku má finna allt frá pallíettufossi til endurskinsmerkja, frá gaddavírsbangsa og snjóbrettum til matarstells og vasa. Verk hönnuðanna eru öll ný af nálinni, enda sýningin sannkölluð samtímasýning.

„Þetta er ekki yfirlitssýning. Hún teygir sig tvö, þrjú ár aftur í tímann, en snýst um það sem er að gerast nákvæmlega núna í íslenskri hönnun," útskýrði Guðrún Lilja. Fimm hönnuðir hafa þar að auki tekið þátt í sérstöku nýsköpunarverkefni fyrir sýninguna. Þeir eru þau Ninna Þórarinsdóttir, Páll Einarsson, Sigríður Heimisdóttir, Unnur Friðriksdóttir og Þórunn Árnadóttir, sem frumsýna öll verk á Magma/Kviku.

Íslenska hönnun segir Guðrún Lilja vera afar alþjóðlega. „Rauði þráðurinn í sýningunni er kannski bara kraftur, en ég sé engin sérþjóðleg einkenni," sagði hún. Titill sýningarinnar vísar í þennan sama kraft, bæði á íslensku og ensku. „Hluti sýningarinnar fer líka til New York, þar sem verður forsýning frá 31. maí til 3. júní," sagði Guðrún Lilja.

KRAFTUR Í MAGMA/KVIKU Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir sýningarstjóri segir rauða þráðinn í sýningunni vera sköpunarkraftinn. Yfir 80 hönnuðir sýna verk sín á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

FRÁ LJÓSUM TIL STOÐTÆKJA Magma/Kvika spannar vítt svið íslenskrar hönnunar. Ljós Guðlaugar Friðgeirsdóttur eru einn hluti hennar.

Guðrún Lilja leitast einnig við að vekja fólk til umhugsunar um hönnun í umhverfi sínu. „Fólki finnst hönnunin í kringum sig oft vera svo sjálfsögð. En það er mikil hugsun á bak við hana, sama hvort um ræðir lítinn smáhlut eða hátæknitæki. Ég hef verið að leita eftir því að finna hvað er á bak við hlutina, svo að fólk almennt verði meðvitaðra um hönnun í umhverfinu," sagði hún.

Samhliða sýningunni verður gefin út vegleg bók um íslenska samtímahönnun. Jafnframt verður opnuð verslun á Kjarvalsstöðum, þar sem sumir hlutanna á sýningunni verða til sölu. Í norðursal Kjarvalsstaða verður sýningin Kveikja – Opin listsmiðja til húsa. Þar gefst börnum kostur á að smíða úr gömlum íspinnaprikum og skoða ný leikföng sem byggjast á sömu hugmyndafræði. Einnig verður efnt til fræðslu- og fyrirlestrardagskrár á sýningartímabilinu og í hverju fimmtudagshádegi leiða hönnuðir gesti um sýninguna.

Magma/Kvika er unnin í samvinnu við Hönnunarvettvang og er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Hún stendur yfir til 26. ágúst.

KARLMANNLEG KÖKUFORM Hrafnkell Birgisson hannar karlmannleg kökuform sem hann kallar Tools you bake.

GRAFÍSK BRETTI Katrín Pétursdóttir á heiðurinn af grafíkinni sem prýðir þessi snjóbretti.

Opið í Smáralind

Lokað á laugardögum í maí, júní og júlí
í Lágmúla 8 (heimilistæki) og
í Síðumúla 9 (hljómtæki og skrifstofutæki).

SUMAROPNUN:
Laugardaga frá kl. 11:00-18:00
Sunnudaga frá kl. 13:00-18:00

Velkomin í óvenjulega verslun!

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR Á VÆGU VERÐI



Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk
og þú hannar þitt draumaeldhúsið
auðveldlega.

HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman …*

Af hverju að borga meira?
HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi. Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að Settu það saman línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.
HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni Settu það saman línunnar frá HTH.

Einfalt og þægilegt.
Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. Settu það saman er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu.

Stíllinn og áferðin skipta sköpum.
Í Settu það saman kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt.

Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

AEG
ELDHÚSPAKKINN

Keramikhellur
AEG 66030 K-MN
Fjórar hraðhitahellur
Snertirofar
Tímastillir á öllum hellum
"Automax" stilling: Byrjar á að fara á mesta hita, en lækkar síðan á valda stillingu
Fjögurra þrepa eftirhitagaumljós
Kr. ~~73.579~~



Háfur
Airforce F3/AIRF 3
Til uppsetningar á vegg
Fyrir útblástur eða kolafilt
Kr. ~~23.053~~

Veggofn, stál
AEG COMPETENCE B 3051-4-M
Fjölvirkur ofn með 9 aðgerðum
Létthreinsibúnaður
Stórt ofngler
"ISOFRONT" þrefallt gler í ofnhurð, auðveldar þrif - kaldari framhlið
Sökkhnappar
Kr. ~~77.789~~

TILBOÐSVERÐ: *Allur pakkinn:* ***109.900***

AEG

AEG LAVAMAT 64810 ÍSLAND - ÞVOTTAVÉL
Vindingarhraði: 1400/1000/600 sn/mín.
6 kg
Verð kr.: ~~91.290~~

HELGARVERÐ: 69.900

VORSALAN Á FULLU!!

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA ÁN KREDITKORTS

ORMSSON *Opið frá kl. 10–13 á laugardögum*
ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON *Lokað á laugardögum*
AKUREYRI · Sími 461 5003

ORMSSON
SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908

www.ormsson.is

KRINGLU KRÁIN
Dans á Rósum
frá Vestmanneyjum
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
19. maí kl. 20 Uppselt
20. maí kl. 20 Uppselt
25. maí kl. 20 Uppselt
26. maí kl. 20 Uppselt
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld, lau. 19/5 örfá sæti laus, fös. 25/5 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!

PARTÍLAND - eftir Jón Atla Jónasson. Alþýðuskemmtun með söng, leik og dansi. Leikfélagið Gilligogg í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Listahátíð í Reykjavík. Lau. 26/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Fös. 25/5 nokkur sæti laus. Síðasta sýning í vor! Umræður eftir sýninguna 25/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi.

Kassinn

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Í kvöld, lau. 19/5 uppselt, sun. 20/5 örfá sæti laus, fim. 24/5 uppselt, fös.1/6 nokkur sæti laus, sun. 3/6. Síðustu sýningar í vor!

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur
Í dag, lau. 19/5 kl. 11:00 nokkur sæti laus og kl.12:15 nokkur sæti laus, sun. 20/5 kl. 11:00 örfá sæti laus og 12:15 örfá sæti laus. Síðustu sýningar!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN"
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 26/5 AUKASÝNING Síðasta sýning

LADDI 6-TUGUR
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl.20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
Fös 25/5 kl. 20 UPPS.
Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20
Sun 3/6 kl. 20
Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20
Fös 15/6 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ
Mið 30/5 kl. 20 Mið 6/6 kl. 20
Sun 10/6 kl. 20 Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar

SPÍTALINN
Eftir Jo Strömgren. Gestasýning frá Noregi.
Í kvöld kl. 20 Sun 20/5 kl. 20
Aðeins þessar sýningar

DAGUR VONAR
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 25/5 kl. 20
Fim 31/5 kl. 20
Sýningar hefjast að nýju í september

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.

Í dag kl. 14 UPPS.
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sjóðheitur bræðingur

Tónleikar Oumou Sangaré og Tómasar R. Einarssonar á Nasa á fimmtudagskvöldið voru fyrstu tónleikar Vorblóts 2007, en hátíðin er nú haldin öðru sinni. Vorblótið einbeitir sér að þjóðlagatónlist, djassi og heimstónlist og er kærkomin viðbót í tónlistardagatal Reykjavíkur.

Tómas R. hóf Vorblótið á fimmtudagskvöld á Nasa. Hann mætti með fimm manns með sér og lék lög af latin-plötunum sínum, Kúbanska, Havana og Romm Tomm Tomm. Flott tónlist spiluð af sannfæringu. Hljóðfæraleikurinn var fyrsta flokks, en gítarleikarinn Ómar Guðjónsson var fremstur meðal jafningja – plokkaði af innlifun og lét vaða á súðum í sólóunum.

Eftir smá hlé fóru meðlimir hljómsveitar Oumou Sangaré að tínast inn á sviðið. Tíu manns auk söngkonunnar sjálfrar. Hljóðfæraskipanin var sambland af hefðbundnum hljóðfærum (rafmagnsbassa, rafmagnsgítar, trommusetti) og afrískum hljóðfærum eins og kora, belgfiðlu, flautu og ýmsum ásláttarhljóðfærum. Ég verð að viðurkenna að ég þekkti ekkert til Oumou þegar koma hennar var boðuð á Vorblótið. Maður þarf hins vegar ekki að skoða sig lengi um á netinu til þess að sjá að þarna er stórstjarna á ferðinni.

Tónlist Oumou er kennd við Wassoulou-landshlutann á Malí. Hún er bræðingur af þjóðlegri afrískri tónlist og vestrænni; einhvers konar afrískt fönk með óvenjulegum hryn og hljóðheimi. Það var strax ljóst að þarna var hörkuband á ferðinni. Oumou hefur mikinn sviðsþokka. Hún söng með sínum frægu tilþrifum og dansaði og hoppaði á sviðinu. Hún stjórnaði hljómsveitinni og gaf meðlimunum stundum merki, einum í senn, um að stíga fram og sýna listir sínar. Og það gerðu þeir. Undir kraumaði hnausþykkt grúvið.

Stemningin á tónleikunum fór stigvaxandi. Tónleikagestir voru flestir farnir að dilla sér og dansa með þegar á leið og í lokin var allt á suðupunkti: Hljómsveitin á útopnu í dáleiðandi takti og Oumou og bakraddasönkonurnar tvær skiptust á um að sýna listir sínar í villtum dansi á miðju sviðinu. Magnað.

Á heildina litið voru þetta frábærir tónleikar sem skilja mann eftir þyrstan í meira.

Trausti Júlíusson

TÓNLEIKAR
Oumou Sangaré
Vorblót á Nasa 17. maí
★★★★
Malíska stórstjarnan Oumou Sangaré brást ekki á Nasa á fimmtudagskvöldið. Hún mætti með tíu manna sveit og náði upp mikilli stemningu.

Síðustu tónar Kristalsins í ár

Síðustu tónleikar Kristalsins, kammertónleikaraðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, á þessu starfsári verða haldnir í Listasafni Íslands í dag þegar allir málmblásarar Sinfóníuhljómsveitarinnar leika saman ásamt tveimur slagverksleikurum. Á efnisskránni eru meðal annars verk Modests Mússorgskíj, Myndir á sýningu, í útsetningu fyrir málmblásarasveit eftir Elgar Howarth, sem og verk eftir Pablo Casalas og Henri Tomas.

Hljómsveitarstjóri á tónleikunum er Anthony Plog en hann hefur starfað jöfnum höndum við tónsmíðar og hljómsveitarstjórn og er mjög virtur á sínu sviði. Lengi vel sérhæfði hann sig í tónsmíðum fyrir blásturshljóðfæri og hefur hlotið fjöldann allan af viðurkenningum fyrir framlag sitt.

Myndir á sýningu hefur lengi vel verið eitt vinsælasta verk Mússorgskíjs. Verkið er upphaflega samið fyrir píanó en Maurice Ravel útsetti það fyrir hljómsveit. Meðal þeirra sem hafa spreytt sig á verkefninu er Vladimir Ashkenazy.

Tónleikarnir verða sem fyrr segir haldnir í Listasafni Íslands og hefjast klukkan 17.00. Miðaverð er 1.500 krónur.

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRÍMSSON - höf. og leikari Benedikt Erlingsson
mi 16/5 aukasýning kl 16 laus sæti, kl 20 uppselt, fö 25/5 kl. 20 laus sæti, fö. 1/6 uppselt, lau. 2/6 uppselt, lau 9/6. kl. 15 uppselt, lau 9/6 kl. 20 Örfá sæti, fö 15/6 kl. 20, mi 20/6 kl 20, fö 29/6 kl. 20
MÝRAMAÐURINN - höf. og leikari Gísli Einarsson
Fö 18/5 örfá sæti, fi. 7/6, fö 8/6 örfá sæti, fi 14/6, - síðasta sýning
SVONA ERU MENN - höf. og flytjendur KK og Einar Kárason
su 20/5 kl. 20, lau 26/5, su 3/6 kl. 20, su 10/6 kl. 20, lau 16/6 kl. 20, fö 22/6 kl. 20, lau 23/6 kl. 20 síðasta sýning
Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Atli Heimir heimsækir Laugaborg

Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari, Anna Guðný Guðmundsdóttir pianóleikari og Atli Heimir Sveinsson flytja tónverk fyrir einleiksflautu og flautu og píanó í félagsheimilinu Laugaborg í Eyjafjarðarsveit í dag klukkan 15.00. Tónleikarnir eru hluti af Listahátíð Reykjavíkur.

Á tónleikunum verða meðal annars flutt verkin Xanties fyrir flautu og píanó (1975), Lethe, fyrir einleiksaltflautu (1987), Tvær tónamínútur fyrir einleiksflautu (1998) og Sónata fyrir flautu og píanó (2005).

Atli Heimir Sveinsson hefur verið leiðandi afl í íslensku tónlistarlífi í áratugi og samið fjölda tónverka. Verk fyrir flautu eru áberandi á verkaskrá hans, enda gjörþekkir hann hljóðfærið, möguleika þess og takmarkanir.

ATLI HEIMIR SVEINSSON Tónskáldið heimsækir Laugaborg í Eyjafjarðarsveit og heldur tónleika þar ásamt Áshildi Haraldsdóttur flautuleikara og Önnu Guðnýju Guðmundsdóttir pianóleikara.

Margt á seyði á Seyðisfirði

Listahátíðin Á Seyði hefst í dag. Hátíðin, sem hefur verið haldin á Seyðisfirði í rúman áratug, hefur verið mikil lyftistöng fyrir menningarlíf bæjarins. Það hefur eflst mikið á þessum tíma og Seyðisfjörður er orðinn eitt af helstu menningarplássum landins.

„Hátíðin er eins konar regnhlíf yfir alls konar menningarviðburði sem eru haldnir á Seyðisfirði yfir sumartímann," segir Helgi Örn Pétursson, verslunareigandi og annar sýningarstjóri Vesturveggsins í Skaftfelli. „Það verða sýningar í Skaftfelli í allt sumar, Lunga, listahátíð ungs fólks á Austfjörðum sem hefur verið haldin hér síðustu ár og margt fleira."

Tvær listasýningar verða opnaðar í Menningarmiðstöðinni Skaftfelli í tilefni hátíðarinnar. Listamennirnir Finnur Arnar, Jón Garðar Henrísson og Þórarinn Blöndal opna sýninguna Angur:blíða í sýningarrýminu á efri hæðinni. Þessi sýning er óbeint framhald sýningarinnar Far:angur sem þeir héldu saman á Akureyri í fyrra.

SÝNINGARSTÓRINN Helgi Örn Pétursson hefur veg og vanda að sýningunni.

Á neðri hæð Skaftfells í „Bistroinu" er svo verið að fara af stað með nýja sýningaröð.

„Við erum að fá listamenn sem vinna bæði við myndlist og tónlist. Þeir sem ríða á vaðið eru Sigtryggur Berg Sigmarsson og Helgi Þórsson. Þeir hafa getið sér gott orð bæði í myndlist og sem hljómsveitin Stilluppsteypa."

Sýning þeirra nefnist Óli Gunnar Seyðisfjörður og byggir á ímyndaða fréttaritaranum Óla Gunnari. Sýningarnar standa til 14. júní.

Þeir munu einnig halda tónleika í Skaftfelli kl. 22 í kvöld undir merkjum Evil Madness. Sú hljómsveit er samstarfsverkefni þeirra tveggja, Jóhanns Jóhannssonar, DJ Musician, BJ Nilsen og Curvers.

SÝNA Í SKAFTFELLI Finnur Arnar, Jón Garðar Henrísson, Helgi Þórsson, Þórarinn Blöndal og Sigtryggur Berg Sigmarsson opna sýningu í Menningarmiðstöðinni Skaftfelli.

Dagskráin hefst kl. 14.00 og kvennakórinn Léttsveit Reykjavíkur mun syngja nokkur lög við opnun hátíðarinnar.

NÝJAR BÆKUR

Bittu slaufur, Einar Áskell eftir Gunillu Bergström er komin út að nýju í sígildri þýðingu Sigrúnar Árnadóttur. Mál og menning gefur út. Einar Áskell er búinn að læra að binda slaufur. Það finnst honum gaman. Pabba finnst það líka gaman. Núna þarf hann ekki lengur að hnýta skóreimarnar fyrir Einar Áskel. Einar Áskell er duglegur að binda – rosalega duglegur! En er hægt að vera of duglegur að binda slaufur? Bækurnar um Einar Áskel hafa verið í uppáhaldi hjá íslenskum bókaormum og foreldrum þeirra um árabil, eða síðan fyrsta bókin um hann kom út í íslenskri þýðingu Sigrúnar Árnadóttur árið 1980.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

16 17 18 **19** 20 21 22

Laugardagur

TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Síðustu tónleikar starfsársins í kammertónleikaröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands, **Kristalnum** svokallaða, verða haldnir í Listasafni Íslands í dag en þá munu allir málmblásarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands leika saman ásamt tveimur slagverksmönnum. Á efnisskránni eru meðal annars verk **Modest Mússorskíjs**; Myndir á sýningu; í útsetningu fyrir málmblásarasveit eftir Elgar Howarth. Hljómsveitarstjóri í tónleikunum er Anthony Plog. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.00 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

☐ 21.00 **Goran Bregovic** og Wedding and Funeral Band frá Júgóslavíu halda tónleikana **Fjör fyrir brúðkaup og jarðafarir** í Laugardalshöll í kvöld. Miðaverð er 4.900 krónur á B-svæði en 5.900 á A-svæði.

OPNANIR

☐ 14.00 **Unnar Örn J. Auðarson** og **Davíð Örn Halldórsson** opna í dag einkasýningu í Safni, samtímalistasafni. Sýning Unnars ber nafnið Yfirborðssafnið og stendur til 20. október 2007. Sýning Davíðs heitir Quatro Pop og stendur til 1. júlí.

☐ 15.00 Sýningin **Leiðin á milli** verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands. Að þessu sinni sýna þrjár listakonur sem kenna sig við Andrá, þær **Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir** og **Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá**. Þær vinna með þjóðararfinn og sækja á sýningunni innblástur í muni úr Þjóðminjasafninu. Fyrir sýninguna hélt Andrárhópurinn meðal annars í könnunarleiðangur um geymslur safnsins og naut leiðsagnar starfsmanna.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Kvikmynd um ævi Coco Chanel er ráðgerð af leikstjóranum William Friedkin.
Tímaritið svala Zoo er með stóra grein um íslenska tísku í bígerð.
Pucci-tískuhúsið fagnar 60 ára afmæli núna um helgina í Florence.
Kate Moss loves Top Shop opnaði í gær í Smáralind. Eins gott að drífa sig!
Beyoncé Knowles er fyrirsætan fyrir nýja Armani-ilminn Diamonds.

still

utlit@frettabladid.is

Herralega reimaða skó frá Freelance. Fást í Gallerí Sautján.

OKKUR LANGAR Í ...

Gleraugu fyrir alvöru stjörnu í anda Catherine Deneuve. Frá Spúútnik.

Sumarlega tösku með nægu plássi. Frá Freelance, fæst í Gallerí Sautján.

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

Stjörnur, sandur og brjóst

Eina ferðina enn munu blöð fyllast af myndum af fögru fólki á rauða dreglinum því nú er Cannes hátíðin byrjuð. Nú herja ljósmyndarar með flass á stjörnurnar og á morgun birtast ummæli um hvort þær voru flottar eða hörmulegar og hver skandalíseraði mest. Persónulega leiðist mér að horfa á þessar síðkjólaathafnir. Mér leiðast reyndar síðir kjólar. Punktur. Skemmtilegra að sjá hver heldur þakkarræðuna á perunni eða hver missir brjóstið út úr kjólnum. Svoleiðis hlutir gerast auðvitað mun frekar í Frakklandi heldur en í Hollywood. Cannes er náttúrlega hátíð skandalanna og það verður skemmtilegt að sjá hvaða mynd gerir alveg út af við siðgæðisvitund fólks í ár. En auðvitað samþykki ég það að það eru hátíðir sem þessar sem geta hjálpað fatahönnuðum að komast á kortið, eða þá rústað ímynd þeirra gersamlega. Hjá Yves Saint-Laurent hefur hönnuðurinn Stefano Pilati til dæmis náð föstu kjólasambandi við leikkonur eins og Tildu Swinton, Julianne Moore og Kristinu Scott Thomas, sem eru nú allar frekar þekktar fyrir „artí“ myndir, og heldur þar í ákveðna hefð eins og þegar Catherine Deneuve var aðalmúsa fyrirtækisins. Moschino vill helst klæða leikkonur sem eru minna frægar því eins og Ítalarnir vita þá er best að ná leikkonum sem yngstum og ferskustum því þá eru þær líklegri til þess að halda sig við hönnuðinn þegar aldurinn færist yfir eins og fyrrnefnd Deneuve. (Verð reyndar að viðurkenna að ég er með algjört æði fyrir Catherine Deneuve þessa dagana og er að uppgötva gamlar myndir með henni. Snilldin „Hunger“ þar sem hún leikur kynþokkafulla tvíkynhneigða blóðsugu er ákveðið tískulistaverk því þar sprangar hún um í dömulegum drögtum, hælaskóm og rauðum varalit með uppsett hár og sólgleraugu. Hver sagði að „eighties“ tískan þyrfti alltaf að vera hræðileg?) En, aftur að Cannes. Hlakka til að sjá myndir af svölum evrópskum stjörnum sem tekst alltaf að vera miklu smartari en þessar gervilegu Hollywood-pæjur. Mæta bara í svörtum kjól eða gallabuxum og greiða sér varla en leiftra af kynþokka. Hlakka líka til að sjá hvort Sophie Marceau missi aftur líkamsparta út úr kjólnum á rauða dreglinum.

SOPHIE MARCEAU OG BRJÓSTIÐ Á CANNES.

P.S. Mætti á opnun Kate Moss loves Top Shop á föstudagsmorgun. Var tíu mínútum of sein og skilst að ég hafi misst af flottustu fötunum því allt seldist á augabragði. En ég græddi samt vatnsflösku með Kate Moss utan á. Bíð spennt eftir hvað gerist þegar ég klára innihaldið.

GLAMÚR Á STRÖNDINA Sundbolur með belti.

SVART OG FJÓLUBLÁTT Sixtís kjóll með skemmtilegu mynstri.

SEXÍ STUTTBUXUR Mynstur sótt til þjóðbúninga.

Gucci breytir um stefnu

Bless bless glysrokk, halló hippatíminn. Hönnuðurinn Frida Giannini tók við af Tom Ford fyrir um ári síðan, og í sumar brá hún frá hinum þekkta Gucci-stíl þar sem þröng, dökk og rokkaraleg föt hafa verið í fyrirrúmi. Með strandlínunni sinni kom hún með afar kvenlega og afslappaða tísku sem minnti á hippatímabilið og var undir miklum áhrifum frá þjóðbúningum Evrópu. Stuttir kjólar með púffermum, sixtíslegir modkjólar í skærum litum og stuttbuxur voru sexí án þess að gefa of mikið í skyn. Giannini hefur sjálf kallað lúkkið „St. Tropez árið 1960,“ sem er bæði skemmtileg tilhugsun í okkar svala íslenska sumri og rímar vel við athygli heimsins sem beinist að ströndum Suður-Frakklands þessa dagana þegar Cannes hátíðin er í algleymingi. Við getum öll látið okkur dreyma um sól, sand og ... eitthvað fleira sem Gainsbourg söng á þessum árum. **- amb**

HIPPALEGUR Sumarlegur og þægilegur strandkjóll.

„SEVENTIES KÚL“ Blátt, brúnt og gult fyrir ofurtöffarana.

SIXTÍS ST. TROPEZ Eddi Barclay með partíhöld árið 67.

Ofurstílistinn Isabella Blow kveður

Síðastliðinn sunnudag lést ein frægasta tískudrottning heims, hin breska Isabella Blow, sem hefur verið talin ein sérvitrasta og framúrstefnulegasta konan innan tískuheimsins. Það var hún sem kom til dæmis Alexander McQueen, Philip Treacy, Stellu Tennant og Sophie Dahl á kortið og sat fremst á öllum tískusýningum um heim allan. Isabella Blow var aðalsborin og og flutti til New York ung að árum. Þar byrjaði hún að vinna hjá Guy Laroche en varð svo aðstoðarkona Önnu Wintour, ritstýru bandaríska Vogue. Tíu árum síðar flutti hún aftur til London og varð tískuritstjóri Tatler og Sunday Times Style blaðsins. Hún hóf farsælt samstarf með hattahönnuðinum Philip Treacy og eftir sú kynni birtist hún aldrei opinberlega án þess að bera brjálæðislegan hatt á höfðinu. Þegar hún var eitt sinn spurð í viðtali af hverju hún væri alltaf með hatt svaraði hún með sínum sérvitringslega hætti: „ Til þess að halda fólki í burtu frá mér. Fólk segir, „Má ég kyssa þig?“ Og ég svara „ Nei takk kærlega fyrir.“ Þess vegna er ég alltaf með hatt. Bless. Mig langar ekki til þess að allir kyssi mig. Bara fólkið sem ég elska.“ Isabella Blow var gift listabraskanum Dietmar Blow en þau eignuðust aldrei börn. Hún veiktist af krabbameini í legi fyrir rúmu ári síðan og hafði hrakað mikið undanfarið, en við krufningu uppgötvaðist að hún hafði kosið að binda enda á þjáningar sínar með illgresiseitri. Hennar var minnst í íburðarmikilli

jarðarför í London á fimmtudag þar sem hún var borin í glerkistu á hestvagni líkt og Mjallhvít í ævintýrinu. Mikið hefur verið fjallað um dauða hennar í bresku pressunni og fjöldi minningargreina hefur birst í virtum miðlum þar sem öllum ber saman um að hún skilji eftir sig mikið tómarúm á bresku tískusenunni. Eins og vinur hennar Philip Treacy skrifaði henni til minningar: „ Hún var hefðarborin en var pönkari í hjarta sínu.“

SEXÍ Glæsilegur kjóll úr þunnu prjónaefni.

SÆTUR A-sniðinn kjóll með breiðu belti.

www.uu.is



30. OKTÓBER–18. NÓVEMBER 2007

Hvítar strendur, kristaltær sjór, falleg kóralrif, regnskógar og ómótstæðileg náttúra er bara brotabrot af því sem bíður þín hinumegin á hnettinum. Spennandi stórborgir og áhugaverðar byggingar í bland við fjölbreytt mannlíf er meðal þess sem ber að líta í ferðinni sem hefst í Melbourne. Ferðin er farin á góðum tíma þegar ástralska vorið er að byrja og allt er í blóma. Hver dagur er ævintýri út af fyrir sig þar sem þú upplifir alltaf eitthvað nýtt, hvort sem það er heimsborgin Melbourne, afskekktasti bær veraldar Alice Spring, heilagur staður frumbyggjanna Ayers Rock eða hið eilífa óperuhús í Sydney.

Þóra Valsteinsdóttir er fararstjóri með áratuga reynslu. Hún mun leiða hópinn í gegnum ferðina eins og henni einni er lagið.

471.200 kr.
á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug, gisting með morgunverði, tveir kvöldverðir, akstur, aðgangseyrir á söfn, innanlandsflug í Ástralíu, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

MasterCard VISA

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

fjörið ... fólk

folk@frettabladid.is

Kassagítarmorðingjar og kvöldvökukóngar

„Ging gang gúllí gúllí...? Jájá við syngjum það meðal annars," segir Sigurður Úlfarsson, formaður Skátakórsins sem fagnar nú tíu ára afmæli sínu. Og efnir til stórtónleika í Grensáskirkju í dag klukkan 16 í dag. Stjórnandi kórsins er Margrét Sigurðardóttir.

Skátakórinn er þrjátíu manna, blandaður, meðlimir á aldrinum 25 til 70 ára og á efnisskránni eru íslensk þjóðlög, kórlög og ensk lög. Þó skátar séu, að sögn Sigurðar, frægir „kassagítarmorðingjar" og kvöldvökukóngar syngjandi í tíma og ótíma, eru skátakórar fremur sjaldgæft fyrirbæri.

„Já, við ætlum einmitt að hefja tónleikana á því að fá gesti til að syngja með. Skátar úr Kópavogi koma vopnaðir kassagíturum og efna til hópsöngs."

GING-GANG GÚLLÍ AÐ SJÁLFSÖGÐU Á EFNISSKRÁNNI Sigurður og nokkrir félagar úr Skátakórnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikið stendur til hjá skátum og Skátakórnum. Skátahreyfingin sjálf er hundrað ára um þessar mundir. Fyrir hundrað árum fór sjálfur Baden Powell í útilegu, og „the rest is history" eins og þar stendur. Til að fagna því verður alheimsmót skáta á Bretlandseyjum um mánaðamótin júlí/ágúst og þar verður skátakórinn að sjálfsögðu.

„Þarna verða um fjörutíu þúsund manns og þar af um fjögur til fimm hundruð Íslendingar. Við teljum að þarna fari einhver stærsti æskulýðshópur sem um getur," segir Sigurður hress og kátur. **- jbg**

AMERICAN IDOL Sjónvarpsþátturinn American Idol er einn sá vinsælasti hér á landi.

Úrslit Idol sýnd í beinni

Úrslitaþáttur American Idol verður í beinni útsendingu í fyrsta sinn á Stöð 2 næstkomandi miðvikudagskvöld.

„Það er orðin tímaskekkja að bjóða ekki upp á úrslitaþáttinn í beinni því það fer út um allt hver vinnur keppnina. Þess vegna vildum við koma til móts við áhorfendur Stöðvar 2 á þennan þátt," segir Skarphéðinn Guðmundsson, upplýsingafulltrúi hjá 365. „Í síðasta þætti voru 42 milljónir atkvæða greiddar, sem gefur eitthvað til kynna um stærðina á þessu. American Idol er langvinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum og ólíkt annars staðar í heiminum hefur hann orðið vinsælli og vinsælli með hverju árinu."

Allir sigurvegararnir í American Idol hafa komist á plötusamning og flestir hverjir náð miklum vinsældum. Verður því fróðlegt að sjá hver ber sigur úr býtum á miðvikudagskvöldið. **- fb**

Harry bannað að skemmta sér

Það er ekki hægt að segja að lífið leiki við Harry Bretaprins þessa dagana. Fyrr í vikunni var ákveðið að hann fengi ekki að fara til Íraks með herdeild sinni eins og hann óskaði. Nú hafa yfirmenn hersins bannað Harry að skemmta sér á næturklúbbum.

Harry prins hefur verið fyrirskipað að „halda sér á mottunni". Það eru bresk hermálayfirvöld sem skipa svo fyrir og Harry hefur lofað því að hlýða að þessu sinni. Fyrr í vikunni var ákveðið að prinsinn fengi ekki að fara á vígvöllinn í Írak eins og hann vildi. Nú telja yfirmenn hans Harry fyrir bestu að hann haldi sig frá næturklúbbum næsta hálfa árið eða svo, á meðan hersveit hans er í Írak. Ástæða þess er sú að það þykir ekki sæma að myndir birtist í dagblöðum af Harry að skemmta sér á nóttunni á meðan félagar hans eru í lífshættu á vígvellinum.

STYÐUR SINN MANN Chelsy Davy ætlar að eyða sumrinu með kærastanum.

Harry hefur verið fastagestur á heitustu klúbbunum í London en verður nú að láta af þeim heimsóknum í bili. Samkvæmt fréttum í breskum fjölmiðlum sættir Harry sig við þessa ákvörðun. Hann er eftir sem áður afar vonsvikinn yfir því að fá ekki að berjast í Írak og ekki bætir þetta úr sök. Harry finnst klúbbabannið þó skiljanlegt, öfugt við þá ákvörðun að hann þurfi að sitja heima.

Nú er unnið að því að finna Harry nýtt hlutverk í hernum á meðan hersveit hans er í Írak. Eitt af því sem þykir koma sterklega til greina er að hann verði færður í lífvarðasveit sem gætir drottningarinnar, ömmu hans. „Fyrst hann fær ekki að berjast er alveg eins gott að skella honum á hestbak og setja hann á vakt," sagði heimildarmaður The Sun í konungsfjölskyldunni.

Harry greyið hefur þó fengið gleðifréttir sem hjálpa honum að komast yfir þessi vonbrigði. Kærasta hans, hin 21 árs Chelsy Davy, hefur aflýst hluta af heimsreisu sinni til að vera með Harry. Hún átti að leggja af stað í lok mánaðarins en hefur í staðinn ákveðið að eyða sumrinu með Harry.

TVÖFÖLD VONBRIGÐI Harry Bretaprins fær ekki að fara til Íraks. Í ofanálag hefur honum verið bannað að stunda næturklúbba meðan hersveit hans er á vígvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Sumartískan
TAX FREE
15%
afsláttur
aðeins í 4 daga
18 - 21 maí

InWear
DESIGNERS REMIX COLLECTION
Matinique
SOAKED IN LUXURY
PART TWO
SAINT TROPEZ

COMPANYS
Kringlunni s.512 1766

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA

GARÐVÖRUR

7995 HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR

8995 HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR

BLACK & DECKER

2995 SLÁTTUORF 250W

BLACK & DECKER

8995 SLÁTTUORF 400W

19.990 SLÁTTUORF, BENSÍN

9990 LAUFSUGA

1995 ÚÐABRÚSI 5L

3895 ÚÐABRÚSI 16L

UPPSELT Í BILI

4990 HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR

2995 STUNGUSKÓFLA

995 GARÐHRÍFA

1999 GAFFALL

695 STRÁKÚSTUR

12.990 KEÐJUSÖG, RAFMAGNS

TILBOÐ!

BLACK & DECKER

10.995 SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS

199 GARÐHANSKAR

159 VINNUHANSKAR

5995 HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS

199 GARÐKLÓRA

199 GARÐSKÓFLA

19.990 KEÐJUSÖG, BENSÍN

690 GREINAKLIPPUR - 2 STK.

390 GREINAKLIPPUR

490 GRASKLIPPUR

1523 FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT M/ 4 TENGLUM

SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN ÝMSAR GERÐIR

790 SLÖNGUTENGJASETT - 4 HLUTIR

159 SLÖNGUTENGI

999 GARÐÚÐARI

9995 SLÖNGUKEFLI

1390 GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGJUM

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 12:00-16:00

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

Bylting á afmæli Tónlist.is

Heimasíðan Tónlist.is hefur verið endurbætt í tilefni af fjögurra ára afmæli sínu um síðustu mánaðamót. „Þetta hefur verið mjög ánægjulegt allt saman. Við höfum séð 100 prósenta aukningu milli ára," segir Stefán Hjörleifsson framkvæmdastjóri um framgang síðunnar.

Auk breytts útlits og auðveldara aðgengis felast helstu breytingarnar í því að höfundarréttarvörnin DRM, hefur verið tekin af lögunum sem eru til sölu, rétt eins og gert hefur verið með geisladiska. Verð á lögum verður áfram 99 krónur en verðlagningu hefur einnig verið breytt í þá veru að útgefendum gefst færi á að selja lög á öðru verði kjósi þeir svo. Einnig hefur síðunni verið breytt þannig að Macintosh-tölvur hafa nú fullan aðgang að henni. „Þetta er í raun og veru bylting, fyrir utan það að allt aðgengi er auðveldara því maður heyrði af fólki sem fannst þetta flókið. Það voru alls kyns takmarkanir og til dæmis var ekki hægt að hlaða niður heilli plötu í einu á einfaldan hátt," segir Stefán.

STEFÁN HJÖRLEIFSSON Þrjátíu þúsund manns eru skráðir notendur á Tónlist.is.

Um þrjátíu þúsund manns eru skráðir notendur á Tónlist.is og um fimm þúsund manns borga mánaðargjald og geta þannig hlaðið niður ótakmörkuðu magni af lögum.

Ekki er hægt að hlaða inn erlendri tónlist á síðunni en það stendur til bóta síðar á þessu ári eftir að samningar þess efnis verða komnir í höfn. - fb

Ragnar með bestu röddina

Mánaðarlangri tónleikaferð hljómsveitarinnar Sign um Bretland er nýlokið. Sveitin hitaði upp fyrir rokkarana í The Wildhearts á tónleikaferðinni og lét forsprakki söngvarinnar, Ginger, hafa eftir sér í blaðaviðtali að Ragnar Sólberg væri með bestu rödd sem hann hefði heyrt í rokkinu. Hefur hann hælt Sign í hástert bæði á tónleikunum og í viðtölum.

Dómur birtist um tónleika Sign í tímaritinu Kerrang! fyrir skömmu þar sem sagt var að Sign ætti framtíðina fyrir sér. „Við spiluðum fyrir fullu húsi á nítján tónleikum á 500 til 1.500 manna stöðum og fengum alls staðar mjög góð viðbrögð," segir trommarinn Egill Rafnsson.

Fyrirtækið Riot Promotions hefur boðið Sign í tíu daga tónleikaferðalag um Bretland í ágúst næstkomandi. Þetta verður í fyrsta skipti sem Sign verður aðalhljómsveitin og spilar hún á tvö til þrjú hundruð manna stöðum. Þá stefnir hljómsveitin á tónleika í Þýskalandi í september. Sign ætlar að taka upp ný lög í sumar og stefnir sveitin á útgáfu hér á landi í haust.

RAGNAR SÓLBERG Söngvari Sign fékk góða dóma hjá forsprakka hljómsveitarinnar The Wildhearts.

Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.
Bleksprautuprentarar, límmiðaprentarar, filmuprentarar, kassaprentarar, laserprentarar og miðaálímingavélar

Vélmark ehf.
upplýsingar í síma: 445-9930.

Spilar alla plötuna

Rokksveitin Future Future heldur sjón- og hljómlistarveislu í gallerí Kling og Bang í dag klukkan 17. Þar mun sveitin spila alla plötu sína, Insight, sem kom út seint á síðasta ári, í vel skreyttu umhverfi.

„Þetta er í rauninni það sem kemur í staðinn fyrir útgáfutónleika af því að við héldum enga slíka," segir Arnar Ingi Viðarsson, trommari Future Future. Hljómsveitin er að vinna að nýju efni um þessar mundir og eru tónleikarnir í dag hugsaðir sem lokahnykkurinn í því að kynna nýju plötuna. Í ágúst ætlar sveitin síðan að halda tónleika í Danmörku. Ókeypis er inn á tónleikana í Kling og Bang. - fb

FUTURE FUTURE Hljómsveitin Future

STERKARI STAÐA

MSc í fjármálum
Námið er sérsniðið að þörfum fjármálafyrirtækja og framsækinna alþjóðlegra fyrirtækja. Hægt er að velja á milli tveggja lína;

Investment Management (MSIM)
Ætlað þeim sem hyggjast starfa sem sérfræðingar á fjármálamarkaði, einkum við eignastýringu, markaðsviðskipti og fjárfestingar.

Corporate Finance
Hentar þeim sem vilja starfa sem fjármálastjórar eða stjórnendur fyrirtækja.

MSc í reikningshaldi og endurskoðun
Námið er ætlað þeim sem vilja verða löggiltir endurskoðendur, eða hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar á sviði reikningshalds. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir til ýmissa stjórnunarstarfa í atvinnulífinu, einkum hjá stórfyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi.

Meistaranám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er fjölbreytt og krefjandi nám sem opnar þér dyr að margvíslegum starfstækifærum og góðum launum.

Tæplega 60% allra stjórnenda íslenskra fjármálafyrirtækja eru helst að leita eftir vel menntuðu starfsfólki sem hefur sérhæft sig í fjármálum og reikningshaldi, samkvæmt nýlegri könnun Félags viðskipta- og hagfræðinga. Meistaranám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á nám í þessum greinum þar sem hæfustu sérfræðingar landsins leiðbeina á námskeiðum ásamt alþjóðlega viðurkenndum fræðimönnum frá Evrópu og Norður-Ameríku.

Markmið okkar er að útskrifaðir nemendur séu gerendur, greinendur og gagnrýnendur. Þessu markmiði náum við með jafnvægi milli hagnýtra og fræðilegra verkefna í náminu.

Það er opið fyrir umsóknir núna.
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

> Berglind aftur í Val

Berglind Íris Hansdóttir er gengin í raðir Vals á nýjan leik. Berglind hefur skrifað undir tveggja ára samning við Hlíðarendafélagið en hún lék með liðinu áður en hún hélt í víking til Danmerkur. Berglind lék með SK Århus en óskaði eftir því að fara frá liðinu þrátt fyrir að eiga eitt ár eftir af samningi sínum og varð danska liðið við þeirri ósk markmannsins. Berglind var valin íþróttamaður Vals árið 2004 og hefur sannað sig sem einn allra fremsti markmaður landsins og er Valsliðinu því mikill styrkur.

sport

sport@frettabladid.is

ÁRNI GAUTUR ARASON: HEFUR HAFIÐ VIÐRÆÐUR UM NÝJAN SAMNING VIÐ VÅLERENGA

Vålerenga vill halda Árna Gauti í sínum röðum

Forráðamenn norska úrvalsdeildarfélagsins Vålerenga tilkynntu landsliðsmarkverðinum Árna Gauti Arasyni að liðið vildi halda honum innan raða félagsins. Núverandi samningur hans við Vålerenga rennur út í haust.

Hann er þó sjálfur opinn fyrir öllum möguleikum. „Það er engin niðurstaða eftir fundi vikunnar. Við sögðumst ætla að ræðast við aftur á næstu vikum. En ég er frekar rólegur og liggur ekkert á, þannig séð. Ég ætla aðeins að bíða og sjá til," sagði Árni Gautur við Fréttablaðið í gær.

Hann þekkir vel til í Noregi og er að sama skapi vel þekktur knattspyrnumaður þar. Hann vann til fjöldamargra meistaratitla þegar hann lék með Rosenborg og svo var hann lykilmaður í meistaraliði Vålerenga árið 2005. Hann lék einnig til skamms tíma með Manchester City.

Hann segist vera opinn fyrir öllu, bæði að vera áfram í Vålerenga og einnig að prófa eitthvað nýtt.

„Mér líður vel hér en er til í að skoða aðra möguleika ef eitthvað spennandi verður í boði. Hvort sem það yrði í Noregi eða í öðru landi. Það getur líka vel verið að ég haldi áfram hér," sagði hann.

Aðspurður sagðist hann lítið hafa heyrt í öðrum liðum, alla vega ekkert sem hann hefur sjálfur viljað fylgja eftir.

Fyrir skemmstu var Árni Gautur valinn besti útlendingur sem leikið hefur í norsku úrvalsdeildinni frá upphafi af einu stórblaðanna í Noregi. Hann hefur átt fast sæti í liði Vålerenga allan sinn tíma þar þrátt fyrir að almennt sé talið að besti varamarkvörður deildarinnar, Øyvind Bolthof, sé í félaginu.

Árni Gautur missti af hluta undirbúningstímabilsins og því var talið að Bolthof ætti meiri möguleika á byrjunarliðssæti í upphafi tímabilsins. Hins vegar sýndi Árni Gautur hvers hann er megnugur er hann stóð vaktina í marki Íslands gegn Spáni á Mallorca í mars síðastliðnum. Síðan þá hefur hann ekki misst úr eina mínútu í deildinni með Vålerenga.

EGGERT Vonast til að binda enda á söguna endalausu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eggert Magnússon:

Ósáttur við Sheffield Utd.

FÓTBOLTI Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, er ósáttur við þær aðferðir sem Sheffield United beitir en félagið leitar nú allra leiða til að sleppa við fall. United vonast eftir því að West Ham verði kært á nýjan leik fyrir að standa ólöglega að kaupunum á Carlos Tevez og Javier Mascherano. Hamrarnir fengu 5,5 milljóna punda sekt fyrir athæfið en engin stig voru tekin af þeim og héldu þeir sér þar með naumlega uppi á kostnað Sheffield.

„Mér finnst ýmislegt sem sagt hefur verið um þennan frábæra klúbb vera óréttlætanlegt. Frá mínu sjónarhorni séð voru bæði Tevez og Mascherano skráðir löglega. Það þarf ekkert að deila um þetta. Margt hefur verið skrifað um málið til að koma á okkur höggi en það eru allir sammála um þetta, meðal annars FIFA og stjórn ensku úrvalsdeildarinnar," sagði Eggert. **- hþh**

TEVEZ Hélt West Ham nánast uppi einn síns liðs. NORDICPHOTOS/GETTY

Carlos Tevez fer frá West Ham:

Mig langar að breyta til

FÓTBOLTI Argentínumanninn Carlos Tevez langar að breyta til og fara frá West Ham. Þessi snjalli sóknarmaður var besti leikmaður Hamranna á tímabilinu en hann sagði á blaðamannafundi í heimalandi sínu í gær að hann langaði til að ganga til liðs við „risa í Evrópufótboltanum", en Tevez hefur meðal annars verið orðaður við Real Madrid. „Ég veit ekkert um áhuga Real Madrid en ef það er orðrómur í gangi hlýtur að vera eitthvað til í þessu," sagði Tevez.

„Spænsku og ítölsku liðin eru ekki búin að spila í deildunum og ensku liðin eiga enn eftir að spila úrslitaleiki og því eru þau líklega ekki að hugsa um leikmannakaup. Hvað sem líður ræður West Ham ferðinni en ég held að það sé tími til að fara í nýtt lið," sagði Argentínumaðurinn. - hþh

Roland áfram í Stjörnunni

Það er mikið um að vera í leikmannamálum Stjörnunnar þessar vikurnar. Að minnsta kosti sex leikmenn eru á leið í félagið auk þess sem Patrekur Jóhannesson spilar áfram með liðinu. Tite Kalandadze og tveir aðrir eru á leið burt.

HANDBOLTI Roland Valur Eradze hefur samþykkt að leika áfram í Stjörnunni, næsta tímabil að minnsta kosti. Samningur hans við félagið rann út í vor en nú stefnir í að nýr samningur verði undirritaður á næstu dögum.

„Það á enn eftir að ganga frá nokkrum lausum endum en ég mun spila í Stjörnunni á næsta ári, það er rétt," sagði Roland við Fréttablaðið í gær.

Það er mikið um að vera í leikmannamálum Stjörnunnar þessar vikurnar en í gær var staðfest að þeir Guðlaugur Arnarsson, Heimir Örn Árnason og Hlynur Morthens ganga til liðs við félagið og spila með því næstu tvö árin.

Þá hefur Patrekur Jóhannesson samþykkt að spila áfram með liðinu og Kristján Halldórsson verður áfram þjálfari þess.

Þorsteinn Johnsen, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær. Enn fremur sagði hann ekki frágengið að Björgvin Hólmgeirsson myndi semja við Stjörnuna.

„Það er hins vegar klárt að þrír aðrir leikmenn munu ganga til liðs við félagið og verður greint frá því í næstu viku hverjir það eru," sagði Þorsteinn.

Björn Óli Guðmundsson og Tite Kalandadze verða ekki áfram hjá Stjörnunni og þá hefur hornamaðurinn Elías Már Halldórsson samið við þýska 2. deildarliðið HC Empor Rostock.

Það er ljóst að lið Stjörnunnar verður afar vel mannað á næstu leiktíð og mun án vafa gera tilkall til Íslandsmeistaratitilsins.

Sem fyrr segir hefur Hlynur Morthens markvörður gengið til liðs við Stjörnuna en hann og Roland munu deila markvarðarstöðunni.

ROLAND VALUR Hefur staðið sig vel í vetur með Stjörnunni þrátt fyrir að hafa verið meiddur lengst af á tímabilinu. Hér er hann með bikarinn eftir sigur í úrslitaleik bikarkeppninnar gegn Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Mér líst vel á að fá Hlyn til Stjörnunnar. Hann er góður markvörður og við munum verða vinir, ekki mótherjar, enda erum við í sama liðinu. Það verður einhver góð lausn fundin á þessu," sagði Roland.

Meiðsli hafa hrjáð hann ítrekað undanfarin ár og spilaði hann síðustu þrjá mánuði leiktíðarinnar meiddur í baki og öxl. Hann hefur þó ekki gefið landsliðið upp á bátinn.

„Það hefur nú enginn haft samband við mig frá landsliðinu en ég er fyrst og fremst að hugsa um að ná mér góðum af mínum meiðslum. Það mun hafast með góðum og réttum æfingum. En ef kallið kæmi frá landsliðsþjálfaranum myndi ég gera allt sem í mínu valdi stæði til að láta það ganga upp." **eirikur@frettabladid.is**

Björgvin Hólmgeirrson er á leiðinni frá uppeldisfélagi sínu ÍR í Breiðholti:

Það er ótrúlega erfitt að fara frá ÍR

HANDBOLTI Efnilegasti handknattleiksmaður landsins, Björgin Hólmgeirsson, mun fara frá uppeldisfélagi sínu ÍR á næstu dögum. Björgin hefur verið í viðræðum við nokkur lið en svo virðist vera sem Stjarnan leiði kapphlaupið um Björgin sem hefur einnig rætt við Hauka. Björgvin vildi ekki staðfesta að um Stjörnuna væri að ræða en sagði að málið myndi skýrast fljótlega. Hann staðfesti þó að hann væri búinn að taka ákvörðun um hvar hann muni spila næstu árin. Björgin er samningsbundinn ÍR til 1. júní.

„Mig langar ekkert að fara frá ÍR en eins og staðan er núna er best fyrir mig að fara. Það er ótrúlega erfitt, erfiðara en margur heldur. Allir vinir mínir eru þarna sem ég hef þekkt alla ævi. Félagið er frábært og pabbi minn [Hólmgeir Einarsson] hefur gert frábæra hluti þarna auk þess sem systkini mín og mamma mín hafa verið hjá ÍR," sagði Björgin við Fréttablaðið í gær en bróðir hans, atvinnumaðurinn Einar Hólmgeirsson sem spilar með Großwallstadt, er Björgvini innan handar.

„Við tölum mikið saman og hann hjálpar mér mikið," sagði Björgvin um bróður sinn en atvinnumennskan er einnig mjög ofarlega í huga hinnar nítján ára gömlu skyttu. „Ég hef stefnt að atvinnumennskunni frá því síðan ég man eftir mér. Það er draumurinn að vinna við eitthvað sem manni finnst gaman að gera. Ég stefni á atvinnumennskuna eftir nokkur ár en ég er ekkert að flýta mér," sagði Björgin Hólmgeirsson sem skoraði 145 mörk í 21 leik fyrir ÍR á tímabilinu. **- hþh**

EFNILEGASTUR Björgin átti gott tímabil með ÍR og var valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar í lokahófi HSÍ á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

STEFÁN Er hér í baráttu við Zlatan Ibrahimovic í landsleik. NORDIC PHOTOS/AFP

Stefán Gíslason:

Horfir spenntur til Englands

FÓTBOLTI Stefán Gíslason segist vera spenntur fyrir því að prófa nýja hluti. Stefán er á mála hjá Lyn í Noregi en hann verður samningslaus í árslok. Hann horfir til þess að færa sig út fyrir Skandinavíu með England sem sinn fyrsta kost.

„Það eru þreifingar í gangi en það er ekkert öruggt ennþá. Það verður spennandi að sjá hvað gerist í félagaskiptaglugganum í júlí en hversu auðveldlega Lyn sleppir mér fer eftir gengi liðsins. Þeir hafa líka sagt mér að fari ég myndu þeir helst ekki vilja selja mig innan Noregs," sagði Stefán við Fréttablaðið í gær.

„Ef það býðst eitthvað spennandi væri gaman að breyta til. Ég er kominn með fjölskyldu og því yrði þetta stór ákvörðun en að sjálfsögðu horfi ég til Englands. Ef eitthvað slíkt myndi bjóðast yrði það frábært," sagði Stefán. - hþh

ÁSGEIR Hér til hægri í leik með Stuttgart gegn Hamborg. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Ásgeir Sigurvinsson spenntur:

Stuttgart getur orðið meistari

FÓTBOLTI Stuttgart getur í dag tryggt sér þýska meistaratitilinn með því að ná jafntefli á heimavelli gegn Energie Cottbus í dag er lokaumferðin fer fram.

Ásgeir Sigurvinsson lék með liðinu árið 1984 er liðið varð meistari og Eyjólfur Sverrisson átta árum síðar við sama tilefni. Þá starfaði Ásgeir hjá félaginu.

„Ég verð nú því miður ekki á staðnum en mun fylgjast með leiknum," sagði Ásgeir sem fylgist ávallt vel með sínum mönnum. „Svo eru bikarúrslitin framundan þannig að þetta gæti orðið tvöfalt hjá okkur. Það hefur aldrei áður gerst."

Ásgeir er bjartsýnn fyrir lokaumferðina. „Ég held að þetta geti hreinlega ekki klikkað. Liðinu hefur gengið vel að undanförnu og komið bakdyramegin að toppsætinu. Fyrir tímabilið bjóst enginn við því að liðið væri meistaraefni." **- esá**

20-30% afsláttur

Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgar-svæðinu og á Akureyri

25% AFSLÁTTUR

Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

TILBOÐ 74.900kr
Verð áður 99.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

27% AFSLÁTTUR

Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- Hitaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

TILBOÐ 109.900kr
Verð áður 149.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

24% AFSLÁTTUR

Sterling 1104

- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- 1Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbygður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 cm / 7" hjól

TILBOÐ 18.999kr
Verð áður 24.999,-

27% AFSLÁTTUR

Sterling 1716

- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ rafeinda kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhalda-krókum

TILBOÐ 21.999kr
Verð áður 29.999,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

20% AFSLÁTTUR

BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000 BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Snúnings grillteinn
- Rafeinda kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

TILBOÐ 39.999kr
Verð áður 49.990,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

30% AFSLÁTTUR

Sterling 2584

- 13.2kW / 50.000BTU Dual-H brennarar úr ryðfríu stáli
- Porselín húðaðar járngrindur
- Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Lineral Flow™ gasventlar
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ rafeinda kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með innbyggðum áhaldabökkum
- 2 stór 18 cm hjól með gúmmí dekk
- 6,4 cm læsanleg hjól

TILBOÐ 29.999kr
Verð áður 42.999,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir til 21. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SKORAÐI SIGURMARKIÐ Veigar Páll tryggði Stabæk sigur gegn Odd Grenland á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Einkunnagjöfin í Noregi:

Veigar fær góða dóma í Noregi

FÓTBOLTI Sjöunda umferð norsku úrvalsdeildarinnar fór öll fram á miðvikudaginn, þjóðhátíðardag Noregs. Átta Íslendingar af þeim fjórtán sem leika í deildinni komu við sögu í leikjunum en af þeim fékk Veigar Páll Gunnarsson langhæstu meðaleinkunn frá fjóru stærstu fjölmiðlum landsins.

Hann skoraði sigurmarkið í 1-0 sigri Stabæk á Odd Grenland á heimavelli og fékk þrjár sexur og eina sjöu fyrir. Kristján Örn Sigurðsson fékk verstu dómana fyrir frammistöðu sína í 2-2 jafnteflisleik Brann og Fredrikstad, fjóra fjarka.

Veigar Páll var valinn í lið umferðarinnar hjá Aftonbladet.

- esá

EINKUNNIRNAR

Nafn	VG	N.	Aft.	Db.	m.e.
Veigar Páll	6	7	6	6	6,3
Árni Gautur	5	5	5	5	5,0
Hannes Þ.	6	6	4	4	5,0
Haraldur Fr.	5	6	4	5	5,0
Stefán	6	5	5	4	5,0
Jóhannes	4	5	5	4	4,5
Ólafur Örn	5	5	3	4	4,3
Kristján Örn	4	4	4	4	4,0

ALEXANDER Er á leið til eins besta félagsliðs í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ

Alexander Petersson:

Semur við stórliðið Flensburg

HANDBOLTI Hornamaðurinn knái Alexander Petersson er á leiðinni til Flensburg. Íþróttadeild Stöðvar 2 og Sýnar hefur þetta eftir heimildum sínum og ku þýska stórveldið hafa lagt mikið á sig til að fá Alexander lausan undan samningi sínum. Alexander leikur nú með Grosswallstadt en var áður á mála hjá Düsseldorf.

Alexander hefur átt gott tímabil með Grosswallstadt auk þess sem hann vakti mikla athygli með frábærri frammistöðu á heimsmeistaramótinu sem fór fram í Þýskalandi í janúar. Anders Dahl Nielsen mun taka við sem framkvæmdastjóri hjá Flensburg í sumar en hann gat ekki tjáð sig um málið þegar falast var eftir því í gær. Búist er við að tilkynnt verði um félagaskiptin í næstu viku.

Flensburg er í þriðja sæti þýsku deildarinnar og tapaði nýverið fyrir Kiel í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

Ekki náðist í Alexander vegna málsins í gær. **- hþh**

Úrslitaleikur ensku bikarkeppninnar snýr aftur á nýjan og endurbættan Wembley-leikvang:

Bretarnir kvarta yfir bjórverðinu á Wembley

FÓTBOLTI Nýr og glæsilegur Wembley-leikvangur tekur á móti leikmönnum Manchester United og Chelsea. Sjö ár eru síðan úrslitaleikur ensku bikarkeppninnar fór síðast fram á Wembley.

Knattspyrnustjörnur sem hafa mótað sögu ensku bikarkeppninnar síðastliðin fimmtíu ár munu taka þátt í athöfn fyrir leikinn. Vilhjálmur Bretaprins verður heiðursgestur á leiknum sem sýndur verður í beinni útsendingu um allan heim. Flugvélar munu einnig fljúga yfir leikvanginn og þetta verður mikil skrautsýning.

Þrátt fyrir glæsilega umgjörð eru ekki allir áhorfendur beint sáttir við verðlagninguna á vellinum sem er í hærri kantinum. Bjórglasið kostar til að mynda 560 krónur sem er verð sem Íslendingar þekkja vel en fellur illa í kramið hjá Bretunum.

Hamborgaramáltíð kostar síðan 1.000 krónur. Miðaverðið á leikinn var einnig óvenju hátt. **- hbg**

GLÆSILEGT MANNVIRKI Hinn nýi Wembley er mikið og glæsilegt mannvirki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Draumaúrslitaleikur á Wembley

Manchester United og Chelsea mætast í úrslitum ensku bikarkeppninnar í dag á nýjum og glæsilegum Wembley-leikvangi. Enski bikarinn er eini bikarinn sem José Mourinho hefur ekki unnið með Chelsea á Englandi og leikmenn Chelsea munu leggja allt í sölurnar til að koma í veg fyrir tvöfaldan sigur United.

FÓTBOLTI Úrslitaleikurinn í frægustu og elstu bikarkeppni heims fer fram í dag. Þá mætast ensku stórliðin Manchester United og Chelsea í draumaúrslitaleik knattspyrnuunnenda en þessi tvö lið eru klárlega þau sterkustu í enska boltanum í dag.

Manchester United verður tvöfaldur meistari með sigri en liðið varð enskur meistari á dögunum. Síðasta liðið til að vinna tvöfalt var Chelsea árið 2000 en þá var einmitt leikið í síðasta skipti á hinum gamla Wembley-leikvangi. José Mourinho hefur ekki enn tekist að stýra Chelsea til sigurs í ensku bikarkeppninni. Liðið vann deildarbikarinn fyrr í vetur en Chelsea vill meira en þann bikar.

Það eru mikil meiðsli í herbúðum Chelsea og Mourinho hefur aðeins úr fimmtán leikmönnum að velja að því er Sky-fréttastofan greinir frá. Meðal þeirra sem eru frá vegna meiðsla eru Andriy Shevchenko, Michael Ballack og Ricardo Carvalho. Fastlega er búist við því að Michael Essien leiki í miðvarðarstöðunni við hlið Johns Terry. Ashley Cole, Arjen Robben og John Obi Mikel eru síðan tæpir vegna meiðsla.

Meiðslavandræði eru eitthvað sem lið Man. Utd þekkir ákaflega vel. United verður án Gary Neville og Louis Saha. Ryan Giggs verður því fyrirliði en hann getur orðið enskur bikarmeistari í fimmta skiptið á ferlinum.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, óttast að tapa aftur úrslitaleik í vítaspyrnukeppni en fyrir tveim árum varð United fyrsta liðið til þess að tapa úrslitaleik í vítaspyrnukeppni gegn Arsenal.

„Við þekkið mína sögu í vítaspyrnukeppnum. Hún er hræðileg. Vonandi fer þessi leikur ekki í vítaspyrnukeppni," sagði Ferguson. Patrick Vieira skoraði úr sigurspyrnunni fyrir Arsenal í leik sem United átti frá upphafi til enda. Úrslitaleikurinn í fyrra fór einnig í vítaspyrnukeppni en þá vann Liverpool sigur á West Ham.

José Mourinho, stjóri Chelsea, segist hlakka til leiksins sem verður án vafa mikill viðburður.

„Nú er það undir leikmönnum, stjórunum og dómurum að sjá til þess að leikurinn verði íþróttaviðburður sem munað verði eftir. Staðreyndin er sú að þetta er á Wembley og þó svo að það séu 90 þúsund áhorfendur á leiknum þá er ég viss um að það hefði auðveldlega verið hægt að selja 180 þúsund miða. Það væri stórkostlegt að vinna þennan leik. Sigur hér mun þó ekki verða til þess að við gleymum því hvað gerðist á þessari leiktíð. Við höfum verið á eftir þessum titli samt og ég hef sagt frá fyrsta degi að Wembley sé staður sem ég hafði viljað koma á," sagði Mourinho.

Það hefur talsvert verið talað um dómgæslu í aðdraganda leiksins og Mourinho hefur talað um að leikaraskapur gæti eyðilagt leikinn. Það verður því pressa á Steve Bennett dómara.

„Það eru snjallir leikmenn á vellinum sem gera sér mat úr snertingum og gera starf dómarans erfitt," sagði Bennett sem er að dæma sinn fyrsta úrslitaleik. Mourinho bætti við: „Ég yrði mjög svekktur ef einhverjir leikmenn fara að kasta sér niður til að fá andstæðing af velli.

henry@frettabladid.is

FORINGJAR Þeir José Mourinho, stjóri Chelsea, og Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, stíga enn einn dansinn á Wembley í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Nemanja Vidic hafði miklar áhyggjur í upphafi ferilsins hjá Manchester United:

Ég hélt ég ætti enga framtíð hér

FÓTBOLTI Nemanja Vidic óttaðist um framtíð sína hjá Manchester United eftir afleita byrjun hjá félaginu. Vidic kom til United í janúar í fyrra og átti í erfiðleikum með að aðlagast lífinu á Englandi. Nú kveður við annan tón og Vidic var lykilmaður í Englandsmeistaraliði United.

„Fyrsti mánuðirnir á Englandi voru mér mjög erfiðir og satt best að segja taldi ég að ég ætti mér enga framtíð á Englandi. Fótboltinn er allt öðruvísi hér og mér leið ekki vel fyrst um sinn," sagði Vidic.

„Það var ekki það að ég væri hræddur, heldur missti ég alveg sjálfstraustið á þessum erfiðu tímum og ég var að klúðra einföldustu hlutum í hverjum leik. Það var eins og ég hefði glatað öllum hæfileikum," sagði Serbinn. Betri tímar tóku þó fljótlega við.

„Leikmenn þurfa að vera sterkir andlega til að spila í svona stórum klúbbi og ég fór að öðlast meira sjálfstraust. Ég hafði fullan stuðning þjálfaraliðsins og það skipti mig öllu máli. Ef það hefði ekki gerst hefði allt orðið mun erfiðara," sagði Vidic sem verður væntanlega á sínum stað í vörninni við hlið Rios Ferdinand í bikarúrslitaleiknum gegn Chelsea í dag. **- hþh**



GÓÐIR SAMAN Vidic og Ferdinand hafa verið þéttir fyrir í hjarta Manchester United varnarinnar allt tímabilið. NORDIC PHOTOS/GETTY

TONI Hefur skorað 16 mörk í Serie-A á tímabilinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Luca Toni:

Þarf að fara í uppskurð

FÓTBOLTI Luca Toni hefur að öllum líkindum spilað sinn síðasta leik fyrir Fiorentina. Þessi sterki sóknarmaður hefur ekki spilað síðan í aprílmánuði en hann hefur átt í þrálátum vandræðum með vinstri fótinn og nú er komið í ljós að hann þarf að fara í uppskurð. Hann missir því af tveimur síðustu umferðum deildarinnar á Ítalíu.

Miklar líkur eru taldar á því að Toni semji við Bayern München í sumar en þýska félagið hefur staðfest áhuga sinn á þessum þrítuga sóknarmanni sem hefur verið iðinn við kolann með Fiorentina á tímabilinu. - hþh

Sundance® Spas

- til að lágmarka fyrirhöfn
og hámarka ánægju

FOSS

Vatnið býður upp á róandi sjónrænan þátt. Bættu við hljóðinu af vatni sem flæðir blíðlega úr fossinum. Þegar dimmir er hægt að njóta litaðra ljósa sem dansa í vatninu.

NUDDKERFI

Einstök meðferðarnuddstöð fyrir háls, axlir og bak. Kraftmikið og áhrifaríkt djúpvefjanudd. Auðvelt að stilla nuddkraftinn.

LÓFANUDD

Þegar búið er að færa sig á milli allra nuddstöðva í pottinum er líkaminn endurnærður. Meira að segja lófar og úlnliðir eru ekki undanskildir.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Nýjasta línan af Sundance Spas heilsunuddpottum er komin í hús - komdu og kynntu þér málið.

Sundance heilsunuddpottarnir stuðla að náttúrulegri slökun til að hjálpa þér að öðlast góðan nætursvefn.

www.sundancespas.com

Hannaðu heimilið með Tengi

Opið:

Virka daga	08-18
Laugardaga	10-15

TENGI

Smiðjuvegur 76	Kópavogur	Sími 414 1000	tengi.is
Baldursnes 6	Akureyri	Sími 414 1050	

LJUNGBERG Hefur átt velgengni að fagna hjá Arsenal. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmannamál Arsenal:

Ljungberg fer hvergi

FÓTBOLTI Umboðsmaður Svíans Freddies Ljungberg sagði í gær að hann væri ekki á leið frá félaginu eins og greint hefur verið frá í vikunni. Því hefur verið haldið fram að Arsene Wenger ætli að losa sig við ellefu leikmenn fyrir næsta tímabil.

„Ég get staðfest að upplýsingarnar séu rangar. Freddie vill vera áfram hjá Arsenal og félagið vill halda honum," sagði umboðsmaðurinn.

Meðal þeirra sem eru sagðir á förum eru Philippe Senderos, Jeremie Aliadiere, Jose Antonio Reyes og Julio Baptista. **- esá**

VALTUR Í SESSI Næsta víst þykir að Capello þurfi að taka pokann sinn í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

Framtíð Fabio Capello:

Enn í óvissu

FÓTBOLTI Fabio Capello hefur tímabilið til að bjarga starfi sínu hjá Real Madrid. Predrag Mijatovic, yfirmaður íþróttamála hjá spænska stórveldinu, neitaði að segja nokkuð um framtíð stjórans á blaðamannafundi í gær og rennir það frekari stoðum undir þær fregni að hann verði rekinn í sumar.

Eftir dapra spilamennsku og slæm úrslit er Capello undir gríðarlegri pressu en hann á enn möguleika á að halda starfinu vinni hann spænsku deildina. Real er á toppi deildarinnar þegar fjórar umferðir eru eftir en Bernd Schuster, stjóri Getafe, er talinn líklegastur til að taka við af Capello. **- hþh**

Detroit Pistons er komið í úrslit Austurstrandarinnar í NBA-deildinni í körfubolta:

Chicago Bulls játaði sig loks sigrað

NBA Detroit Pistons tryggði sér sæti í úrslitum Austurdeildar NBA í fyrrinótt með 95-85 sigri á Chicago Bulls. Detroit komst í 3-0 í einvíginu. Bulls gáfust ekki upp, unnu næstu tvo leiki og því var spennan rafmögnuð í Detroit þar sem pressan á heimamönnum var mikil. Ekkert lið í NBA hefur tapað sjö leikja viðureign eftir að hafa komist 3-0 yfir og það breyttist ekki þar sem Detroit fór með sigur af hólmi og verður nú í fimmta sinn í röð í úrslitum Austurdeildarinnar.

Leikurinn var kaflaskiptur en gestirnir í Chicago leiddu allan fyrri hálfleik. Eftir að hafa verið 48-43 undir í hálfleik tóku leikmenn Detroit sig saman í andlitinu og komust yfir í þriðja leikhluta sem þeir unnu með tíu stigum. Chicago náði sér síðan aldrei á strik í fjórða og síðasta leikhlutanum og þægilegur tíu stiga sigur Detroit var staðreynd.

TVÖ STIG Gamla kempan Chris Webber setur niður tvö stig í leiknum í fyrrinótt. NORDICPHOTOS/GETTY

„Það kom ekki til greina að tapa fyrir framan okkar eigin áhangendur. Við vissum að við þyrftum að leggja okkur alla fram í þessum leik til að ná sigri," sagði Richard Hamilton eftir leikinn og félagi hans Tayshaun Prince tók í svipaðan streng. „Við töluðum aldrei um að það kæmi til leiks númer sjö. Við vildum virkilega sýna hvað í okkur býr í þessum leik."

Hamilton var stigahæstur heimamanna með 23 stig en Chauncey Billups skoraði 21. P.J. Brown setti 20 stig fyrir Chicago og Ben Gordon skoraði 19.

Detroit mætir annaðhvort New Jersey Nets eða Cleveland Cavaliers í úrslitunum. **- hþh**

NESTA Bindur saman vörn AC Milan. NORDICPHOTOS/GETTY

Alessandro Nesta:

Framlengir hjá AC Milan

FÓTBOLTI Alessandro Nesta hefur framlengt samning sinn við AC Milan til ársins 2011. Þessi sterki varnarmaður átti aðeins eitt ár eftir af samningi sínum og var hann sterklega orðaður við sitt gamla félag Lazio. Nesta er 31 árs gamall og ætlar sér að vera út ferilinn hjá Mílanóliðinu. **- hþh**

Valsstelpur geta stefnt á metsumar

Landsbankadeild kvenna hefst í kvöld með þremur leikjum. Valskonur unnu tvöfalt í fyrra og hafa bætt við sig sterkum leikmönnum. Fyrir vikið ætti Valur að vera komið með eitt allra sterkasta lið allra tíma.

FÓTBOLTI Valsstúlkur áttu frábært tímabil í fyrra og unnu bæði Íslandsmótið og bikarkeppnina. Það er ekki auðvelt að sjá hvernig þær geta toppað síðasta sumar en Fréttablaðið hefur fundið krefjandi markmið fyrir hið gríðarsterka Valslið í sumar.

Þegar Margrét Lára Viðarsdóttir yfirgaf Valsliðið í haust þá styrkti Hlíðarendaliðið sig með tveimur af betri leikmönnum deildarinnar, öðrum markahæsta leikmanni hennar, Nínu Ósk Kristinsdóttur hjá Keflavík og Vanju Stefanovic sem hefur spilað með KR (2005) og Breiðabliki (2006) síðustu ár. Auk þessa gekk sóknarmaðurinn Sif Atladóttir til liðs við liðið en hún hefur síðan blómstrað í stöðu hægri bakvarðar. Það var því ljóst að um leið og Margrét Lára sneri aftur var saman komið eitt allra sterkasta íslenska kvennalið allra tíma enda voru átta leikmenn liðsins valdar í átján manna landsliðshóp á dögunum. Valsliðið er frábært sóknarlið sem sést ekki síst á því að tveir af öflugustu sóknarmönnum þess eru bakverðirnir Sif Atladóttir og Guðný Óðinsdóttir. Með besta leikmann deildarinnar á skotskónum stendur síðan ekkert í vegi fyrir að liðið stefni á öll markametin í efstu deild kvenna.

Valsstúlkur hafa ekki varið einn stóran titil af þeim fjórum sem liðið hefur unnið á þessari öld og það er því stórt markmið fyrir þær að mæta til leiks með pressuna á sér og vinna báða titlana sem liðið vann í fyrra. Það hefur ekkert lið unnið tvöfalt tvö ár í röð í 24 ár eða síðan Blikastúlkur gerðu það þrjú ár í röð 1981 til 1983. Síðan þá hafa 9 lið unnið tvöfalt en engu þeirra tekist að verja báða titlana árið eftir.

FJÖRKÁLFAR Valsstúlkur hafa skemmt knattspyrnuunnendum með frábærum leik og ekki síður skemmtilegum fögnum. Þær verða eflaust jafn skemmtilegar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valsliðið skoraði 87 mörk í 13 leikjum í fyrra og bætti markamet KR frá 2002 um fjögur mörk. Valsliðið hefði getað bætt metið enn frekar en þar sem FH gaf síðasta leikinn var liðið skráð hafa unnið leikinn 3-0. Markatala Valsliðsins telst því hafa verið 90-8. Það ætti að vera spennandi fyrir Valsstúlkur að verða fyrsta liðið til þess að skora 100 deildarmörk á einu sumri en til þess þurfa þær að skora 6,3 mörk að meðaltali í leik en skoruðu 6,7 mörk að meðaltali síðasta sumar.

Það hafa aðeins tvö lið náð fullu húsi í efstu deild kvenna síðan hún innihélt fyrst 8 lið árið 1985, Breiðablik 1996 og KR árið eftir. Valssliðið getur bætt stigametið því liðið fær 16 leiki til þess að ná þessum 42 stigum. Vinni Valsliðið alla leiki sína fær það alls 48 stig og bætir stigametið um sex stig.

Margrét Lára Viðarsdóttir bætti í fyrra 25 ára markamet Ástu B. Gunnlaugsdóttur um tvö mörk þrátt fyrir að leika aðeins 13 leiki á tímabilinu. Margrét Lára fær tækifæri til að bæta metið enn frekar í sumar þar sem hvert lið spilar nú 16 leiki vegna fjölgun liða í deildinni og markadrottningin magnaða fær því þremur leikjum fleira en síðasta sumar.

Það hefur ekkert lið verið með betri markatölu en Valsstúlkur sumarið 2006 en þær skoruðu þá 82 fleiri mörk en þær fengu á sig og bættu met KR-liðsins frá sumrinu 2002.

Fyrstu mótherjar Valsliðsins er Stjarnan og fer leikurinn fram á Valbjarnarvellinum í kvöld.

ooj@frettabladid.is

Hvert í hoppandi

Enn ein stöðin opnar hjá Orkunni

og nú á Akranesi

Frá klukkan 10 í dag verða hoppukastalar við Orkustöðina og svo bjóðum við Akurnesingum og öðrum gestum út að **borða í hádeginu kl. 12-13**. Lifandi tónlist. Hljómsveitir frá Akranesi og Reykjavík leika fyrir hátíðargesti. Við hvetjum alla til að hlusta á beina útsendingu frá **Reykjavík 101,5** sem verður með beina útsendingu frá opnunarhátíðinni. **Sendingartíðnin á Akranesi er 96,2.**

Blandi í poka fyrir alla

Haukur og Ingvar Vikings

Grillað verð á Miklubraut

Í tilefni opnunar Orkustöðvarinnar á Akranesi, verður blásið í verðlúðra á stöðinni við Miklabraut Suður. Verðið lækkar og vertinn í sjoppunni verður á grillinu.

REYKJAVÍK FM101.5

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

dagskrá

WILL FERRELL
Will var ráðinn í þættina Saturday Night Live árið 1995 og fyrsta veturinn þótti hann hörmulegur. Það leið þó ekki á löngu þar til hann var orðinn vinsælasti leikari sem nokkru sinni hefur leikið í þáttunum og einn fárra sem hlotið hefur Emmy-tilnefningu. Will leikur í Kicking and Screaming á Stöð 2 kl. 20.25.

VIÐ TÆKIÐ MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR ER „BEFORE AND AFTER“ FÍKILL

Undraverður árangur á fjörutíu mínútum

Eitt af því sem ég hef alltaf haft sérlega gaman af er hið svokallaða „fyrir og eftir“ þema og umbreytingar af hvaða tagi sem er hafa alltaf höfðað sterklega til mín, svo lengi sem þær eru til hins betra. Fyrir fólk eins og mig eru því góðir tímar fyrir framan skjáinn þessi misserin því úrvalið af „fyrir og eftir“ er hreint sem aldrei fyrr.

Þar ber helst að nefna Queer eye for the straight guy, Extreme Makeover, (bæði Home Edition og útlits), What not to wear, Pimp my ride, Biggest looser, þættirnir með hinni smáu en knáu Dr. Gillian McKeith sem tekur miskunnarlaust til í eldhússkápum fólks og svo mætti lengi telja.

Breytingar til hins betra eru sannarlega málið hjá „fyrir og eftir“ fíklum á borð við sjálfa mig og að sama skapi þá eru breytingar til hins verra alveg hreint skelfilegar. Misheppnað „fyrir og eftir“ átak getur nánast valdið vægu áfalli hjá fólki eins og mér.

Því miður kemur slíkt oft og iðulega fyrir í þáttunum Extreme Makeover, í þeim tilfellum þegar karlar eru „teknir í gegn“. Einhvern veginn virðist framleiðendum þáttanna alltaf takast að umbreyta ágætis körlum í einhvers konar plast-brúnkukrems skrímsli með snjakahvítar tennur og ógnvekjandi bros. Brúnkukremsskrímsli sem fara stundum að gráta þegar þeir afhjúpa umbreytingarnar fyrir fjölskyldum sínum, ekki vegna þess að þeir sjá svo eftir því sem þeir gerðu, heldur vegna þess að þeir eru svo yfirmáta hamingjusamir með breytingarnar.

Þetta er samt eiginlega eini ókosturinn sem ég sé við „fyrir og eftir“ þætti því yfirleitt eru þeir hreint stórkostlegir. Ég þekki til dæmis marga sem hafa viðurkennt að hafa farið að gráta yfir Extreme Makeover-Home Edition. Fólki finnst nefnilega eitthvað svo fallegt að sjá fátæklinga fá nýtt og fallegt heimili með flatskjá og leðursófa. Sjálf held ég að helsta kikkið við „fyrir og eftir“ felist í því að sjá árangurinn af margra vikna puði blasa við á innan við klukkustund. Í hnotskurn kristallast þar það sem nútímamaðurinn elskar; „instant gratification“. Að uppskera án þess að leggja á sig erfiði. Sjá árangurinn strax. Það er málið!

EKKI MISSA AF

20.15 Tímaflakk SJÓNVARPIÐ

20.25 Kicking and Screaming STÖÐ 2

20.00 National Treasure STÖÐ 2 BÍÓ

21.00 Live From Abbey Road SIRKUS

21.50 The Dead Zone SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Gurra Grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Vinnuvélar 09.25 Leyniþátturinn 09.38 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.00 Latibær
10.25 Kastljós
11.00 14-2 e.
11.30 Fyrirheitna landið
13.10 Gullöld Egyptalands (1:3) e.
14.10 Martröð Darwins e.
16.00 Alþjóðlegt mót í lyftingum Beint.
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Vesturálman (14:22)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Fjölskylda mín (2:7)
20.15 Tímaflakk (2:13) (Doctor Who)
21.05 Bandarísk hljómkviða (An American Rhapsody) Ungversk stúlka reynir að fóta sig í tilverunni eftir að hún flyst til foreldra sinna í Bandaríkjunum. Meðal leikenda eru Scarlett Johansson, Nastassja Kinski og Tony Goldwyn.
22.55 Undankomuleiðin (One Way Out) Bandarísk bíómynd frá 2002. Lögga sem er haldin spilafíkn og skuldar stórfé er fengin til að segja manni til um hvernig hann á að myrða konuna sína. Meðal leikenda eru James Belushi, Jason Bateman. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.30 Ljóska í laganámi (Legally Blonde) e.
02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Triumph of Love
08.00 Shall We Dance?
10.00 Airheads
12.00 National Treasure
14.10 Triumph of Love
16.00 Shall We Dance?
18.00 Airheads
20.00 National Treasure
22.10 Kinsey Sönn saga um prófessor sem ölli straumhvörfum í Bandaríkjunum þegar hann gaf út bókina „Kynlífshegðun mannsins“. Bönnuð börnum.
00.00 The Last Minute
02.00 Dog Soldiers
04.00 Kinsey

STÖÐ 2

07.00 Ruff´s Patch 07.10 Barney 07.35 Blanche 07.45 Myrkfælnu draugarnir 08.20 Kalli kanína og félagar 08.30 Kalli kanína og félagar 09.15 Willoughby Drive 09.25 Bratz 09.45 A.T.O.M.
10.10 Princess Diaries 2: The Royal Engagement
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Bold and the Beautiful
14.10 Leitin að strákunum (5:9)
15.00 The New Adventures of Old Chr (11:13)
15.35 Man´s Work (1:15)
16.10 Ítalíuævintýri Jamie Olivers (3:6)
16.35 Whose Line Is it Anyway? 4
17.05 Sjálfstætt fólk
17.40 60 mínútur Fyrrum herþjálfi í uppreisnarher múslima vinnur nú með Bandaríkjastjórn til að koma í veg fyrir hryðuverkaárásir. 60 minutes segir sögu hans sem og sögu CNN fréttamannsins Lou Dobbs sem hefur unnið gegn ólöglegum innflytjendum.
18.30 Fréttir
19.00 Íþróttir og veður
19.05 Lottó
19.15 How I Met Your Mother(10:22)
19.35 Joey (16:22)
20:00 Stelpurnar (20:20)
20.25 Kicking and Screaming Bráðfyndin gamanmynd með Will Ferrell og Robert Duval í aðalhlutverkum. Phil Weston er mjög kappsamur maður sem tekur að sér að þjálfa fótboltalið krakka en það gengur ekki vandræðalaust fyrir sig. Leyfð öllum aldurshópum.
22.05 Collateral Hörkuspennandi mynd með þeim Tom Cruise og Jamie Fox í aðalhlutverki. Leigubílstjóri kemst í hann krappann þegar hann tekur leigumorðingja upp í bílinn. Stranglega bönnuð börnum.
00.05 Blind Date Ungur maður á stefnumót við stúlku. Hann hefur verið varaður við að hún þoli illa vín samt byrjar hann á því að bjóða henni kampavín. Aðalhlutverk: John Larroquette, Kim Basinger. Leyfð öllum aldurshópum.
01.40 Interstate 60
03.35 Malicious Intent (Civility)
05.00 How I Met Your Mother (10:22)
05.25 Stelpurnar (20:20)
05.50 Fréttir
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

17.15 Trading Spouses (19:22) (e) Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur.
18.00 Bestu Strákarnir (3:50) (e)
18.30 Fréttir
19.10 American Inventor (8:15) (e)
20.05 Joan of Arcadia (6:22) Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Tánningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy-verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu dramaþættina.
21.00 Live From Abbey Road (3:12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru: Josh Groban, Massive Attack, Iron Maiden, Muse, Red Hot Chili Peppers, Jamiroquai, Damien Rice, Richard Ashcroft, Gipsy Kings, Norah Jones og Paul Simon.
22.00 Leitin að strákunum (5:9) Leitin að Strákunum er alíslenskur og ofurraunverulegur skemmtiþáttur sem gengur út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar.
22.45 Beach Girls (3:6) (e) Sumarið 1985 eru þrjár táningsstelpur samankomnar á strönd þar sem þær sverja þess eið um að verða vinkonur að eilífu. En tímarnir eru breyttir. Rúmum tveimur áratugum síðar er líf einnar í molum, önnur á við drykkjuvandamál að stríða og sú þriðja er nýlátin í hörmulegu slysi.
23.35 Night Stalker (2:10) (e)
00.20 Gene Simmons: Family Jewels (11:13) (e)
00.45 Supernatural (14:22) (e)
01.30 Joan of Arcadia (6:22) (e)
02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

09.45 Vörutorg
10.45 One Tree Hill - Marabon (e)
16.00 Psych (e)
16.50 Fyrstu skrefin (e)
17.20 Survivor: Fiji (e)
19.10 Game tíví (e)
19.40 Everybody Hates Chris (e)
20.10 World's Most Amazing Videos (9:26) Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd.
21.00 Stargate SG-1 Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið“ sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.
21.50 The Dead Zone (6:12) Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun.
22.40 Hack (9:18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri.
23.30 House (e)
00.20 Kidnapped (e)
01.10 The L Word (e)
02.00 Fyndnasti maður Íslands - bestu brotin (e)
03.00 Tvöfaldur Jay Leno (e)
04.40 Vörutorg
05.40 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

12.00 Þrumuskot (e)
13.00 Þrumuskot (e)
14.00 Þrumuskot (e)
15.00 Þrumuskot (e)
16.00 Þrumuskot (e)
17.00 Þrumuskot (e)
18.00 Þrumuskot (e)
19.00 Þrumuskot (e)
20.00 Þrumuskot (e)
21.00 Þrumuskot (e)
22.00 Þrumuskot (e)
23.00 Þrumuskot (e)
00.00 Dagskrárlok



ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.05

Collateral

Hörkuspennandi mynd með Tom Cruise og Jamie Foxx í aðalhlutverkum. Leigubílstjórinn Max er ósáttur við starfið og telur sig því hafa dottið í lukkupottinn þegar farþegi býður honum háa upphæð fyrir að keyra sig um alla borg. Það renna þó tvær grímur á Max þegar hann uppgötvar að farþeginn er leigumorðingi.

▶ Við mælum með

BANDARÍSK HLJÓMKVIÐA

Sjónvarpið kl. 21.05

Bandarísk/ungversk bíómynd frá 2001. Ungversk stúlka reynir að fóta sig í tilverunni eftir að hún flyst til foreldra sinna í Bandaríkjunum en hún varð eftir í föðurlandinu þegar þau flúðu árið 1950. Leikstjóri er Éva Gárdos og meðal leikenda eru Scarlett Johansson, Nastassja Kinski og Tony Goldwyn.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Laugardagur til lukku
08.00 Morgunfréttir
08.05 Músík að morgni dags
09.03 Út um græna grundu
10.15 Krossgötur
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Laugardagsþátturinn
14.00 Leitin að eldsneytinu
14.40 Dostojevskí
15.30 Með laugardagskaffinu
16.10 Orð skulu standa
17.05 Fimm fjórðu
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Laumuspil
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Kringum kvöldið
19.30 Stefnumót
20.10 Sögur af sjó og landi
21.05 Pipar og salt
23.10 Danslög
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

07.15 PGA Tour 2007 - Highlights
08.10 Það helsta í PGA mótaröðinni
08.40 NBA - Úrslitakeppnin (NBA 2006/2007 - Playoff games)
10.40 Bestu bikarmörkin (FA Cup Greatest Goals 1)
11.35 Bestu bikarmörkin (FA Cup Greatest Goals 2)
12.30 FA Cup - Preview Show 2007
13.00 FA Cup 2006 (Chelsea - Man. Utd) Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.
16.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
16.55 Landsbankamörkin 2007
17.25 Spænski boltinn - upphitun
17.50 Spænski boltinn
19.50 Spænski boltinn
21.50 FA Cup 2006 (Chelsea - Man. Utd) Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.
23:50 Box - Oscar De La Hoya vs. Fl
01:00 Box - Jermaine Taylor - Cory Sprinks

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.50 Frikvarter **7.10** Dragejægerne **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Ungdomsprogram **9.30** Viften **10.00** TV Avisen **10.05** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2007 **13.30** Kærlighedens stemme **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Kaj og Andrea - og peberkagerne **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt med VM i floorball for kvinder **17.30** Når orangutangen går på barsel **18.00** Affæren i Mølleby **19.30** Miss Marple: Nemesis **21.00** Cirkusrevyen 2006 **22.00** Conviction **22.45** Boogie Listen **5.30** Gurli Gris **5.35** Zoe Kezako **5.50** Trolderi

NRK 1

6.00 Mikkes klubbhus **6.30** Ørnulf, ørnen med høydeskrekk **6.55** Skrimmel Skrammel **7.25** De tre vennene og Jerry **7.45** Kåri og Børni **8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Liga **8.45** Fabrikken **9.10** Newton **9.40** Creature Comforts: hvordan har vi det? **9.50** Norske filmminner: Bare et liv - Historien om Fridtjof Nansen **11.15** Hjarte i Afrika **12.00** En italiensk designer **13.00** Giro d'Italia **15.30** Solens mat **16.00** Skrimmel Skrammel **16.25** En gul en og en grønn en **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** 'Allo, 'Allo! **18.30** Wesenlund er gull i grunn **19.30** Kingdom **20.15** Fakta på lørdag: Milliardærenes våte drømmer **21.05** Sykkelkveld fra Italia **21.15** Kveldsnytt **21.30** Den franske løytnantens kvinne **5.30** Stå opp! **5.31** Den lille røde traktoren **5.40** Lisa **5.50** Teddy og Annie **6.00** Kalle og Molo

SVT 1

6.00 BoliBompa **6.01** Meckar-Micke **6.15** Simskola **6.20** Zoé Kézako **6.35** I Mumindalen **7.00** Karamelli **7.30** Sagoträdet **7.45** Amigo **8.10** Hjärnkontoret **8.25** Robins **8.55** Vädrets makter **9.25** Mitt i naturen **9.55** Plus **10.25** Anslagstavlan **12.00** Svenska slag **12.30** Hundkoll **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** En odödlig man **15.00** Saras kök **15.30** Extras **16.00** Disneydags **17.00** Rasmus på luffen **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Barnens Beppe **19.00** Brottskod: Försvunnen **19.45** Är skönhetsmedel bara en bluff? **20.35** Rapport **20.40** Michelangelos kod **22.25** Spider **0.00** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa

SIMPLY CLEVER
ŠKODA AUTO
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9062
Skoda Roomster
Kemur á óvart!

RÚM FYRIR MEIRA!

Við skorum á þig að koma og skoða nýjasta meðliminn í Skoda fjölskyldunni, Skoda Roomster. Roomster er snarpur og skemmtilegur bíll með ótrúlegt notagildi. Hönnunin, aðgengið og útsýnið gerir aksturinn að hreinni unun.

Roomster er flottur og hagkvæmur bíll fyrir nútímafjölskylduna

Verð frá 1.790.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

PERSÓNAN

Þórunn Sigurðardóttir

Aldur: 62
Starf: Listrænn stjórnandi Listahátíðar
Fjölskylda: Kvænt Stefáni Baldurssyni óperustjóra, eiga tvö börn.
Foreldrar: Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður og Unnur Kolbeinsdóttir kennari.
Búseta: Neðstaleiti í Reykjavík.
Stjörnumerki: Vogin.

Þórunn Sigurðardóttir er listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík sem stendur nú yfir og allt til 26. maí.

Groban með íslenska dömu upp á arminn

Tvennir tónleikar Josh Groban á þriðjudags-og miðvikudagskvöldinu þóttu heppnast með hreinum ágætum og féllu ófá tár yfir tilþrifum hans á sviðinu. Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Concert, sagði það hafa verið ótrúlega upplifun að horfa yfir salinn og sjá grátbólgin augu og klúta á lofti. „Hann og allir í kringum hann voru alveg ótrúlega ánægðir með ferðina og ég er búin að fá urmulinn allan af tölvupóst frá þeim þar sem þeir segja þetta hafa verið yndislega dvöl," segir Ísleifur sem var komin til Cannes til að skoða nýjustu myndirnar fyrir Græna ljósið.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu var haldið smá teiti fyrir Groban og fylgdarlið hans á skemmtistaðnum Rex í Austurstræti á miðvikudagskvöldinu. Fjöldi fólks lagði leið sína til að samgleðjast Groban yfir góðu gengi og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins naut Groban ekki síður mikillar kvenhylli þar en í Laugardalshöllinni. Og sneri víst ekki einn síns liðs aftur upp á hótelherbergið.

Sjónarvottar sáu Groban yfirgefa Rex síðla kvölds í fylgd með ungri ljóshærðri snót og keyrðu þau burt í glæsilegri Lexusbifreið sem beið söngvarans. Þá mun Groban hafa komið við á Vegamótum þar sem ófáar yngismeyjarnar létu mynda sig við hlið stórstjörnunnar. Og kunni hann því víst ákaflega vel og brosti sínu breiðasta. Groban lýsti því yfir í viðtali við Fréttablaðið ekki alls fyrir löngu að hann væri piparsveinn en hygðist koma sér upp fjölskyldu fyrr en síðar. Og hver veit nema næsti tengdasonur Íslands verði einmitt Groban.

Ísleifur segir að Groban hafi þegar lýst yfir áhuga sínum að koma aftur hingað til lands og endurtaka leikinn, slík hafi ánægjan verið með tónleikana. Og væntanlega teitið líka.

- fgg

ÍSLEIFUR Fylgdarlið söngvarans og Groban sjálfur héldu ekki vatni yfir ferðinni og vilja koma aftur hingað sem fyrst.



LÁRÉTT
2. báru að, 6. tveir eins, 8. belja, 9. forsögn, 11. frú, 12. mánuður, 14. til sölu, 16. býli, 17. temja, 18. mæleining, 20. tvíhljóði, 21. réttur.
LÓÐRÉTT
1. eldhúsáhald, 3. klafi, 4. skordýr, 5. dýrahljóð, 7. setja upp, 10. geislahjúpur, 13. vætla, 15. gort, 16. klæðalaus, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. komu, 6. nu, 8. kýr, 9. spá, 11. fr, 12. apríl, 14. fálur, 16. bæ, 17. aga, 18. erg, 20. au, 21. ragi.
LÓÐRÉTT: 1. ausa, 3. ok, 4. mýfluga, 5. urr, 7. upptæra, 10. ára, 13. ila, 15. raup, 16. ber, 19. gg.

EINAR BÁRÐARSON: STOFNAR NÝJAN STRÁKAKVARTETT

Umboðsmaður Íslands efnir til áheyrnarprófs

„Það eina sem ég get sagt á þessu stigi er að þetta er ekki „boyband". Ef kalla má þetta eitthvað er þetta strákakvartett eða sönghópur," segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands.

Einar situr ekki auðum höndum frekar en fyrri daginn og um mánaðamótin næstu hyggst hann efna til áheyrnarprófs. Hann er á höttunum eftir karlkyns söngvurum á aldrinum 18 til 35 ára. Hópinn hyggst hann láta syngja inn á plötu sem ráðgert er að komi út í haust og verður efni hennar einhvers konar blanda af klassískri, trúarlegri og dægurtónlist. Eitthvað í líkingu við Il Divo hópinn hugsanlega. Þá er hugmyndin að þegar stofnað hefur verið til sönghópsins muni hann koma fram við ýmis tækifæri. Einar ætlar með kvartettinn eins langt og hægt er og helst lengra.

Fastlega má gera ráð fyrir því að menn komi í hópum til að syngja fyrir Einar og hans fólk en þar fer fremst í flokki Kristjana Stefánsdóttir söngkennari. Þau tvö leiddu einmitt Jógvan Hansson til sigurs í X-Factor nú í vor. Þá væntanlega spillir ekki fyrir glæsilegur ferill og orðspor Einars á sviði umboðsmennsku en skjólstæðingur hans, Garðar Cortes, er nú að gera það gott á Bretlandseyjum sem og söngflokkurinn Nylon. Nú eru einmitt rétt liðin um þrjú ár síðan Einar boðaði til áheyrnaprufa á Nordica Hótel og bauð þangað stúlkum á aldrinum 18 til 25 ára. Þær komu í stórum hópum og úr því varð Nylon.

Aðspurður hvort ekki sé þá rökrétt að þessi kvartett heiti Bómull eða The Cotton Boys segir Einar það ólíklegt. „Neineinei, það er ekkert nafn komið ennþá enda ráð fyrir gert að ákveða allt slíkt í samráði við þá sem verða fyrir valinu."

Einar hefur engar áhyggjur af því að ekki sé úr nægu að moða. „Gríðarlega mikið er til á Íslandi af hæfileikaríkum söngvurum. Söngskóli Reykjavíkur, FÍH ... eru stútfullir af efnilegum söngvurum.

En menn skulu ekki miða sig eingöngu við þá sem hafa lært söng. Þarna eru fleiri atriði sem spila inn í. Við viljum fá sem flesta á prufuna. Allir sem telja sig geta sungið eiga að mæta."

Ekki hefur enn verið ákveðið hvar áheyrnarprófin fara fram en líklega verður það í húsakynnum FÍH þar sem Kristjana Stefánsdóttir heldur til. **jakob@frettabladid.is**

EINAR BÁRÐARSON Á skrifstofu sinni í London þaðan sem hann skipuleggur næstu skref í nýjum landvinningum.

NYLON-FLOKKURINN Afsprengi áheyrnarprófs sem Einar efndi til fyrir þremur árum. Nú er kominn tími á piltana.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sorg ríkir nú í bloggheimum, einkum og sér í lagi meðal klappliðsins á athugasemdakerfi sjónvarpsstjörnunnar **Sigmars Guðmundssonar**, sem hefur ákveðið að láta af bloggi í bili. Orðinn leiður á því en Sigmar hefur verið einhver allra vinsælasti bloggari landsins um langt skeið. Annar mikilvirkur bloggari hefur einnig lagt pennann á hilluna, nefnilega **Ómar R. Valdimarsson** kynningarfulltrúi. Hann stendur reyndar í málavafstri, hefur kært **Gauk Úlfarsson** fyrir að kalla sig „rasista" á sinni síðu. Og líklega talið í ljósi þess gáfulegast að halda sig til hlés. Reyndar voru þeir Sigmar og Ómar ofarlega á blaði í úttekt helgarblaðs Fréttablaðsins á vondum bloggurum og vill fólk þar meina að sú sé ástæða þess að þeir hafi nú dregið sig í hlé.

Götutónlistarmaðurinn **Jójó** komst heldur betur í feitt um síðustu helgi þegar hann var að spila í Kolaportinu. Jójó var rétt að telja í þegar hann var spurður að því hvort hann vildi leika í sjónvarpsauglýsingu. Því játti hann og áður en langt var liðið var götuspilarinn kominn með byssubelti um sig miðjan og í hlutverk ítalsks mafíósa. Auglýsingin var fyrir Freschetta pítsur og mun Jójó hafa hámað í sig minnst tíu pítsur á meðan á tökum stóð. Það hefur komið sér vel enda gefast ekki mörg tækifæri til að borða þegar götulistamaðurinn er að störfum. Það nýjasta mun þó vera að Jójó tekur að sér að spila í garðveislum enda fær hann þá nóg að borða.

- jbg/hdm

Tina Turner söng á Baugsdegi

„Hún var alveg geggjuð kellingin," segir söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir sem kom fram á Baugsdeginum í Mónakó ásamt stórsöngkonunni Tinu Turner. Starfsfólk Baugs fékk óvæntan glaðning á starfsdögum sínum í Mónakó þegar hin aldna söngkona Tina Turner steig þar á svið. Turner mætti með bakraddasöngkonur og dansara og söng hátt í tíu lög. Var henni ákaft fagnað. „Ég vil ekki vera að tjá mig mikið um þetta en get þó sagt að þetta var mjög gaman. Ég söng nú ekki með henni en fékk að heilsa henni baksviðs," segir Regína Ósk.

Fjölmörg skemmtiatriði voru í boði á lokakvöldi Baugsdagsins. Breskur kynnir sá um að halda gestum við efnið og auk Turner skemmti breskur búktalari svo eitthvað sé nefnt. Stefán Hilmarsson söng einnig fyrir gesti.

Baugsdagurinn stóð í þrjá daga, frá þriðjudegi til fimmtudags. Um er að ræða árlegan viðburð þar sem blandað er saman fræðslu og skemmtun fyrir starfsfólk Baugs á Íslandi og hæstráðendur í fyrirtækjum sem Baugur á hlut í úti í heimi. Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag söng Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, Bubbalagið Stál og hnífur fyrir sjálfan Simon Cowell í sérstökum X-Factor-þætti sem sýndur var í Mónakó. Þá var framleiddur sérstakur þáttur með stjörnunum úr Little Britain sem kallaðist Little Baugur.

- hdm

SÖNG FYRIR COWELL Jón Ásgeir Jóhannesson söng Stál og hníf fyrir Simon Cowell.

ÁNÆGÐ MEÐ TINU Regína Ósk var ánægð með Tinu Turner.

DROTTNINGIN SÖNG Tina Turner skemmti starfsfólki Baugs í Mónakó.
FRÉTTALAÐIÐ/GETTYIMAGES

STILLUM HITANN HÓFLEGA
Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið
www.stillumhitann.is

xelenta
Gjafavörur
Steinljós
Kristalljós
Marmarastyttur
Bronsstyttur
Tréstyttur
Skeifan 7 - Reykjavík
Sími: 553 2882

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Stangveiði-
sýning um helgina

Í tilefni af formlegri opnun stangveiðideildar Ellingsen helgina 19.–20. maí verðum við með frábær tilboð báða dagana. Við kynnum m.a. nýja fatalínu frá Loop og glænýjar stangir; Opti og Multi ásamt fisléttum og glæsilegum hjólum. Stangveiðideildin verður troðfull af nýjum vörum sem vert er að skoða. Glaðningur fyrir börnin. Verið velkomin!



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land

Opið laugard. 10–16 og sunnud. 12–16

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Himinn og haf/SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

visir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

Flókið kerfi

Ég verð að segja, að á kosningavökunni um liðna helgi og í kjölfar hennar, hvarflaði að mér nokkrum sinnum að íslenska kosningakerfið væri svo flókið og illskiljanlegt að líklega hefði horft til verulegra vandræða ef stærðfræðingarnir sem sömdu það hefðu ekki verið á landinu þegar kosið var.

SEGJUM sem svo að þeir hefðu verið úr símasambandi og ekki hefði verið búið að setja upp forritið til þess að reikna þetta allt saman áður. Hvað hefðu menn gert? „Uh, félagi," sé ég fyrir mér að virðulegur kjörstjórnarmaður hefði umlað. „Það voru að koma hérna tölur? Hvað eigum við að gera við þær?" „Nú ég veit það ekki," hefði þá einhver annar svarað. „Verðum við ekki bara að lesa þær upp og sjá hvað gerist? Svo tilkynnum við bara að einhverjir séu inni og einhverjir úti. Það tekur enginn eftir neinu."

ÉG sjálfur tók mér góðan tíma til þess að stúdera kosningalöggjöfina og reiknireglurnar í aðdraganda kosninganna og ég get svo sem sagt það, að eftir næturyfirlegu taldi ég mig skilja þetta. Aðeins hársbreidd munaði, þegar allt kom heim og saman í höfði mínu, að ég felldi tár yfir því sigurvirki talnanna sem þá blasti við mér kristaltært og fagurt. „Undur mannsandans," hugsaði ég með sjálfum mér einn við skrifborðið við föla lampabirtu. Kosningakerfið íslenska stóð mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum í eitt stórbrotið andartak og ég hélt uppveðraður til hvílu.

ÞAÐ urðu mér því talsverð vonbrigði verð ég að segja, þegar ég uppgötvaði daginn eftir að þegar ég ætlaði að útskýra kerfið fyrir vini mínum áhugasömum, tafsaði ég talsvert á staðreyndunum og umrætt samtal – sem ég hugðist nota til þess að slá mig til riddara – rann út í sandinn. Á kosninganótt reyndi ég líka vitaskuld í anda pólitíkusa að sannfæra sjálfan mig og aðra um að kosningakerfið lægi fyrir mér eins og opin bók og að sjálfsögðu væri ég sérfræðingur í því, nema hvað, enda frambjóðandi sjálfur og kandidat í svokallað jöfnunarþingsæti sem kallað er.

HÓFST þá rússibanareiðin. Inn á þing fór ég fjórum sinnum þá nóttina og út aftur. Upp úr miðnætti hafði ég gjörsamlega misst þráðinn og verð að játa að hið margbrotna íslenska kosningakerfi hafði á þeirri stundu farið þannig um sálartetur hins unga frambjóðanda að honum leið dálítið eins og honum hefði verið stungið inn í þvottavél á fullu spinni til þess eins að vera kippt þaðan út aftur ringluðum og ráðalausum, einu stóru spurningamerki í krumpuðum jakkafötum og með hárið út í loftið.

SVIPUR þeirra kollega minna sem eygðu von, þótt lítil væri í tilviki sumra, um jöfnunarþingsæti, bar vitni um þessa upplifun líka. Þegar þeir voru dregnir fram úr bælinu undir morgunsárið á vit mjög svo óvæntrar, en vissulega ánægulegrar, þingmennsku, fór undrunin ekki fram hjá neinum. „Ha, ég? Er það?" stundu menn efnislega og göptu. „Er ég orðinn þingmaður? Hvernig þá?"

Sumarið er tíminn...

995,-
SOMMAR lugt m/kubbakerti
H28 cm ýmsir litir **verð pr. stk.**

YUCCA planta
3 stofnar H130 cm **2.990,-**

890,-/stk.
ORKÍDEA planta
H55 cm ýmsir litir

SKINA ljósakrans Ø45 cm
ýmsar tegundir **2.995,-**

SOMMAR blómapottur
Ø20 H18 cm
ýmsir litir **495,-**

BLANKÖ svalaborð
L40xB60 cm
ýmsir litir **1.590,-**

595,-
SOMMAR hangandi
sprittkertastjaki
H27 cm ýmsir litir

SOMMAR skrautkerti m/bakka
4 stk. L8xB4 cm ýmsir litir **495,-**



SOMMAR löber
L140xB45 cm ýmsir litir **495,-**

SOMMAR karfa
L36xB24 cm ýmsir litir **695,-/stk.**

GRENÖ stólsessa
L50xB50xH14 cm **1.490,-**

ÄPPLARÖ stóll m/örmum
L62xB62xH82 cm
gegnheill akasíuviður **5.290,-**

ÄPPLARÖ bekkur
L117xB62xH80 cm **8.990,-**
ÄPPLARÖ felliborð
L140/260xB78xH72 cm **13.990,-**
gegnheill akasíuviður

ÄPPLARÖ hægindastóll
L80xB63xH103 cm
gegnheill akasíuviður **5.290,-**

450,-
SOMMAR hangandi sprittkertastjaki
Ø13 H12 cm ýmsir litir

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

195,-
IKEA Restaurant & Café

BBQ kjúklingalæri
með kúskús og steiktu grænmeti

490,-
IKEA Restaurant & Café

IKEA®

Opið virka daga	10.00 - 20.00
Opið laugardaga	10.00 - 18.00
Opið sunnudaga	12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2007